

**SKOÐUN** Kjósendur í dag vilja geta valið á milli margra flokka. 14



**MENNING** Feðgarnir Helgi og Snorri standa að þjóðlagahátíðinni Folk Festival. 24



**LÍFIÐ** Ásdís Rán kveður hvítvínið og kolvetnin í heilar fimm vikur. 26



**SPORT** Alfreð Gíslason á stórleik fyrir höndum í kvöld með liði sínu, Kiel. 30





SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
4. mars 2015
53. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## MARKAÐURINN



### Borgin vill bílaleigur

Avis mun opna bílaleigu í kjallara Höfðatorgs fyrir styttri ferðir starfsfólks fyrirtækja sem eru til húsa í byggingunni. Reykjavíkurborg er með til skoðunar hvernig útvíkka megi verkefnið og fjölga slíkum bílaleigum. „Við erum mjög spenntir fyrir þessari þróun,“ segir Dagur B. Eggertsson.

## FRÉTTIR

**Haförn í fjárhúsi** Bóndanum á Krossi í Berufirði brá í brún þegar hann rak augun í haförn sem flögraði um í fjárhúsinu. 2

**Tillaga um millidómstig** Nefnd um skipan og starfsemi dómstóla hefur skilað af sér til innanríkisráðherra. Lagt er til að tekið verði upp millidómstig. 6




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | SA | 11 |
| Akureyri | 0° | SSA | 8 |
| Egilsstaðir | 0° | SSA | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | SA | 12 |
| Reykjavík | 1° | SA | 16 |

**Stormur eða rok** Það verður hvasst á landinu í dag, fyrst SV-til en síðdegis einnig NA-lands. Snjókoma í fyrstu SV-til en síðar slydda og rigning SA-lands. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk




# Hótelherbergi betur nýtt en í Lundúnum

Nýting hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu var um 84% í fyrra. Betri nýting en í fjölsóttustu borgum Evrópu. Frá árinu 2010 hefur hótelherbergjum fjölgað um fimmtung en ferðamannafjöldi tvöfaldast. 700 ný herbergi tekin í rekstur á árinu.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Hótelnýting á höfuðborgarsvæðinu í fyrra var 84%, sem er betri nýting en í fjölsóttum borgum Evrópu, svo sem London, París, Berlín og Amsterdam. Þetta kemur fram í skýrslu greiningardeildar Íslandsbanka um stöðu ferðaþjónustunnar.

Þessi góða nýting hótelrýma á höfuðborgarsvæðinu skýrist að miklu leyti af því að frá árinu 2010 hefur hótelherbergjum á höfuðborgarsvæðinu aðeins fjölgað um 20 prósent á meðan ferðamönnum hefur fjölgað um 111%. Fjölgun hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu hefur því ekki fylgt fjölgun ferðamanna. „Með hliðsjón af því virðist fjölgun hótelherbergja hófleg,“ segir í skýrslu greiningardeildarinnar.

Um 700 ný hótelherbergi verða tekin í rekstur á þessu ári og segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka aðila í ferðaþjónustu, þessa aukningu réttlætanlega. „Greiningaraðilar hafa bent á að samhliða fjölgun hótelherbergja hefur nýtingarhlutfall aukist. Því er þessi fjölgun í takt við það. Mikilvægt er að byggt sé upp í línu við stefnu greinarinnar hvað varðar tegund vaxtar, við viljum fjölga verðmætum ferðamönnum og þá þarf uppbygging meðal annars gististaða að endurspegla það,“ segir Helga. Greiningardeild Íslandsbanka tekur í sama streng og segir að þrátt fyrir að hótelherbergjum fjölgi verulega á þessu ári sé spáð ríflega fimmtungs fjölgun ferðamanna til borgarinnar frá fyrra ári.

Ferðaþjónustan skilar mestum gjaldeyristekjum í þjóðarbúið. Í fyrra skilaði ferðaþjónustan rúmum 300 milljörðum í tekjur og er fyrsta atvinnugreinin sem rýfur þrjú hundruð milljarða múrinn. Til samanburðar skilaði sjávarútvegurinn í heild sinni ríflega 240 milljörðum í útflutningstekjur. - sa / sjá síðu 8




HOLUR MALBIK VIÐGERÐIR SKEMMDIR VEGIR, VEGUR, RAUÐARÁRSTÍGUR



LÖNG BIÐ Kviðslitnir bíða í sjö mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fleiri safnast á biðlista:

## Kviðslitnir bíða lengur en fyrr

**HEILBRIGÐISMÁL** „Einstaklingum á biðlista eftir aðgerð vegna kviðslits heldur áfram að fjölga,“ segir í nýrri samantekt Landlæknis um þróunina á biðlistum eftir læknisaðgerðum. Fram kemur að 53 voru á biðlista vegna kviðslits fyrir ári en að þeir séu nú orðnir 122. „Áætlaður biðtími á Landspítala hefur lengst að sama skapi og er nú 29 vikur en raunmeðalbiðtími þeirra sem fóru í aðgerð fyrstu tvo mánuði ársins reyndist vera 11 vikur,“ segir Landlæknir. - gar

Breytingar óhjákvæmilegar:

## Segir bankana vera of stóra

**UMRÆÐAN** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir breytingar á eignarhaldi bankanna óhjákvæmilegar. Hann segir eitt hundrað milljarða hagnað bankanna áminningu um að mistök hafi verið gerð við endurreisn bankakerfisins. „Vegna ákvarðana sem þá voru teknar er bankakerfið of stórt og ávinningur af endurmetnu lánasafni kemur að mestu leyti í hlut kröfuhafa Arion banka og Íslandsbanka en ekki ríkisins, sem þó bar áhættuna af endurreisninni,“ segir Sigmundur Davíð í grein í Fréttablaðinu í dag. - kóp / sjá síðu 15



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON


Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin
Engin venjuleg upplifun




Heimilistæki
ht.is


Dæmi um óafturkræfan skaða af óhefðbundnum lækningum:

# Sjúkdómar verða ólæknanlegir

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það eru örfá tilvik þar sem fólk hafnar hefðbundinni læknismeðferð við læknanlegum sjúkdómum sem urðu síðan ólæknanlegir fyrir vikið,“ segir Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala. Hann segir óhefðbundnar lækningar geta haft ófyrirsjáanlegar aukaverkanir.

Óhefðbundnar lækningar og varningur sem er ekki viðurkenndur til lækninga voru til umfjöllunar í Kastljósi RÚV í gærkvöldi. Í þættinum voru sýnd samskipti sölumanns og Guðjóns Sigurðssonar, formanns MND-félagsins á Íslandi. Sá sem Guðjón ræddi við reyndi að selja honum jónað vatn, jarðtengingaról og notaði pendúl til að greina hvernig stilla ætti orkuflæðið í líkamanum. Helga Vala Helgadóttir lögmaður fór fram á lögbann á sýningu Kastljósþáttar gærkvöldsins en henni var hafnað á sjöunda tímanum í gær.

Gunnar segir sjúklinga oft verða fyrir miklu áreiti, auk þess sem þeim sé gefin von um fyrirheit sem ekki er hægt að standa við. „Við þekkjum dæmi um að fólk sé að greiða yfir 100 þúsund krónur á mánuði fyrir óhefðbundnar læknismeðferðir sem er náttúrulega brjálæðislegt. Fólk er oft að eyða milljónum í eitthvað sem er síðan tilgangslaust. Fólk verður oft fyrir miklu áreiti, margir að hringja til að segja frá hinu og þessu og rökstyðja með reynslusögum sem er alltaf hæpið. Þetta truflar oft sjúklinga mikið. Þeim er gefin von um einhver fyrirheit sem ekki er hægt að standa við.“ fbj, kbg / sjá síðu 4



> **Þetta getur haft milliverkanir fyrir meðferð sjúklinga, aukið aukaverkanir og minnkað virkni krabbameinslyfjanna.**
>
> *Gunnar Björnsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítalanum.*




## SPURNING DAGSINS



Sigrún, er þetta barnaefni?

**„Þetta fjallar að minnsta kosti um barnaefni sem ekki fór til spillis.“**

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hefur gert sjónvarpsþáttaröð um margra barna mæður. Fyrsti þátturinn er á Stöð 2 í kvöld.

Tugir þingmanna fjarverandi þegar Benjamín Netanjahú ávarpaði Bandaríkjaþing:

# Segir kjarnorkukapphlaup vera yfirvofandi

**BANDARÍKIN** Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hóf ræðu sína á Bandaríkjaþingi í gær með því að segja að sér þætti leitt hve umdeild hún hafi orðið. Hann hafi alls ekki ætlað sér að vera „pólitískur“.

Síðan þakkaði hann Barack Obama Bandaríkjaforseta fyrir allt það „sem hann hefur gert fyrir Ísrael“.

Meginefni ræðunnar fór þó í að reyna að útskýra fyrir bandarískum þingmönnum hve mikil mistök það yrðu ef Bandaríkin gerðu samkomulag við Íran um kjarnorkumál.

„Þessi samningur mun ekki gera Íran að betra landi, heldur verra,“ sagði hann og fullyrti að í kjölfarið muni hefjast kjarnorkukapphlaup í Mið-Austurlöndum.

Hann talaði í tæpa klukkustund og hlaut langvarandi lófaklapp frá þingheimi þegar hann lauk máli sínu.

Tugir þingmanna voru fjarverandi, flestir þeirra demókratar, en aðstoðarmenn þingmanna voru hvattir til þess að setjast í auð sæti þannig að Netanjahú þyrfti ekki að horfa yfir hálftóman þingsal. Obama forseti mætti ekki heldur.

Þetta mun vera í þriðja sinn sem Netanjahú ávarpar Bandaríkjaþing, en til þessa hafði Winston Churchill, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, verið eini erlendi þjóðarleiðtoginn sem hafði orðið þess heiðurs aðnjótandi. - gb



**BENJAMÍN NETANJAHÚ** Varar bandaríska þingmenn við því að gera samninga við Íran um kjarnorkumál.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**MÓTMÆLI** Námsmenn í Egyptalandi hrópa slagorð með mótmælaspjöld á lofti.

Námsmenn í Egyptalandi mótmæla ríkisstjórninni:

# Mótmæli námsmanna

**EGYPTALAND Mikil ólga hefur verið í Egyptalandi upp á síðkastið. Síðastliðinn sunnudag brutust út átök í egypsku borginni Giza og hópur námsmanna í Kaíró-háskóla mótmælti ríkisstjórninni.**
**Stjórnlagadómstóll í Egyptalandi tilkynnti á dögunum um úrskurð sem kemur í veg fyrir að þingkosningar verði haldnar í landinu þann 21. mars næstkomandi líkt og til stóð.**

**Þingkosningarnar áttu að vera þær fyrstu í landinu frá því að Muhammed Morsi var hrakinn úr stóli forseta árið 2013. Þetta kemur fram á sænska fréttamiðlinum SVT.** - ngy

Barnamenningarhátíð í apríl:

# Efla menningarstarf barna

**REYKJAVÍK** Barnamenningarhátíð verður haldin 21.-26. apríl næstkomandi.

Markmið Barnamenningarhátíðar er að efla menningarstarf barna og ungmenna í borginni. Hátíðin er vettvangur fyrir menningu barna, með börnum og fyrir börn. Hún fer um öll hverfi borgarinnar og rúmar allar listgreinar og annað sem að börnum og menningu þeirra snýr. Hátíðin er nú haldin í fimmta sinn og enn er hægt að skrá verkefni til þátttöku á hátíðinni. - ngy

Kona sett í embætti dómara:

# Nýr dómari við héraðsdóm

**HÉRAÐSDÓMUR** Ingiríður Lúðvíksdóttir var sett í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Þann 11. desember 2014 auglýsti innanríkisráðuneytið laust til umsóknar embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur til setningar til og með 15. september 2017. Alls bárust sjö umsóknir um embættið. Ingiríður var talin hæfust umsækjenda til að hljóta setningu í embættið.

Konum fer smám saman fjölgandi í hópi héraðsdómara, en þær eru nú 13 af 38 héraðsdómurum í landinu. - ngy

# Kom að haferni á flögri inni í fjárhúsi

Bóndinn á Krossi í Berufirði, Gunnar Ketill Sigurðsson, sá haförn í fjárhúsinu þegar hann fór til gegninga. Bóndinn, rollurnar og fuglinn voru óttaslegin. Á undanförnum mánuðum hefur sést til hafarnar í Djúpavogshreppi og út fyrir svæðið.

**FÓLK** „Þetta var mjög skrítið en hefði nú ekki orðið í umræðunni ef kunningi minn hefði ekki hringt og spurt hvort ég hefði séð örninn. Ég sagði að ég gæti ekki neitað því þar sem hann hefði verið kominn inn í fjárhús.“

Þetta segir Gunnar Ketill Sigurðsson, bóndi á Krossi, sem er næstysti bær í Berufirði. Sést hefur til hafarnar í Djúpavogshreppi og út fyrir svæðið á undanförnum mánuðum.

Það var fyrir tæpum tveimur vikum sem Gunnar sá örninn þegar hann fór til gegninga. „Þegar ég kom út í fjárhús í leiðindaveðri var hann þarna á flögri greyið. Hann hefur farið inn um hálfhurð á neðanverðu fjárhúsinu. Mér stóð ekki á sama og það var spurning hvor okkar var hræddari þegar við horfðumst í augu. Ef haförn fer í andlitið á manni getur hann stórslasað hann.“

Gunnar kvaðst hafa flýtt sér að opna stórar dyr á fjárhúsinu því hann var hræddur um að haförninn myndi skaða sig og flaug þá fuglinn, sem hafði flögrað aðeins þremur metrum frá honum, út.

„Það voru kannski mistök að hafa ekki farið til að fá einhvern til að taka mynd. Það er auðvelt að vera vitur eftir á. Ég veit ekki til að fara með það hversu lengi hann hefur verið inni í fjárhúsinu en mér flaug í hug hvort hann gæti hafa verið að elta bráð inn sem hefur þá verið farin en ekki hann. Nokkrum dögum áður fann ég ræfil af smyrli í vegkantinum en ég hafði ekki frétt af því að þessi fugl væri á ferðinni.“



**Í FJÁRHÚSINU** Gunnar Ketill Sigurðsson, bóndi á Krossi í Berufirði, segir það hafa verið spurningu hvor hafi verið hræddari, hann eða haförninn.
MYND/SVAVAR PÉTUR EYSTEINSSON

Að sögn Gunnars voru rollurnar hálfhræddar. „En hann kom ekki nálægt þeim þegar ég var þarna. Hann hafði ekkert gert þeim og hann settist aldrei.“

Bóndinn á Krossi kveðst aldrei áður hafa séð örn á svæðinu en hann hafi oft séð erni vestur á fjörðum þegar hann bjó þar. Haförninn sást aftur á Krossi síðastliðinn laugardag þegar hann renndi sér niður í dúfnahóp.

„Það er mjög sérstakt að maður skyldi verða þess aðnjótandi að sjá hann. Ég myndi ímynda mér að þetta væri ungur fugl. Hann var svo ljós. Maður hefur aðeins gluggað í bækur.“ ibs@frettabladid.is

> **Mér stóð ekki á sama og það var spurning hvor okkar var hræddari þegar við horfðumst í augu. Ef haförn fer í andlitið á mönnum getur hann stórslasað mann.**






Refur sást í garði í Garðabæ og var skotinn:

# Færa sig nær og nær byggð

**GARÐABÆR** Refur sást í garði í Ásbúð í Garðabæ í vikunni. Hrönn Kjærnested kennari varð vör við refinn í garði sínum og segist halda að hann hafi verið slasaður.

„Þetta var hvítur refur. Hann hreyfði sig ekki neitt og mér sýndist hann vera eitthvað laskaður. Það kom hingað meindýraeyðir, sem staðfesti að þetta væri refur og vildi skjóta hann. Hann spurði mig hvort ég ætti byssu, það átti ég að sjálfsögðu ekki,“ segir Hrönn. Meindýraeyðirinn sneri aftur með byssu og skaut refinn. Hann reyndist fótbrotinn, líklega eftir ákeyrslu.

Afar óvenjulegt er að refir séu að þvælast svo nærri mannabyggð þótt Guðmundur Björnsson, meindýraeyðir Reykjavíkurborgar, segi þá færa sig nær og nær þéttbýli í leit að æti. „Þeir eru að nálgast. Það er eins og hefur gerst víða erlendis, þar flækjast dýrin inn í borgirnar. Þeir eru komnir ansi nálægt okkur, koma ofan úr fjöllunum og eru helst á ferð um nætur,“ segir Guðmundur og telur borgarbúa helst verða vara við refi nálægt Úlfarsfelli þar sem hafa verið refagreni. „Þeir hafa sést fara yfir Vesturlandsveginn á leið niður í fjöru. Ég man líka eftir ref sem fannst á Stórhöfða. Þetta eru dýr sem eru að reyna að bjarga sér og lífið er harðara fyrir þau á veturna.“ - kbg



**HVÍTUR REFUR** Þessi refur sást í garði við Ásbúð í Garðabæ. Refir leita eftir æti og eru helst á ferð um nætur.
MYND/SVERRIR EYJÓLFSSON




Uppgötvaðu ævintýrin í lífi þínu á ný með RAV4. Hann er fullkominn fyrir skemmtun með vinum og fjölskyldu og kemur þér þangað sem þú vilt fara með nóg rými fyrir farþega og farangur. RAV4 er hljóðlátur, öruggur og með framúrskarandi akstursеiginleika. Hann fæst bæði framhjóladrifinn og með fjórhjóladrifi.

Nýjum RAV4 fylgir flugmiði til Evrópu með Icelandair* og þeir sem fá nýjan RAV4 afhentan í mars eiga möguleika á 500 þúsund Vildarpunkta afmælisvinningi í tilefni af 50 árum Toyota á Íslandi.

Fáðu nánari upplýsingar á **www.toyota.is**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

EURO NCAP www.euroncap.com TEST 2013

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
Tilgreint verð í þessari auglýsingu á við um RAV4 GX Plus, 2.0 l D4D FWD, 6 gíra. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## SVONA ERUM VIÐ



**1.367** **krónur kostaði kíló af lambalæri** **í febrúar. Fyrir tíu árum kostaði kílóið 967 krónur. Verðið hefur hækkað um 41 prósent.**

Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 76 prósent.

Riðuveiki hefur komið upp á átta búum á undanförnum 15 árum í Skagahólfi:

# Bóndi þarf að farga þremur hundruðum fjár

**LANDBÚNAÐUR** „Maður hélt að riðan væri farin að tilheyra hinum forna fjanda þegar hún stingur skyndilega upp kollinum,“ segir Birgir Hauksson, bóndi í Valagerði í Skagafirði. Riðuveiki greindist í síðustu viku á búi hans og þarf hann að farga öllu sínu fé. Aðeins er um mánuður síðan riða greindist á Vatnsnesi. Matvælastofnun vinnur nú að öflun upplýsinga og undirbúningi aðgerða.

Fyrir skömmu kviknaði hjá Birgi grunur um riðuveiki í þremur ám og hafði hann samband við dýralækni. Kindunum var lógað og sýni send til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands á Keldum, sem staðfesti nokkrum dögum síðar að um hefðbundna riðuveiki væri að ræða. Búið er í Skagahólfi en þar hefur riðuveiki komið upp á átta búum á undanförnum 15 árum en á þessu búi hefur veikin ekki greinst áður.

Nú þarf að meta umfang aðgerða við förgun fjár, þrif og sótthreinsun. Birgir segist varla átta sig á því hversu miklar aðgerðir eru í vændum og áfallið mikið. Þetta er í annað skipti á árinu sem upp kemur riðusmit en það hefur ekki greinst riða á landinu frá árinu 2010 og segir í tilkynningu frá Matvælastofnun að þessi nýju tilfelli sýni að baráttunni við riðuveiki sé langt frá því lokið en á níunda áratug síðustu aldar var skorið niður á tugum búa á hverju ári en mjög hefur dregið úr tíðni veikinnar og á undanförnum árum hefur hún aðeins greinst á stöku búum. **- kbg**



**ÁTTUNDA SMITIÐ** Riðusmit í Valagerði í Skagafirði er það áttunda á 15 árum í Skagahólfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SÉRSVEITIN KÖLLUÐ TIL** Konan reyndist ekki vopnuð.

Kona ógnaði vegfaranda:

## Sérsveit kölluð út á Selfossi

**SELFOSS** Sérsveit ríkislögreglustjóra var kölluð út í gær vegna konu sem miðaði byssu á gangandi vegfaranda á Selfossi. „Sonur minn var á leiðinni í leikfimitíma þegar bíll stöðvar fyrir framan hann og kona dregur fram byssu og öskrar á hann bamm, bamm,“ sagði faðir átján ára nemanda við Fjölbrautaskóla Suðurlands í samtali við Vísi í gærmorgun.

Konan var leidd út úr íbúð sinni í handjárnum um klukkan eitt í gær samkvæmt sjónarvotti. Konan er fædd 1963 og því á sextugsaldri. Hún hefur áður komið við sögu hjá lögreglu en síðasta sumar mun hún hafa otað hnífi að fólki á Selfossi. Ekki var um alvöru skotvopn að ræða. **- kbg**

Umferðarslys tóku toll:

## Umferðarslysum fjölgar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu greinir frá auknu slysatíðni í febrúarmánuði. Fjórtán vegfarendur slösuðust í átta umferðarslysum á höfuðborgarsvæðinu. Tvö umferðarslys voru tilkynnt sunnudaginn 22. febrúar og tvö þriðjudaginn 24. febrúar. Miðvikudaginn 25. febrúar slösuðust þrír og fimmtudaginn 26. febrúar slösuðust tveir. Laugardaginn 28. febrúar slösuðust einnig tveir í umferðarslysi vegna slæmrar færðar. **- kbg**

# Óhefðbundnar lækningar geta minnkað virkni lyfja

Krabbameinslæknir segir óhefðbundnar lækningar geta haft milliverkanir fyrir læknismeðferðir og ófyrirsjáanlegar aukaverkanir. Dæmi eru um að skaði hafi hlotist af fyrir sjúklinga, bæði líkamlegur og fjárhagslegur.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta getur verið skaðlegt fyrir fólk á þann hátt að það mögulega hafni hefðbundinni meðferð. Það eru dæmi um þetta sem hafa leitt til skaða fyrir sjúklinga,“ segir Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala og formaður Félags krabbameinslækna, um mögulega skaðsemi óhefðbundinna lækninga.

Gunnar segir þá meðferð sem krabbameinslæknar veita í dag vera gagnreynda, það er, hana er búið að meta með klínískum rannsóknum, vega og meta aukaverkanir gagnvart ávinningi.

Slíkar rannsóknir séu mjög langt ferli en óhefðbundin meðöl þurfi ekki að undirgangast sambærilegt ferli.

„Þetta getur haft milliverkanir fyrir meðferð sjúklinga, aukið aukaverkanir og minnkað virkni krabbameinslyfjanna.“

Það þekkist einnig að fólk vilji frekar reynar óhefðbundnar lækningar en hefðbundnar og afþakki jafnvel hinar hefðbundnu.

„Það eru örfá tilvik þar sem fólk hafnar hefðbundinni læknismeðferð við læknanlegum sjúkdómum sem urðu síðan ólæknanlegir fyrir vikið. Þetta er sjaldgæft en þekkist alveg.“

Gunnar segir að fólk haldi yfirleitt að það hafi engu að tapa.

„Ég myndi hiklaust hvetja sjúklinga til að ræða svona hluti við læknana sína. Bara ræða almennt við þá um óhefðbundnar lækningar,“ segir Gunnar.

Þar að auki geta ýmsar óhefðbundnar meðferðir verið mjög dýrar.

„Við þekkjum dæmi um að fólk sé að greiða yfir 100 þúsund krónur á mánuði fyrir óhefðbundnar læknismeðferðir sem er náttúrulega brjálæðislegt. Fólk er oft að eyða milljónum í eitthvað sem er síðan tilgangslaust.“

Gunnar segir þetta einnig vera áreiti fyrir sjúklingana.

„Fólk verður oft fyrir miklu áreiti, margir að hringja til að segja frá hinu og þessu og rökstyðja með reynslusögum sem er alltaf hæpið. Þetta truflar oft sjúklinga mikið. Þeim er gefin von um einhver fyrirheit sem ekki er hægt að standa við.“

Gunnar segist hafa rætt svona aðferðir við sjúklinga sína sem eru að hugsa á þessum nótum.

„Sumir spyrja út í þetta og hætta við eftir slíkt samtal. Aðrir ekki. Það þarf að ná til fólks með rökum, að þetta geti haft milliverkanir en síðan veit maður ekki nóg um það af því engar rannsóknir hafa farið fram á þessu.“

Auk alls þessa geta óhefðbundnar læknismeðferðir einfaldlega raskað lífsgæðum fólks á viðkvæmu stigi í þeirra lífi.

„Þau eru að drekka einhverja ólyfjan sem er vond á bragðið og mögulega hætta að borða mat sem þeim finnst góður af engri ástæðu.“

Gunnar segist aldrei banna sjúklingum sínum að fylgja óhefðbundnum læknismeðferðum.

„En ég mæli gegn því af því að það er ekki búið að sanna að neitt af þessu virki,“ segir Gunnar að lokum. **fanney@frettabladid.is**




**VEKUR FALSKAR VONIR** Gunnar Bjarni Ragnarsson krabbameinslæknir hvetur fólk til að ræða óhefðbundnar lækningar við lækna sína. Sumar slíkar meðferðir geti vakið falskar vonir en verið tilgangslausar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> **Við þekkjum dæmi um að fólk sé að greiða yfir 100 þúsund krónur á mánuði fyrir óhefðbundnar læknismeðferðir sem er náttúrulega brjálæðislegt. Fólk er oft að eyða milljónum í eitthvað sem er síðan tilgangslaust.**
>
> *Gunnar Bjarni Ragnarsson, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala.*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Friedrichshafen | 5° | New York | 5° |
| Aþena | 16° | Gautaborg | 5° | Orlando | 29° |
| Basel | 12° | Kaupmannahöfn | 5° | Ósló | 0° |
| Berlín | 6° | Las Palmas | 21° | París | 9° |
| Billund | 6° | London | 9° | San Francisco | 16° |
| Frankfurt | 7° | Mallorca | 14° | Stokkhólmur | 3° |




**Á MORGUN** Strekkingur eða allhvasst, einkum S- og V-til.




**FÖSTUDAGUR** SV-átt í fyrstu en snýst í SA-átt og kólnar.

**ENN EIN LÆGÐIN** Það hvessir af suðaustri í dag og búast má við stormi eða roki um tíma, einkum á Snæfellsnesi og hálendinu. Hlýnar í veðri og horfur á talsverðri rigningu suðaustanlands síðdegis. Dregur lítillega úr vindi til morguns.

**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

heimkaup.is

# Færð þú vinning í tölvupósti?

Nýir vinningar dregnir út daglega!




## ALLT AÐ VINNA - ENGU AÐ TAPA!

Það eina sem þú þarft að gera er að vera á póstlista Heimkaup.is og ef það er vinningur í póstinum þínum vitja hans innan 24 tíma!

## Skráðu þig strax á Heimkaup.is og þú gætir fengið lukkupóstinn!

Fyrsti vinningur verður dreginn út á föstudaginn og svo á hverjum degi út mánuðinn.

CANON IXUS MYNDVÉLAR · WEBER SPIRIT E310 PREMIUM GASGRILL · SONY 40“ R4 LED SJÓNVARP · FRANCIS FRANCIS X7 KAFFVÉL
SONY PLAYSTATION 4 LEIKJATÖLVA · HELLINGUR AF HRIKALEGA FLOTTUM LEGOKUBBUM · ANGELCARE AC401 BARNAPÍA
CANON PIXMA MG5650 PRENTARAR · SONY WALKMAN MP3 SPILARI · POLAR M400 ÆFINGAÚRPLAYSTATION 4 STÝRIPINNI MEÐ LEIK
CHICCO BARNASÆTI OG FJARSTÝRT DUCATI MÓTORHJÓL · SPEEDFORM HLAUPASKÓR BÆÐI FYRIR HANN OG HANA OG FLEIRA OG FLEIRA

## Heimkaup.is er stærsta netverslun á Íslandi!

**Öryggi - Ekkert mál að skila eða skipta**

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

**Hægt að greiða við afhendingu**

Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

**Frí heimsending samdægurs**

Pantaðu fyrir kl. 17:00 og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.

Heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar er fyrirhugað að reisa mosku í Reykjavík?
**2.** Hjá hvaða framhaldsskólakennurum mætti nýtt vinnumat mestri andstöðu?
**3.** Hvað hafa laun forstjóra Orkuveitunnar hækkað mikið á fjórum árum?

**SVÖR:**
**1.** Við Sogamýri. **2.** Hjá kennurum iðngreina. **3.** Úr 1.340 þúsundum króna á mánuði í 2,4 milljónir.

Þorkell Helgason stærðfræðingur gagnrýnir útfærslu fasteignaafsláttar og jaðarskatta í Garðabæ og víðar:

# Ein króna getur kostað hundruð þúsunda

**SVEITARSTJÓRNIR** „Sumir af þeim sem nú eru aldraðir hirtu ekki um að greiða í lífeyrissjóði en geta samt nú verið vellríkir. Er sanngjarnt að fella að fullu niður fasteignagjöld þeirra?“ spyr stærðfræðingurinn Þorkell Helgason, sem fjallar um jaðarskatta í bréfi til bæjaryfirvalda í Garðabæ.

Þorkell segir furðulegt að ekki sé hámark á afslætti af fasteignagjöldum og spyr hvort það sé sanngjarnt að þeir sem eigi 200 milljóna króna eign fái fullan afslátt.

Þá gagnrýnir Þorkell þá aðferð sem notuð er í Garðabæ til að reikna út afslátt ellilífeyris- og örorkuþega á fasteigna- og holræsagjöldum. Bæti einstaklingur, sem eigi 50 milljóna króna fasteign og hafi 4,5 milljónir í árstekjur, við sig 300 þúsund króna tekjum þá sé viðbótin öll gerð upptæk með tekjuskatti, útsvari og fasteignagjöldum. „Sé eign hans meiri en þetta þarf hann meira að segja að borga með hverri krónu sem hann kann að hafa aflað,“ segir Þorkell.

Stærðfræðingurinn segist hafa gert lauslega athugun á stöðu þessara mála í fleiri sveitarfélögum. Í sumum þeirra leiði þrepaskiptur afsláttur til himinhárra jaðaráhrifa. „Þannig getur ein króna í viðbótartekjur kostað fórnarlambið hundruð þúsunda króna og í þeim efnum er útfærsla Reykjavíkurborgar verst.“ - gar



**ÞORKELL HELGASON** Segir afsláttarreglur í Garðabæ dæmi um að vinstri höndin viti ekki hvað sú hægri geri.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Árshátíð til umræðu á þingi:

## Vill láta kanna meðferð fjár

**ALÞINGI** Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, sagði á þingi í gær að hann vilji láta athuga rekstur hjá opinberum stofnunum og félögum.

Hann spurði meðal annars um 16 milljóna króna árshátíð Isavia þar sem miklu fé var varið í tónlistaratriði. „Nú er það fjarri mér að sjá eftir peningum sem fara til íslenskra tónlistarmanna, en ég veit ekki hvað réttlætir það að fyrirtæki í almannaeigu fari svona með fé sem því er treyst fyrir,“ sagði Þorsteinn. - ngy

Áslaug vill aðgerðir:

## Sorgleg staða

**REYKJAVÍK** „Staðan er sorgleg, alls ekki í lagi,“ sagði Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, á borgarráðsfundi í gær um aðgerðir gegn heimilisofbeldi gagnvart fötluðu fólki. Áslaug telur að ekki sé nóg að gert til þess að sporna við ofbeldi gegn þessum hópi en nýverið kom út skýrsla sem gerði grein fyrir umfangi og eðli slíks ofbeldis á Íslandi.



**ÁSLAUG MARÍA FRIÐRIKSDÓTTIR**

Í skýrslunni kom fram að full ástæða er til að huga mun betur að stöðu fatlaðra kvenna og fatlaðs fólks. Brot gegn fötluðum eru framin innan veggja heimilis eða á öðrum stað þar sem þeir dvelja eða hitta aðila sem þeir ættu að geta treyst í daglegu lífi á heimili sínu. Ofbeldið getur falið í sér vanrækslu varðandi lyfjagjöf og líkamlega umönnun, fjárhagslega og efnislega misnotkun, kynferðislegt ofbeldi, líkamlegt og andlegt ofbeldi. - kbg

# Frumvarpi um Landsrétt skilað til innanríkisráðherra

Nefnd um millidómstig hefur skilað frumvarpsdrögum til Ólafar Nordal innanríkisráðherra. Héraðsdómum verður almennt áfrýjað til Landsréttar en Hæstiréttur sinni aðeins veigamiklum og fordæmisgefandi málum.

**DÓMSTÓLAR** Nefnd sem innanríkisráðherra skipaði í ágúst 2013 til að semja reglur um skipan og starfsemi dómstóla, upptöku millidómstigs og fyrirkomulag við skipan dómara hefur skilað Ólöfu Nordal innanríkisráðherra tillögum sínum.

Nefndin hefur samið drög að lagafrumvörpum sem lúta að upptöku millidómstigs. Í bréfi nefndarinnar til ráðherra kemur fram að upptaka millidómstigs sé umfangsmikið verkefni sem krefjist víðtækra breytinga á lögum, einkum lögum um dómstóla, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála.

Í frumvörpunum er millidómstigið kallað Landsréttur, þar sem fimmtán dómarar munu eiga sæti en þrír þeirra munu dæma í hverju máli. Þannig verða litlar breytingar á starfsemi héraðsdómstólanna og verður dómum þeirra og úrskurðum þannig almennt skotið til Landsréttar í stað Hæstaréttar.

Landsrétti verður skipað á milli héraðsdómstólanna og Hæstaréttar sem verður eftir sem áður æðsti dómstóll Íslands. Landsréttur verður í Reykjavík og mun taka til landsins alls.

Hæstaréttardómurum verður fækkað úr níu í sex. Fimm dómarar munu hverju sinni taka þátt í meðferð máls fyrir dómi.

Starfandi dómarar við Hæstarétt munu þó halda stöðu sinni og því munu fleiri dómarar væntanlega starfa við réttinn fyrstu árin til bráðabirgða. Í greinargerð með frumvarpinu segir að það hafi reynst heppilegt enda ljóst að töluverð vinna muni fara í það fyrstu starfsárin að taka afstöðu til áfrýjunarbeiðna og móta fordæmi til framtíðar í þeim efnum.



**ÞRJÚ DÓMSTIG** Með tilkomu hins nýja dómstigs, Landsréttar, mun hæstaréttardómurum fækka um þrjá. Þar verða aðeins tekin fyrir veigamikil og fordæmisgefandi mál. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þeir sem þegar hafa verið skipaðir hæstaréttardómarar hafa forgang til skipunar í embætti dómara við Landsrétt kjósi þeir það.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að ráðherra afli samþykkis Alþingis fyrir skipun í dómaraembætti ætli hann sér ekki að skipa þann umsækjanda sem dómnefnd hefur talið hæfastan. Með frumvarpinu er þetta fyrirkomulag afnumið en þó áskilið að Alþingi samþykki tillögu ráðherra um skipun dómara í Hæstarétt Íslands.

Markmið þessara breytinga er annars vegar að koma til móts við alþjóðlegar kröfur um milliliðalausa sönnunarfærslu á áfrýjunarstigi. Eins og staðan er í dag eru til að mynda engar vitnaleiðslur í Hæstarétti nema í undantekningartilvikum. Þannig er gert ráð fyrir milliliðalausri sönnunarfærslu í Landsrétti, þar sem skýrslutökur verða teknar upp í hljóði og mynd í héraði og ekki endurteknar fyrir Landsrétti nema þörf sé á. Hins vegar er markmið breytinganna að létta álagi af Hæstarétti Íslands og gera honum kleift að starfa sameinaður í einni deild svo að honum verði betur fært að sinna hlutverki sínu sem fordæmisgefandi dómstóll.

Reglur um áfrýjun mála frá héraðsdómi til Landsréttar verða svipaðar reglum sem nú gilda um áfrýjun mála til Hæstaréttar. Áfram verður unnt að áfrýja héraðsdómum beint til Hæstaréttar, en þó aðeins með leyfi réttarins sjálfs.

Að endingu er gert ráð fyrir að allir dómarar Hæstaréttar geri grein fyrir atkvæði sínu ólíkt því sem nú er, með því að rita sín eigin dómsatkvæði eða skrifa undir atkvæði annarra. fanney@frettabladid.is











Speglaskápar með ljósi



Handklæðaofnar



**Salerni frá Ceramics gala 30 ár á Íslandi**

verð frá 31.520 settið



verð frá 45.430 settið

# Gæði, úrval og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM STÖÐU FERÐAÞJÓNUSTUNNAR



1.900 **ný hótelherbergi** í Reykjavík 2015–2018.

**2,7** MILLJÓNUM gistinátta á heilsárshótelum er spáð árið 2015.

**67%** **nýtingarhlutfall** er á hótelherbergjum á Íslandi, með því hæsta í samanburðarborgum.



**342.000.000.000** króna eru áætlaðar gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu árið 2015.




**77%** fyrirtækja í ferðaþjónustu eru með **færri en tíu starfsmenn**.

**97%** fyrirtækja með **færri en fimmtíu starfsmenn**. Því samanstendur íslensk ferðaþjónusta af litlum fyrirtækjum eða örfyrirtækjum samkvæmt skilgreiningu ESB.

1.350.000 **ferðamenn** áætlaðir árið 2015 (skemmtiferðaskip undanskilin).

**15%** af lánasafni Íslandsbanka til fyrirtækja eru fyrirtæki í ferðaþjónustu.

58% fjölgun allra starfa eftir hrun hefur átt sér stað í ferðaþjónustunni. 4.600 störf hafa skapast í ferðaþjónustu frá árinu 2010.

**58%** aðila í ferðaþjónustu eru **andvígir náttúrupassanum** samkvæmt könnun MMR sem var gerð fyrir Íslandsbanka í janúar.

**14.000** bílaleigubílar voru hér á landi 2015. Árið 2006 voru þeir 4.756, hafði fjölgað þrefalt á tíu árum.

**42%** seldra nýrra bíla hér á landi eru keyptir af bílaleigum.

**800** sinnum til tunglsins samsvarar vegalengdinni sem íslenskum bílaleigubílum var ekið árið 2014.






# Ferðaþjónustan stærst í útflutningi

Ferðaþjónustan er fyrsta útflutningsgreinin til að rjúfa þrjú hundruð milljarða múrinn í útflutningstekjum á ári. Á þessu ári spáir greiningardeildin að gjaldeyristekjur greinarinnar verði um 340 milljarðar króna. „Mikilvægt að staldra við,“ segir Ingólfur Bender.

**Sveinn Arnarsson**
sveinn@frettabladid.is



Ferðaþjónusta hefur átt stóran þátt í endurreisn atvinnulífsins og verið einn af burðarásum íslensks efnahagslífs eftir hrun bankanna árið 2008: „Sá mikli vöxtur sem verið hefur í ferðaþjónustunni síðustu ár skýrir stóran hluta af þeim hagvexti sem mælst hefur hér á landi síðan hagkerfið byrjaði að taka við sér árið 2010.“ Þetta kemur fram í skýrslu greiningardeildar Íslandsbanka um íslenska ferðaþjónustu.

Ferðaþjónustan hefur bæði skilað gríðarlegum gjaldeyristekjum í þjóðarbúið og sömuleiðis hefur fjölgun starfa í greininni verið stór þáttur í minnkandi atvinnuleysi á landinu. Segir í greiningu Íslandsbanka að af þeim rúmlega tíu þúsund nýju störfum sem hafa skapast á landinu frá árinu 2010 hefur um helmingur þeirra orðið til í ferðaþjónustu. Atvinnuleysi á landinu hefur lækkað hægt og bítandi frá hruni. Atvinnuleysi fór hæst í rúm ellefu prósent í maí árið 2010 en mældist 4,4 prósent í janúar.



**„Aukinn fjölbreytileiki gefur meiri stöðugleika og við erum að tengjast betur hagsveiflum í löndunum í kringum okkur.**

*Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka.*

Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Íslandsbanka, segir þennan vöxt ferðaþjónustunnar hafa verið himnasendingu fyrir íslenskt efnahagslíf. „Vöxtur greinarinnar kom á mjög góðum tíma þegar slaki var í hagkerfinu. Nú er greinin orðin stór og skilar næstum þriðjungi útflutningstekna þjóðarinnar. Því er mikilvægt kannski að staldra við og spyrja sig hvort hún vaxi of hratt. Við viljum ekki hafa öll eggin í sömu körfunni. Aukinn fjölbreytileiki gefur meiri stöðugleika og við erum að tengjast betur hagsveiflum í löndunum í kringum okkur. Við viljum ekki að ferðaþjónustan verði með meirihluta útflutningstekna þjóðarinnar.“



**MIKILL VÖXTUR** Ferðaþjónustan skilaði á þessu ári 302 milljörðum í gjaldeyristekjur og er fyrsta greinin til að rjúfa 300 milljarða múrinn í sögu íslensks efnahagslífs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### 342 milljarða gjaldeyristekjur

Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustunni hafa einnig aukist samhliða þessum vexti og eru tekjur af ferðamönnum einnig stærri hluti af heild en áður. Árið 2009 voru gjaldeyristekjurnar um fimmtungur af heildarútflutningi vöru og þjónustu. Greiningardeild Íslandsbanka áætlar að tekjurnar á þessu ári verði um 342 milljarðar íslenskra króna, eða um 29 prósent af heildinni. Ferðaþjónustan er því stærsti einstaki hluturinn í öfluðum útflutningstekjum. Útflutningstekjur ferðaþjónustunnar árið 2014 voru 302 milljarðar króna samanborið við 241 milljarð hjá sjávarútveginum.

Ferðaþjónustan er því fjórðungi stærri en sjávarútvegurinn þegar kemur að útflutningstekjum. „Auðvitað hljótum við að horfa til þess að stjórnvöld fari í meiri mæli að horfa til mikilvægis greinarinnar og byggja upp innviði og annað til að tryggja vöxt hennar og viðgang. Það er mikilvægt að á meðan greinin vex svona hratt að bæði ferðaþjónustan og stjórnvöld gangi í takt því sameiginlegir hagsmunir eru miklir,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF.

### Leifsstöð eina gáttin til landsins

Langflestir ferðamenn sem heimsækja landið koma í gegnum Leifsstöð. Áætlað er að á þessu ári muni 1,2 milljónir ferðamanna koma í gegnum þá gátt til landsins og að um 150 þúsund ferðamenn komi í gegnum aðra staði á landinu. Áætlar greiningardeildin að um 1.350 þúsund ferðamenn heimsæki Ísland á árinu sem er fjölgun um tæpan fjórðung. Samkvæmt þessu verða ferðamenn því fjórfalt fleiri en Íslendingar.

### Hótelnýting góð

Á síðasta ári var nýting hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu í sögulegu hámarki. 84 prósent nýting hótelherbergja er betri nýting en í London, Amsterdam og fleiri borgum Evrópu. Áætlað er að um 4.500 hótelherbergi verði til á suðvesturhorni landsins í árslok 2016, eða þriðjungsfjölgun. Þrátt fyrir þá miklu



**HELGA ÁRNADÓTTIR**

fjölgun áætlar greiningardeild Íslandsbanka að þörf sé á þessum hótelrýmum og telur að nýtingarhlutfallið verði enn mjög hátt. Um 700 ný hótelherbergi munu fara í rekstur á árinu og mæta þar með aukinni eftirspurn eftir hótelgistingu á svæðinu.

„Greiningaraðilar hafa bent á að samhliða, þrátt fyrri fjölgun hótelherbergja, hefur nýtingarhlutfallið aukist. Því er þessi fjölgun í takt við það. Mikilvægt er að byggt sé upp í línu við stefnu greinarinnar hvað varðar tegund vaxtar, við viljum fjölga verðmætum ferðamönnum og þá þarf uppbygging, meðal annars gististaða, að endurspegla það,“ segir Helga.

### 800 ferðir til tunglsins

Bílaleigur í rekstri á Íslandi eru nú orðnar yfir 150 talsins. Árið 2003 var 51 starfandi bílaleiga á landinu. Sú fjölgun á tímabilinu er í sama hlutfalli við fjölgun ferðamanna, sem hefur þrefaldast á sama tíma. Nærri níu af 10 bílaleigubílum í umferð árið 2014 voru innan við fimm ára gamlir og þriðjungur þeirra nýir bílar.

Bílaleigur eru af þessum sökum gríðarlega umsvifamikill aðili í kaupum á nýjum bílum. Standa bílaleigur undir 40 prósentum af kaupum á nýjum bílum á landinu. Frá árinu 2010 hefur þetta hlutfall verið mjög stöðugt og því hafa bílaleigur undanfarin fimm ár keypt um helming allra nýrra bíla á landinu.

Bílaleigubílar hér á landi keyrðu rúmar 300 milljónir kílómetra á síðasta ári sem eru um 230.000 ferðir á hringveginum. Kílómetrafjöldinn samsvarar einnig 400 ferðum til tunglsins og aftur til baka.

**Kosning til stjórnar VR 2015–2017**

Rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs í sjö stjórnarsæti og þrjú til vara hefst kl. 9 að morgni 5. mars og lýkur kl. 12 á hádegi þann 12. mars. Kosningin er skv. 20. gr. laga VR. Allar nánari upplýsingar fást á vr.is eða á skrifstofu félagsins í síma 510 1700.

**Kjörstjórn VR**




VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Einleikarar og stjórnendur í fremstu röð



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

@icelandsymphony #sinfó

## Hardenberger og Tortelier

Fim. **5. mars** » 19:30

Sænski trompetleikarinn Håkan Hardenberger er einn mesti trompetsnillingur samtímans. Hann hefur komið fram með nær öllum helstu hljómsveitum heims, m.a. með fílharmóníusveitunum í Vínarborg, Berlín og New York, og á hátíðartónleikum Nóbelsverðlaunahafa í Stokkhólmi nú í desember.
Yan Pascal Tortelier á glæstan feril að baki og hefur stjórnað mörgum af þekktustu hljómsveitum beggja vegna Atlantshafsins.

***Edward Elgar*** *Á suðurslóðum, forleikur*
***Henri Tomasi*** *Trompetkonsert*
***Pjotr Tsjajkovskij*** *Sinfónía nr. 1*

***Yan Pascal Tortelier*** *hljómsveitarstjóri*
***Håkan Hardenberger*** *einleikari*

***Tónleikakynning*** » 18:00

## Anna-Maria stjórnar Sibeliusi

Fim. **12. mars** » 19:30 – **Harpa**
Fös. **13. mars** » 19:30 – **Hof, Akureyri**

Áshildur Haraldsdóttir leikur einleik í heillandi flautukonsert Rodrigos undir stjórn Önnu-Mariu Helsing, einnar skærustu stjörnu Sibeliusarakademíunnar.
Eftir tónleika í Hörpu heldur Sinfóníuhljómsveitin norður á föstudag með þessa glæsilegu dagskrá í farteskinu og leikur í Hofi.

***Magnus Lindberg*** *Expo*
***Joaquín Rodrigo*** *Concierto Pastoral*
***Jean Sibelius*** *Sinfónía nr. 1*

***Anna-Maria Helsing*** *hljómsveitarstjóri*
***Áshildur Haraldsdóttir*** *einleikari*

***Tónleikakynning*** *– Fim. 12. mars* » 18:00

## Benedetti leikur Mozart

Fim. **26. mars** » 19:30

Nicola Benedetti vakti mikla athygli þegar hún bar sigur úr býtum í „BBC Young Musician of the Year" aðeins 16 ára gömul árið 2004 og er í dag ein skærasta stjarna tónlistarheimsins. Hún leikur fiðlukonsert Mozarts nr. 5, gríðarvinsælt verk sem tónsnillingurinn samdi aðeins 19 ára gamall.
Austurríski hljómsveitarstjórinn Hans Graf snýr aftur en hann fékk góðar undirtektir í síðustu heimsókn.

***Ottorino Respighi*** *Trittico Botticelliano*
***Wolfgang Amadeus Mozart*** *Fiðlukonsert nr. 5*
***Paul Hindemith*** *Mathis der Maler, sinfónía*

***Hans Graf*** *hljómsveitarstjóri*
***Nicola Benedetti*** *einleikari*

***Tónleikakynning*** » 18:00

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 9-18 virka daga og 10-18 um helgar

Dreglar og mottur
á frábæru verði!


Margar stærðir og gerðir
Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ
Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

### Magnús Ver segir kostnað upp úr öllu valdi:

# Austfjarðatröll þarf að fá hjálparhönd

**SKEMMTUN** „Því miður er staðan sú að við ráðum ekki við þetta án fjárhagsaðstoðar,“ segir aflraunamaðurinn Magnús Ver Magnússon, sem nú leitar fjárhagsaðstoðar hjá fyrirtækjum og sveitarfélögum til að halda kraftakeppnir á Austurlandi.

Að því er fram kemur í bréfi Magnúsar til sveitarfélaga er stefnt að því að halda bæði Austfjarðatröllið og Valkyrju Íslands 2015 víðs vegar um Austurland í júlí eða ágúst. „Aflraunamenn og konur etja þar kappi við hrikalegar aflraunir og við hverja aðra,“ segir Magnús.

Gífurlegur kostnaður fylgir mótinu og þáttagerð fyrir sjónvarp að sögn Magnúsar. „Því miður hefur innkoma okkar til að dekka kostnað ekkert aukist undanfarin ár, frekar minnkað eftir hrun. En allur kostnaður hefur farið upp úr öllu valdi; kostnaður eins og leiga á rútu, sendibíl, eldsneyti og við þáttagerðina svo eitthvað sé nefnt.“

Þá segir Magnús að gerður verði sjónvarpsþáttur um keppnina og hann afhentur fullunninn til RÚV. „Er fléttað saman við aflraunirnar hrikalegri náttúru, sögu staðanna sem farið er á og lífi fólksins þar fyrr og síðar, þetta á að vera svona menningarþáttur í bland við krafta!“ - gar


**KRAFTAKARL** Magnús Ver Magnússon lofar hrikalegum aflraunum þegar sterkustu konur og karlar landsins etja kappi.


**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Við lok árs 2014 var hrein staða við útlönd neikvæð um 7.835 milljarða.

### Staða við útlönd neikvæð:

# Neikvæð staða þjóðarbúsins

**EFNAHAGSMÁL** Undirliggjandi erlend staða þjóðarbúsins í árslok 2014 er metin neikvæð um 880 milljarða króna eða 45 prósent af áætlaðri vergri landsframleiðslu ársins 2014. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Seðlabanka Íslands.

Til samanburðar var undirliggjandi staða í lok þriðja ársfjórðungs metin neikvæð um 929 milljarða króna. Undirliggjandi staða hefur því batnað á fjórða ársfjórðungi um 49 milljarða króna eða um 2,5 prósent af vergri landsframleiðslu.

Við lok árs 2014 var hrein staða við útlönd neikvæð um 7.835 milljarða. - ngy

Landsvirkjun
50 | Samtal á afmælisári


Opinn fundur í dag
Gamla bíó, kl. 14–17

*Landsvirkjun býður til opins fundar um hvernig fyrirtæki geta unnið gegn losun gróðurhúsalofttegunda og loftslagsbreytingum.*

Dagskrá:

Hlutverk Landsvirkjunar í loftslagsmálum
Ragnheiður Ólafsdóttir, Landsvirkjun

Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra, hvað er til ráða?
Bjarni Diðrik Sigurðsson, Landbúnaðarháskóla Íslands

Uppgræðsla lands
Jóhann Þórsson, Landgræðsla ríkisins

Breytum lofti í við – kolefnisbinding með skógrækt
Arnór Snorrason, Rannsóknarstöð skógræktar, Mógilsá

Landgræðsluskógar og skógrækt við Búrfell
Einar Gunnarsson, Skógræktarfélag Íslands

Skógrækt undir merkjum Kolviðar
Reynir Kristinsson framkvæmdastjóri

Mýrviður – loftslagsáhrif skógræktar á framræstu mýrlendi
Bjarki Þór Kjartansson, Rannsóknarstöð skógræktar, Mógilsá

Endurheimt votlendis
Hlynur Óskarsson, Landbúnaðarháskóli Íslands

Tækifæri og framtíðarsýn íslenskra fyrirtækja í loftslagsmálum
Bryndís Skúladóttir, Samtök iðnaðarins

Umræður
Fundarstjóri er Ragna Sara Jónsdóttir, forstöðumaður samfélagsábyrgðar hjá Landsvirkjun.

Allir velkomnir!

*Í tilefni af 50 ára afmæli stendur Landsvirkjun fyrir samtali við þjóðina með opnum fundum.*

*Skráning á fundinn og bein útsending af fundinum á landsvirkjun.is.*

# Fjöldi fólks við útförina

Boris Nemtsov var borinn til grafar í Moskvu í gær. Þúsundir manna voru við útförina. Kærasta hans sögð hafa fengið að fara til Úkraínu á mánudag.

**RÚSSLAND** Þúsundir manna gengu upp að kistu Boris Nemtsovs í gær til að kveðja hann, þar sem kistan var höfð opin við Sakharov-miðstöðina í Moskvu. Miðstöðin er nefnd eftir Andrei Sakharov, einum þekktasta andófsmanni Sovéttímans.

Nemtsov var myrtur á fimmtudaginn úti á götu í Moskvu, en hann hafði árum saman harðlega gagnrýnt stjórn Vladimírs Pútín forseta.

Anna Duritskaja, hin úkraínska kærasta Nemtsovs, fékk að fara heim til Kænugarðs á mánudag. Rússnesk stjórnvöld höfðu þá haldið henni í yfirheyrslum yfir helgina, en hún var viðstödd þegar hann var myrtur.

Hún er talin vera eina vitnið að morðinu, en segist ekki hafa séð neitt þar sem morðinginn hafi komið aftan að þeim og verið horfinn á braut nánast samstundis.

Að minnsta kosti tveimur evrópskum þingmönnum var bannað að koma til Rússlands til að taka þátt í athöfninni í gær. Þetta eru þau Sandra Kalniete, fyrrverandi utanríkisráðherra Lettlands, og Bogdan Borusewicz, forseti efri deildar pólska þingsins.

Stjórnarandstæðingurinn Alexei Navalní fékk ekki að fara til útfararinnar, en hann situr í fangelsi. Hann hafði óskað eftir því að fá að vera viðstaddur útför Nemtsovs.

Fjölmargir andstæðingar Pútíns hafa ýmist verið myrtir eða settir í fangelsi á valdatíð hans. Meðal þeirra er blaðakonan Anna Politkovskaja sem var myrt árið 2006 í lyftu í fjölbýlishúsinu sem hún bjó í. Fimm menn hafa verið dæmdir í fangelsi fyrir morðið á henni, en engin skýring hefur samt fengist á því hver hafi fengið þá til verksins.

Pútín hefur verið gagnrýndur fyrir að hafa sjálfur tekið að sér umsjón með rannsókninni á morðinu á Nemtsov, ekki síst þar sem andstæðingar hans hafa viljað bendla hann sjálfan við morðið.

gudsteinn@frettabladid.is


**NEMTSOV KVADDUR** Þúsundir manna fylgdu Nemtsov til grafar í Moskvu.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Meðal viðstaddra

Auk ættingja og vina Nemtsovs voru bæði rússneskir stjórnarandstæðingar og fulltrúar rússneskra stórnvalda viðstaddir útförina ásamt fulltrúum erlendra ríkja.

**Arkadí Dvorkovítsj**, aðstoðarforsætisráðherra Rússlands.
**John Tefft**, sendiherra Bandaríkjanna í Rússlandi.
**Vygaudas Usackas**, hinn lettneski fastafulltrúi Evrópusambandsins í Rússlandi.
**John Major**, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands.
**Mikhaíl Kasjanov**, stjórnarandstæðingur, fyrrverandi forsætisráðherra Rússlands.
**Ilja Jashín**, einn helsti samstarfsmaður Nemtsovs til margra ára.
**Anatólí Tsjúbaís**, einn helsti forsprakki einkavæðingar á tímum Boris Jeltsíns forseta.
**Platon Lebedev**, einn helsti samstarfsmaður auðkýfingsins Mikhaíls Khodorkovskís. Báðir sátu þeir árum saman í fangelsi.
**Dina Eidman**, 87 ára gömul móðir hins myrta, og aðrir ættingjar og vinir.

Svíar gabbaðir:

## Sænskir herbílar til Íraks

**SVÍPJÓÐ** Brynvarðir sænskir bílar, 250 talsins, kunna að verða seldir til Íraks þótt sænsk yfirvöld heimili ekki vopnaútflutning til Íraks.

Samkvæmt frétt sænska ríkisútvarpsins voru brynvörðu bílarnir seldir til Tékklands árið 2010 í þeirri trú að tékkneski herinn ætlaði að nota þá.

Tékkar eru sagðir hafa gabbað Svía og tékkneskt einkafyrirtæki íhugar að selja sænsku herbílana til Íraks. - ib

Dýravelferð aukin með nýjum reglugerðum:

# Hefðbundið búrhald bannað árið 2021

**LANDBÚNAÐUR** Með nýrri dýravelferðarlöggjöf á Íslandi og innleiðingu nýrra reglugerða eykst frelsi og velferð dýra á hverju ári. Miklar breytingar eru fram undan hvað varðar aðbúnað dýra og árið 2021 verður til dæmis hefðbundið búrhald fyrir fugla til eggjaframleiðslu alfarið bannað.

Þóra Jóhanna Jónasdóttir, dýralæknir gæludýra og dýravelferðar hjá Matvælastofnun, segir stærstu framförina felast í því að í dag sé litið á dýr sem skyni gæddar verur. „Ný lög um dýravelferð tóku gildi árið 2014 og í þeim er loks viðurkennt að dýr eru skyni gæddar verur. Auðvitað getum við gert betur en það hefur orðið mikil framför hvað varðar velferð dýra, þá sérstaklega eru auknar áherslur á frelsi dýranna. Að þau séu ekki í þröngum básum og hafi meira ferðafrelsi, segir Þóra, sem hefur borið saman nýja dýravelferðarlöggjöf við gildandi stefnu ESB í dýravelferðarmálum.

„Á næstunni detta inn nýjar reglugerðir þar sem hugað er að því að bæta velferð alifugla. Hefðbundið búrhald fyrir fugla til eggjaframleiðslu verður bannað frá 2021,“ segir Þóra frá og segir alifuglabændur hafa góðan tíma til að laga sig að breyttum reglum.

„Það er mikill kostnaður falinn í breytingu á reglugerðum eins og þessum og því mikilvægt að gefa tíma til aðlögunar.“ - kbg



**BÚRHALD BANNAÐ** Ný dýralöggjöf á Íslandi og reglugerðir ESB leiða til aukinnar velferðar dýra. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Drög að breytingum:

## Úrbætur á lögræðislögum

**STJÓRNMÁL** Drög að frumvarpi til breytinga á lögræðislögum eru nú til kynningar hjá innanríkisráðuneytinu. Það er liður í undirbúningi fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og felur í sér breytingar vegna 12. gr. samningsins. Þá er í frumvarpinu brugðist við ábendingum og tillögum nefndar Evrópuráðsins gegn pyndingum vegna heimsóknar hennar til Íslands árið 2012.

Þá byggir frumvarpið á tillögum sem komu fram um nauðungarvistanir í framhaldi af opnum fundi ráðuneytisins um mannréttindi geðsjúkra. - kbg

Ráðherra marki stefnu:

## Efling brothættra byggða

**ALPINGI** Lögð var fram tillaga til þingsályktunar um eflingu brothættra byggða og byggðafestu veiðiheimilda af Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Steinunni Þóru Árnadóttur, öll þingmenn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.

Þau álykta að fela sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að vinna framtíðarstefnumörkun um eflingu brothættra byggða í samráði við Byggðastofnun og helstu hagsmunaaðila.

Til grundvallar stefnumörkuninni fyrir minni sjávarbyggðir verði lögð verulega aukin byggðafesta veiðiheimilda. - ngy



**HILDUR SVERRISDÓTTIR** Borgarstjóri tók vel í tillöguna og sagði svona dagskrárlið geta gengið í borgarstjórn.

Vill óundirbúnar fyrirspurnir:

## „Hálftími hálfvitanna“

**REYKJAVÍK** Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, lagði fram tillögu á borgarstjórnarfundi í gær um að taka upp óundirbúnar fyrirspurnir í borgarstjórn líkt og tíðkast á Alþingi í óundirbúnum fyrirspurnatíma ráðherra.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði í umræðum um tillöguna, að talað væri um þennan dagskrárlið á Alþingi sem „hálftíma hálfvitanna“.

Hildur sagðist harma það að með þessum orðum Dags væri verið að ýja að því að minnihlutinn þyrfti að passa sig hvernig hann myndi haga orðum sínum í þessum dagskrárlið ella myndi meirihlutinn hætta að bjóða upp á þennan dagskrárlið. - ngy




## Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. verður haldinn 26. mars 2015

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til aðalfundar í félaginu sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, fimmtudaginn 26. mars 2015 og hefst kl. 15:00.

Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár með athugasemdum endurskoðenda.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári og framlög í varasjóð.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins skal lögð fram og atkvæði greidd um hana.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
   – Fyrir liggur tillaga um breytingu á 18. gr. samþykkta félagsins sem felur í sér fækkun varastjórnarmanna úr fimm í tvo.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins.
9. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
10. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar.
11. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.

Hluthafar eiga rétt á að leggja mál og/eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekin fyrir verður endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsvæði félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á veffangið stjorn@sjova.is.

Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárliði á aðalfundinum sjálfum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsvæði félagsins, www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundir.

Atkvæðagreiðslur á aðalfundinum verða ekki skriflegar nema ef einhver fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal þó vera skriflegt ef fleiri eru í kjöri til stjórnar en kjósa skal. Kveðið er nánar um stjórnarkjör í samþykktum félagsins en kosið er eftir hlutfallskosningu. Athygli er þó vakin á ákvæðum samþykkta um hlutfall kynja í stjórn félagsins.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist félaginu a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Hluthafar geta jafnframt vitjað atkvæðaseðla í höfuðstöðvum félagsins frá sama tíma og greitt þar atkvæði.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og mætt er fyrir helming hlutafjár í félaginu.

Frestur til að tilkynna framboð til stjórnar lýkur fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Framboðseyðublöð er hægt að nálgast á vefsvæði félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða aðgengilegar á vefsvæði félagsins, www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundir að lágmarki tveimur dögum fyrir aðalfund.

Endanleg dagskrá aðalfundar og fundargögn, þar á meðal tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund eru birt á vefsvæði félagsins, www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundir, og liggja frammi á skrifstofu þess í Kringlunni 5, 103 Reykjavík.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 14:30 á aðalfundardegi.

Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 3. mars 2015.
Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.

SJÓVÁ

# TRAUSTIR, NOTAÐIR GÆÐABÍLAR
## Á HAGSTÆÐU VERÐI



**Audi Q7** 3.0 TDI 233 hö.
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 130.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 4.990.000**



**Audi A4** 2.0 TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 49.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 4.890.000**



**VW Passat** Highl. Ecofuel
Árgerð 2011, bensín/metan
Ekinn 45.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.290.000**



**VW Tiguan** Sport&Style
140 hö. Árgerð 2014, dísil
Ekinn 39.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 5.590.000**



**VW Polo** 1.4 Comf.line 85 hö
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 66.500 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.190.000**



**MM Pajero** 3.2 Intense
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 68.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 6.990.000**



**Skoda Octavia** Ambiente
1.6 TDI. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 59.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.890.000**



**Chevrolet Captiva**
Árgerð 2011, bensín/metan
Ekinn 67.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.590.000**



**Toyota Yaris Sol**
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 68.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.190.000**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR** heklanotadirbilar.is
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16




**EINS OG GÖTÓTTUR OSTUR** Grandagarður er illa farinn. Þar hefur umferð bæði gangandi og akandi aukist. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Göturnar grotna niður

Skortur hefur verið á viðhaldi gatna og djúpar holur og raufar er að finna víða um borgina. Ljósmyndarar Fréttablaðsins mynduðu nokkur slæm tilfelli í Reykjavík í gær. Reykjavíkurborg ráðstafar 130 milljónum króna í malbiksviðgerðir í ár.

**UMFERÐ** Ástand vega í Reykjavík hefur sjaldan verið eins slæmt og nú og langan tíma mun taka að bæta úr ástandinu.

„Ástandið er eitthvað það allra versta sem um getur,“ segir Halldór Halldórsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn.

Reykjavíkurborg ráðstafar 530 milljónum króna í ár til gatnagerðar. Þar af fara 400 milljónir í malbiksframkvæmdir, sem er 100 milljóna hækkun frá árinu 2014, og 130 milljónir í malbiksviðgerðir. Á árinu 2014 fóru 120 milljónir í þann lið.

„Við lögðum til í borgarráði að 160 milljónum yrði ráðstafað til viðbótar í viðgerðir. Hætt yrði við þrengingu Grensásvegar og þannig hætt að eyðileggja götur og nota peninginn í að gera við götur. Þetta snýst um forgangsröðun,“ segir Halldór.

Gatnakerfi Reykjavíkurborgar er í dag um 420 kílómetrar og hefur lengst töluvert á síðasta áratug. Áætluð ending gatna hjá umhverfis- og skipulagssviði er mismunandi. Þannig er áætlað að minni húsagötur endist í 35 ár, aðrar húsagötur í 30 ár, safngötur í 20 ár en tengibrautir í 12 ár.

Árin 2013 og 2014 voru aðeins níu kílómetrar af götum endurnýjaðir. Ef sú vegalengd helst þá þarf ending allra slitlaga að vera 46 ár á meðan borgin áætlar að miðað við núverandi ástand og reynslutölur af endingu slitlaga þurfi að endurnýja 18 til 25 kílómetra á ári.

fanney@frettabladid.is



**DJÚPAR RAUFAR** Rauðarárstígurinn er eitt blæðandi sár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HOLUR** Djúpar holur hafa myndast á vegum við Spöngina í Grafarvogi. Slíkt getur farið mjög illa með bifreiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# SKOÐUN



Formælendur iðnaðarins tala um brottför álvera:

## Ala á þrælsótta

Tveir forsvarsmenn Samtaka iðnaðarins hafa upplýst að af 220 milljarða tekjum af útflutningi áls frá Íslandi verði um eitt hundrað milljarðar eftir hér á landi. Að 120 milljarðar af tekjunum flytjist því úr landi. Er það mikið, eða er það lítið? Þeir segja að hundrað milljarðarnir, sem verða eftir hér, séu tvöfalt meira en framlag íslenska ríkisins til Landspítalans. Það eru miklir peningar og það eru líka þeir 120 milljarðar sem verða til á Íslandi en eru fluttir út árlega.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hefur sagt að erlend fjárfesting á Íslandi sé litlu eða engu betri en erlendar lántökur. Hvort sem er kallar á að miklir peningar flytjist héðan.

Forsvarsmönnum iðnaðarins er hugleikið að nýverið voru fréttir, eða umræða öllu heldur, um að Alcoa Fjarðaál hafi verið skuldsett í drep og tryggt að fyrirtækið verði í áraraðir að gera upp við lánveitandann og því séu skattgreiðslur lægri en ella. Umræðan fór af stað og fékk nokkurn meðbyr. Eðlilega. Forsvarsmönnum iðnaðarins er ekki skemmt. Þeir óttast að efasemdarumræða hér geti móðgað ríka útlendinga sem vilji þá jafnvel ekki fjárfesta hér hjá okkur:

„Það vantar sárlega meiri erlenda fjárfestingu á Íslandi. Hún hefur og á að byggjast upp á okkar styrkleikum, t.d. hvað varðar orkumál, mannauði og fjölbreytni starfa. Það er einnig mikilvægt að hér byggist upp fjölbreyttur iðnaður þannig að atvinnulíf og hagvöxtur byggi á fleiri stoðum. Ísland hefur marga kosti þegar kemur að því að laða erlenda fjárfesta til landsins. En það er líka margt sem vinnur gegn okkur. Eitt af því er að starfsemi alþjóðlegra fyrirtækja á Íslandi sé gerð tortryggileg.“

Ísland er engin undantekning hvað varðar þörfina á erlendri fjárfestingu. Hún er kannski ekki mikils virði ef hún kostar að ekki megi hreyfa efasemdum og hafa uppi tortryggni um eitt og annað sem fylgir jafn stórri og mikilli starfsemi og stóru iðjuveri. Fyrirtæki sem verður frá fyrsta degi mótandi fyrir það samfélag sem verður þar um alla framtíð.

Formælendur iðnaðarins benda pent á og segja: „Efnahagslegur ávinningur af erlendri fjárfestingu er afar mikill. Í þessu samhengi hefur áliðnaðurinn á Íslandi mikið verið ræddur. Álútflutningur nemur 220 milljörðum króna á hverju ári og þar af verða um 100 milljarðar eftir í landinu. Það er rúmlega tvöfalt framlag ríkisins til Landspítalans, sem þó er stærsti útgjaldaliðurinn á fjárlögum. Það segir sig sjálft að það væri verulegt högg fyrir íslenskt þjóðarbú ef við yrðum af þessum tekjum.“ Hvað er gefið í skyn? Að við verðum af tekjunum sem skapast af álverunum. Er þetta hótun um að ef við högum okkur ekki betur fari þau með starfsemi sína burt frá Íslandi?

Hættið þessari vitleysu. Allir vita betur. Íslendingar verða ekkert af þessum tekjum. Efasemdirnar snúa að því hvort okkur beri að fá meira en nú er, eða ekki. Þau fyrirtæki sem þola ekki þannig umræðu og bollaleggingar verða að líta í eigin barm og meta hvort þau fái þrifist í gagnrýnu samfélagi eins og okkar eða ekki. Efasemdir eru eðlilegar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Svarar ekki vinnuveitendum

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, er upptekin kona. Skyldi kannski engan undra, þar sem hún gegnir mikilvægu embætti. Leitun er að fréttastofu á landinu sem ekki hefur reynt að ná í lögreglustjórann síðan Persónuvernd úrskurðaði að hún hefði brotið lög sem lögreglustjóri á Suðurnesjum. Jafnt stærstu fréttastofur landsins og þær minnstu, allt frá 365 miðlum til Þjórsárdalspóstsins; allir hafa reynt að ná í Sigríði Björk. Hún gaf sér tíma til að segja nokkur orð við RÚV á föstudagskvöldið – og hér er „nokkur orð“ ekki notað sem skrauthvörf, orðin sem hún mælti voru örfá. Sigríður Björk hefur ekki séð ástæðu til að svara öðrum fréttastofum og virðist ekki hafa þörf til að skýra sitt mál. Með því hundsar hún vinnuveitendur sína, almenning, fólkið í landinu sem borgar henni launin.



### Nónóveiran

Rétt er að byrja þennan mola á fyrirfram afsökunarbeiðni á aulahúmornum sem hann snýst um. Húmorinn hæfir þó höfundinum. Fréttastofur landsins héldu áfram að reyna að ná í Sigríði Björk í gær og um hríð leit út fyrir að hún ætlaði að tjá sig. Þegar leið á daginn bárust þó misvísandi skilaboð þar sem hún var ýmist á fundi eða heima með flensu. Trauðla er það nóróveiran sem hrjáir hana, en kannski nónóveiran, sem lýsir sér í stöðugri neitun á viðtali við fjölmiðla.



### Hálftími hálfvitanna

Hildur Sverrisdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt til að borgarstjórn taki upp sið Alþingis um óundirbúnar fyrirspurnir, þar sem borgarstjóri svari fyrirspurnum borgarfulltrúa. Fínasta hugmynd, enda var henni vísað til umsagnar forsætisnefndar. Borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, sló á létta strengi í umræðunni, sagði umræddan lið ganga undir gælunafninu „hálftími hálfvitanna“ á hinu háa Alþingi. Þetta er ekki fallega sagt og ekki til eftirbreytni að kalla einhvern lið í þingstörfum slíku ónefni. Þar að auki er það liðurinn störf þingsins sem gegnir því nafni.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Mismunandi valkostir – svar við kalli tímans?

STJÓRNMÁL



**Margrét S. Björnsdóttir**

félagi í Samfylkingunni – jafnaðarmannaflokki Íslands

Meginrök okkar sem í áratugi unnum að sameiningu vinstri flokkanna voru, að fleira sameinaði þá en skildi að og sameinaðir hefðu þeir meiri áhrif. Lykiláfangi var stofnun Reykjavíkurlistans 1994 og fjöldi sameiginlegra framboða um allt land, sem áttu síðan drjúgan þátt í samruna fjögurra flokka í Samfylkinguna árið 2000.

Í dag starfar þessi hluti stjórnmálanna í fjórum flokkum, Bjartri framtíð, Pírötum, Samfylkingu og Vinstri grænum. Framsóknarflokkur hefur í bili a.m.k. dæmt sig úr leik með lýðskrumi og þjóðernisbelgingi, þó þar séu vissulega góðir liðsmenn félagshyggju eins og Eygló Harðardóttir.

Erum við samfylkingarsinnar þá aftur á byrjunarreit? Ekki nauðsynlega. Líta má svo á að þessir fjórir flokkar höfði einfaldlega til mismunandi, en mikilvægra hópa vinstra megin við miðju, eitthvað sem einn flokkur myndi ekki gera. Kjósendur í dag vilja aukin áhrif, geta valið mismunandi áherslur á mismunandi tímum. Það er andi okkar tíma, en ekki skilyrðislaus flokkshollusta. Þetta er því ekki nauðsynlega slæmt fyrirkomulag. Ekki síst vegna þess, að mikilvægt atriði hefur breyst frá fyrri tíð, fólk í þessum fjórum flokkum lítur ekki hvert á annað sem sinn helsta andstæðing eins og oft var áður, t.d. á milli Alþýðubandalags og Alþýðuflokks.

Nýr meirihluti í borgarstjórn Reykjavíkur sýnir þetta glöggt, sem og samstarf VG og Samfylkingar í síðustu ríkisstjórn, í dag á Alþingi og að því er virðist prýðissamstarf þeirra einnig við þingflokka Bjartrar framtíðar og Pírata.

Ég held því að við eigum að horfa á þessa flokka sem bræðra- og systurflokka, þar sem vilji kjósenda á hverjum tíma ræður hvaða áherslur vega þyngst: Vilja kjósendur meira eða minna af 1. Hefðbundinni jafnaðarstefnu, samstarfi við verkalýðshreyfingu og áherslu á ESB-aðild (Samfylking)? 2. Róttækni í kvenfrelsis- umhverfismálum (VG)? 3. Uppreisn gegn kerfum og valdboði og kröfu um gagnsæi (Píratar)? 4. Frjálslyndri umbótastefnu (Björt framtíð)? Allir þessir þættir eru til í hverjum flokkanna, en misríkjandi.

Er ekki lærdómur stjórnmálasögu 20. aldar og um leið áskorun forystu þessara fjögurra flokka að láta ekki andstæðinga, innri átök eða persónulegan metnað, sundra samstarfi og samstöðu umbótasinnaðs félagshyggjufólks. Fólks sem vill gæta almannahagsmuna og jöfnuðar, og ekki síst standa vörð um þá sem veikast standa.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hagsmunir þjóðar varði leiðina

FJÁRMÁL



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
forsætisráðherra

Eitt hundrað milljarða hagnaður bankanna (80 milljarðar eftir skatta) á árinu 2014 er áminning um þau mistök sem gerð voru við endurreisn bankanna eftir hrun. Vegna ákvarðana sem þá voru teknar er bankakerfið of stórt og ávinningur af endurmetnu lánasafni kemur að mestu leyti í hlut kröfuhafa Arion banka og Íslandsbanka en ekki ríkisins sem þó bar áhættuna af endurreisninni.

Lögum samkvæmt gilda strangar reglur um eignarhald á fjármálafyrirtækjum. Sérstakar undanþágur í lögum þurfti til að heimila kröfuhöfum að eignast bankana á árinu 2009. Núgildandi lög heimila ekki slíkar undanþágur þannig að nú stæðist það ekki lög að afhenda kröfuhöfum bankana eins og gert var á sínum tíma.

Samanlagður hagnaður Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans frá hruni er um 360 milljarðar króna. Stór hluti þessa hagnaðar kemur til vegna endurmats á lánasöfnum sem færð voru á helmingsafslætti yfir í nýja banka en eru mun meira virði.

### Meirihluti hagnaðarins til kröfuhafa

Frá árinu 2009 hefur meirihlutinn af 360 milljarða króna hagnaði bankanna eftir skatta runnið til erlendra kröfuhafa. Miðað við óbreytta gjaldeyrisskröpun ræður íslenska hagkerfið ekki við að greiða arð af hagnaðinum úr landi, nema því aðeins að sleppa því að greiða samningsbundnar afborganir af erlendum lánum. Það er hættulegt fyrirkomulag.

Arðsemi eigin fjár bankanna er langt umfram það sem aðrir atvinnurekendur eiga að venjast og það þó eigið fé bankanna hafi safnast upp frá stofnun þeirra. Eigið fé bankanna þriggja er nú um 600 milljarðar króna og hefur meira en sjöfaldast að núvirði frá aldamótum.

Þetta hefur gerst þrátt fyrir háan rekstrarkostnað bankanna sem týnist inni í miklum hagnaði þeirra. Rekstrarkostnaðurinn á árinu 2014 nam svipaðri fjárhæð og ríkið ver til menntamála og menningarstarfsemi, eða um 80 milljörðum króna.

Við eðlilegar aðstæður væri ástæðulaust að amast við góðri afkomu fyrirtækja. Uppspretta hagnaðar skiptir hins vegar máli og í tilviki bankanna sprettur hann að miklu leyti af endurmati á lánasöfnum og fákeppni. Aðgangshindranir eru óvenju miklar í bankastarfsemi, ekki síst vegna

**➜ Þvert á móti þarf skýra sýn og sterka forystu þar sem hagsmunir íslensku þjóðarinnar eru hafðir að leiðarljósi.**

umfangsmikils regluverks. Ólíklegt er því að nýir aðilar ryðji sér til rúms á markaðnum með áherslu á lægri kostnað, minni þjónustu og betri kjör eins og gerst hefur á mörgum sviðum viðskiptalífsins og bylt áratugagömlum viðskiptavenjum. Bankar eru því betur varðir gegn samkeppni, innlendri sem erlendri, heldur en almennt tíðkast um fyrirtæki.

### Breytingar óhjákvæmilegar

Á næstu árum eru breytingar á eignarhaldi bankanna óhjákvæmilegar. Stjórnvöld þurfa að vinna að því að skipulag bankakerfisins tryggi skilvirka miðlun fjármagns til og frá heimilum og fyrirtækjum á hagkvæman og öruggan hátt.

Það er ekki hægt að nálgast greiðslujafnaðarvanda Íslendinga af léttúð. Af óskhyggju telja sumir að unnt sé að komast hjá efnahagsáföllum með því að styggja engan og halda öllum góðum, en slíkt er ekki raunhæft. Þvert á móti þarf skýra sýn og sterka forystu þar sem hagsmunir íslensku þjóðarinnar eru hafðir að leiðarljósi.

# Staða aldraðra er mjög slæm

KJÖR ALDRAÐRA



Björgvin Guðmundsson
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara

Ef við lítum á kjör og aðstöðu eldri borgara hér á landi í dag, kemur í ljós, að staða aldraðra á Íslandi er mjög slæm. Kjörin eru almennt svo lág, að ekki er unnt að lifa mannsæmandi lífi af þeim. Við það bætist, að staða sjúkra eldri borgara er algerlega óásættanleg. Þeir verða að bíða mánuðum saman eftir að komast á hjúkrunarheimili. Og þegar þeir loks komast þar inn, eru heimilin stórlega undirmönnuð vegna fjárskorts. Sama er að segja um heimahjúkrun. Þó stjórnmálamenn tali um að efla heimahjúkrun, fylgja ekki athafnir orðum þeirra. Það er ekkert gert til þess að efla hjúkrun í heimahúsum. Heimahjúkrun er einnig stórlega undirmönnuð.

### Eldri borgurum naumt skammtað

Ráðamenn þjóðarinnar ætlast til þess að einhleypur ellilífeyrisþegi, sem hefur engar greiðslur úr lífeyrissjóði og einungis lífeyri frá almannatryggingum, lifi af 192 þús. kr.á mánuði eftir skatt. En samkvæmt síðustu neyslukönnun Hagstofunnar, sem birt var, eru meðaltalsútgjöld einhleypinga til neyslu 321 þús kr. á mánuði. Engir skattar eru þar meðtaldir. Allir sjá hvílík gjá er þarna á milli. Dæmið gengur einfaldlega ekki upp með 192 þús. kr. á mánuði (eftir skatt). Ef sami ellilífeyrisþegi hefði 70 þús. kr. á mánuði úr lífeyrissjóði, hefði hann aðeins lítið meira í heildartekjur á mánuði vegna mikillar skerðingar TR. Þetta er líkast eignaupptöku. TR skerðir tryggingabætur um 40 þús. kr. á mánuði beinlínis vegna greiðslunnar úr lífeyrissjóði. Kvæntur ellilífeyrisþegi, sem eingöngu hefur tekjur frá TR, fær aðeins 172 þús.kr. á mánuði frá almannatryggingum.

### Neikvæð afstaða stjórnvalda

Afstaða stjórnvalda til aldraðra og öryrkja er mjög neikvæð hér á landi. Annars staðar á Norðurlöndunum ræða stjórnvöld og samtök eldri borgara saman um það hvað unnt sé að gera til þess að bæta kjör og aðstöðu eldri borgara. Hér á landi stinga stjórnvöld kröfum og ályktunum eldri borgara undir stól og hafa engan

**➜ Í lögum um málefni aldraðra segir, að aldraðir eigi að njóta jafnréttis á við aðra þegna þjóðfélagsins. En þetta lagaákvæði er þverbrotið.**

áhuga á að ræða málin. Mannréttindi eru einnig ítrekað brotin á öldruðum og öryrkjum hér á landi.

Í lögum um málefni aldraðra segir, að aldraðir eigi að njóta jafnréttis á við aðra þegna þjóðfélagsins. En þetta lagaákvæði er þverbrotið. Rannsóknir leiða í ljós, að biðtími aldraðra eftir meðferð á sjúkrastofnunum er lengri en þeirra, sem yngri eru. Í launa- og kjaramálum hafa eldri borgarar sætt annarri meðferð en launþegar. Kjörum eldri borgara hefur verið haldið niðri og þau skert á sama tíma og láglaunafólk hefur fengið kjarabætur. Embættismenn og alþingismenn hafa fengið leiðréttingu á sínum kjörum afturvirkt á sama tíma og kjör aldraðra hafa verið fryst. Eldri borgurum hefur verið mismunað freklega. Mannréttindi hafa ítrekað verið brotin á þeim.

# Hið íslenska biblíufélag 200 ára

TRÚ



Friður Birna Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri ABC barnahjálpar

„Örsmá er býflugan meðal fleygra vera en afurð hennar er sætari öllu lostæti.

Hreyk þér ekki upp þótt þú berir glæst klæði og ofmetnast ekki þótt þú njótir sæmdar.

Því að Drottinn gerir dásemdarverk og það sem hann aðhefst er mönnum hulið.

Margur harðstjórinn hefur úr hásæti fallið og sá hlaut kórónu sem síst varði.

Margur valdhafinn þoldi mestu smán og rómaðir menn lentu á valdi annarra“ (Síraksbók 11:3-6)

Biblían er bók bókanna, það er engin spurning. Ég tala oft um hana sem „Orginalinn“. Ástæðan er sú að ég hef markvisst sótt mikið af uppbyggilegum námskeiðum í m.a. stjórnun, sjálfstyrkingu og hópefli reglulega frá því ég fór á vinnumarkaðinn innan við tvítugt. Það leið varla það ár sem ég fann ekki eitthvert námskeið til að sækja. Ótal margt lærði ég sem gerði mig betri í vinnu og bætti mitt persónulega líf. Fyrir um tíu árum fór ég svo á Alfa-námskeið sem breytti öllu mínu lífi. Á námskeiðinu kynntist ég lifandi trú, sem fram að því hafði fallið undir falleg ævintýr í mínum huga. Samhliða fór ég að lesa Biblíuna og uppgötvaði hið ótrúlega. Í Biblíunni, bók bókanna, fann ég nánast, ef ekki, allt sem ég var búin að læra á hinum námskeiðunum og hafði skipt máli. Ég tel mig því vera komna með frumritið, „Orginalinn“. Ég þarf því bara eina bók í dag, les oft í henni og finnst enn þá einstök, eftir þessi tíu ár. Hér koma vers úr 1. Korintubréfi 13. kafla sem ég les oft vegna þess að þau minna mig á að vera alltaf góð við fólk:

**➜ Ég þarf því bara eina bók í dag, les oft í henni og finnst hún ennþá einstök, eftir þessi tíu ár.**

„Þótt ég talaði tungum manna og engla en hefði ekki kærleika væri ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla. Og þótt ég hefði spádómsgáfu og vissi alla leyndardóma og ætti alla þekking og þótt ég hefði svo takmarkalausa trú að ég færa mætti fjöll úr stað en hefði ekki kærleika, væri ég ekki neitt. Og þótt ég deildi út öllum eigum mínum og þótt ég framseldi líkama minn til þess að verða brenndur en hefði ekki kærleika, væri ég engu bættari.“

Hið íslenska biblíufélag er 200 ára í ár. Ég óska félaginu til hamingju með 200 árin. Megi Guð blessa áframhaldandi starf félagsins.

Ungt fólk og sorg

Lilja Sif Þorsteinsstóttir sálfræðingur flytur erindið „Ungt fólk og sorg“ á fræðslukvöldi Nýrrar dögunar og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, fimmtudagskvöldið 5. mars kl. 20 í safnaðarheimili Háteigskirkju.

Aðgangur ókeypis, allir hjartanlega velkomnir.

Krabbameinsfélagið
NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð
www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is




Lebowski Bar
menu

1. LEBOWSKI
Ostborgari 150g 990 kr.
Með frönskum og gosi 1450 kr.

2. WALTER
Beikonborgari 150g 1290 kr.
Með frönskum og gosi 1750 kr.

3. DONNY
Bernaiseborgari 150g 1290 kr.
Með frönskum og gosi 1750 kr.

4. THE OTHER LEBOWSKI
Steikarborgari 150g 1590 kr.
Búinn til úr nautalund.
Með frönskum, bernaise og gosi 2090 kr.

5. BUNNY LEBOWSKI
Kjúklingaborgari 1290 kr.
Með gráðaostasósu og BBQ sósu.
Með frönskum og gosi 1750 kr.

6. HONEY BOO
Beikonborgari 150g 1290 kr.
Hunangsgljáð beikon, BBQ sósa og japanskt mæjónes.
Með frönskum og gosi 1750 kr.

7. THE NIHILISTS
Kjúklingavængir 10stk. 1390 kr.
Gráðaostasósa og BBQ sósa.



Lebowski BAR
Laugavegi 20a 101 Reykjavík
552-2300 lebowskibar.is

# Opið bréf til þingmanna

HEILBRIGÐISMÁL



**Lára G. Sigurðardóttir**
læknir, doktorsnemi í lýðheilsuvísindum og formaður fag- og fræðsluráðs Krabbameinsfélagsins

Það hryggir mig að þurfa að setjast niður og skrifa þetta bréf. Á meðan Landspítalinn og heilsugæslan eru komin að þolmörkum leggja nokkrir þingmenn kapp á að auka álagið á heilbrigðiskerfið.

### Engin brjóstbirta í Kollubúð

Þeir halda því fram að það að gera áfengissölu frjálsa sé allt í lagi og skerði ekki lýðheilsu okkar. Ein röksemd þeirra er að Jón Jónsson á Hvanneyri eigi rétt á sama aðgengi og Jónas Jónasson í Borgarnesi. Samt hef ég aldrei heyrt Jón Jónsson kvarta undan því að hann þurfi að keyra til Borgarness til að kaupa sér áfengi eða finnist það brjóta gegn einstaklingsfrelsinu að geta ekki keypt sér brjóstbirtu í Kollubúð.

### Ungmenni kaupa áfengi

Ofneysla áfengis er eitt stærsta heilbrigðisvandamál sem við horfumst í augu við. Teymi sérfræðinga hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) hefur komist að þeirri niðurstöðu að áhrifaríkustu leiðirnar til að minnka áfengisneyslu eru allar á valdi stjórnvalda. Þær eru takmörkun á framboði áfengis, verðstýring og bann við áfengisauglýsingum.

Enda sýna gögn frá OECD að neysla áfengis miðað við höfðatölu er allt að tvöfalt meiri í löndum þar sem áfengissala er frjáls – þar með talin drykkja ungmenna undir lögaldri. Auk þess sýna rannsóknir að þrefalt fleiri ungmenni geta keypt áfengi í matvörubúðum en áfengisbúðum án þess að vera spurð um skilríki.

### Mikil ábyrgð fylgir því að kjósa

Vonandi er óþarfi að skrifa þetta bréf en ef þú, ágæti þingmaður, átt eftir að gera upp hug þinn hvort leyfa eigi frjálsa áfengissölu þá bið ég þig um að hafa hugfast, að ef þú kýst með frumvarpinu þá gætir þú einnig verið að velja eftirfarandi:

1. Tvöföldun á heildaráfengisneyslu Íslendinga.
2. Þreföldun á áfengisaðgengi íslenskra ungmenna.
3. Fjölgun krabbameinstilfella – áfengisneysla eykur líkur krabbameini í níu líffærum.
4. Fjölgun geðsjúkdóma eins og þunglyndis og kvíðaraskana ásamt örorku.
5. Fjölgun annarra sjúkdóma svo sem skorpulifrar, briskirtilsbólgu, gáttaflökts, heilablæðinga og smitsjúkdóma.
6. Aukningu á tíðni fósturskaða vegna áfengisneyslu.
7. Fjölgun alvarlegra slysa og banaslysa í umferðinni.
8. Aukið heimilisofbeldi og vanrækslu barna.
9. Fjölgun líkamsárása og glæpa.
10. Aukningu á tíðni sjálfsvíga.

Það er mikil ábyrgð sem fylgir því að samþykkja umrætt frumvarp og mikilvægt að geta staðið heils hugar við ákvörðun sína eftir að hafa skoðað allar hliðar málsins. Gríðarleg vinna hefur verið lögð í að rannsaka skaðlegar afleiðingar áfengisneyslu ásamt því að finna leiðir til að lágmarka skaðann á heilsu þjóðarinnar. Með því að auka aðgengi að áfengi erum við að kasta frá okkur þeim árangri sem þessi vinna hefur skilað.

### Þú stendur vörð um heilsu fólksins

Eins og fyrr sagði eru allar mikilvægustu forvarnaraðgerðir til að auka lýðheilsu Íslendinga lagðar í hendur ykkar þingmanna. Ykkur ber skylda til að gera allt sem í ykkar valdi stendur til að draga úr áfengisneyslu en ekki auka hana og standa þannig vörð um heilsu fólksins í landinu.

Ef þingmaður heldur því fram að það að gera áfengisneyslu frjálsa auki ekki áfengisneyslu, sérstaklega meðal ungmenna, þá vil ég sjá þær rannsóknir sem styðja þessar staðhæfingar.

# Boltinn er hjá Alþingi, ekki þýðendum

STJÓRNSÝSLA



**Gunnlaugur H. Jónsson**
eðlisfræðingur

Þessi grein er skrifuð í tilefni umræðna um þýðingu þýðenda og Alþingis á löggjöf ESB í kjölfar fréttar af ummælum Sigrúnar Magnúsdóttur umhverfisráðherra. Ráðherra viðraði það í Fréttablaðinu hvort ekki væri hægt að nota mildara orðalag við þýðingu Evróputilskipana. Eftirfarandi dæmi sýna hins vegar að ströng lög og strangar reglugerðir koma ekki aðeins frá Evrópusambandinu. Íþyngjandi lög og reglugerðir virðast koma frá Alþingi og íslenskum eftirlitsstofnunum og eru stundum í andstöðu við evrópsk lög um frelsi og frjálsan flutning vöru og þjónustu.

Tilskipun ESB um umhverfismat segir að allar meiriháttar framkvæmdir sem hafa áhrif á umhverfið skuli fara í umhverfismat áður en framkvæmdir hefjast. Síðan skilgreinir tilskipunin nánar hvaða framkvæmdir teljast meiriháttar og þar á meðal eru tiltekin samgöngumannvirki. Til meiriháttar samgöngumannvirkja teljast langar járnbrautir, flugbrautir sem eru lengri en 2.100 metrar, hraðbrautir og nýir fjögurra akreina vegir sem eru lengri en 10 km.

Í íslensku löggjöfinni, lög um mat á umhverfisáhrifum frá árinu 2000, eru mun fleiri framkvæmdir skyldaðar í umhverfismat. Með öðrum orðum þá er íslenska löggjöfin mun meira íþyngjandi en tilskipun ESB gefur tilefni til. Í íslensku löggjöfinni verða „nýir fjögurra akreina vegir sem eru lengri en 10 km“ að „nýjum vegum sem eru 10 km eða lengri“.

Almennir vegir á Íslandi þurfa að lúta sömu kröfum um umhverfismat og fjögurra akreina vegir innan ESB. Ekki er líklegt að þessi íþyngjandi íslenska löggjöf sé innleidd vegna villu í þýðingu. Líklegra er að íslenski löggjafinn vilji hafa lögin strangari en almennt gerist í Evrópu.

Hefði Alþingi samþykkt lög um mat á umhverfisáhrifum samhljóða tilskipun ESB hefði vegur um Teigsskóg verið lagður án umhverfismats og tafa sem hafa hlotist af langvarandi deilum um áhrif vegar á skóginn. Sé það vilji Alþingis getur það fært íslensku lögin að tilskipun ESB og lagt venjulegan íslenskan þjóðveg um Teigsskóg án umhverfismats þar sem hann telst ekki meiriháttar framkvæmd samkvæmt tilskipun ESB.

Svo er það annar íslenskur misskilningur eða þýðingarvilla að Teigsskógur sé skóglendi. Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og málvenjum þá er Teigsskógur ekki skógur, á ensku „wood eða forest“ þar sem hann er ekki samfellt gróðurlendi sem er að jafnaði vaxinn 5 m eða hærri trjám. Teigsskógur er kjarr, á ensku „shrub“, en það er gróðurlendi sem er að jafnaði lægra en 6 m.

### Kadmíum í áburði

Innan ESB hefur það verið kannað í áratugi hvort tilefni sé til þess að setja lög um hámark kadmíums í áburði. Ekki hefur verið talin ástæða til þess þrátt fyrir áratuga rannsóknir. Þrjú ríki innan ESB, Austurríki, Finnland og Svíþjóð, hafa hins vegar tímabundna undanþágu frá almennu viðskiptafrelsi með áburð innan ESB til þess að setja hámark á kadmíum í áburði. Ísland hefur sett hámark á kadmíum í áburði án sérstakrar heimildar frá ESB. Þegar Ísland setti slíkt hámark var miðað við ströngustu reglu sem finnst en hún finnst hjá Finnum. Hún er helmingi strangari en sú sem Svíar nota en þeir eru með næst ströngustu regluna. Samkvæmt skilningi ESB er þessi takmörkun á kadmíum viðskiptahindrun sem ekki byggir á vísindalegum grunni. Rannsóknir íslenskra vísindamanna, Þorsteins Þorsteinssonar, Friðriks Pálmasonar og Ingvars Björnssonar, benda til þess að ekki hafi stafað nein hætta af kadmíum í áburði á Íslandi. Hætta af kadmíum í áburði getur verið mismunandi eftir löndum, jarðvegi og úrkomu. Verulega íþyngjandi reglur um kadmíum í áburði eru því án vísindalegra raka og í andstöðu við reglur ESB um fjórfrelsið.

Hér að ofan eru rakin tvö dæmi um íþyngjandi ákvarðanir Alþingis sem ganga mun lengra en tilskipanir ESB, jafnvel í andstöðu við meginreglu ESB um fjórfrelsið. Það má finna fleiri dæmi um eindreginn vilja íslenska löggjafarvaldsins til þess að vera kaþólskara en páfinn. Nægir þar að nefna íþyngjandi reglur um innflutning á kjöti.

Löggjafarvaldið er Alþingis. Þá á Alþingi að fylgjast með því að framkvæmdarvaldið, eftirlitsstofnanirnar, gangi ekki lengra en lög heimila í því að setja íþyngjandi reglugerðir. Boltinn er hjá Alþingi, ekki þýðendum.

**➜ Íþyngjandi lög og reglugerðir virðast koma frá Alþingi og íslenskum eftirlitsstofnunum og eru stundum í andstöðu við evrópsk lög um frelsi og frjálsan flutning vöru og þjónustu.**

# Framsókn mannréttinda

SAMFÉLAG



**Magnús Már Guðmundsson**
varaborgarfulltrúi og situr í mannréttindaráði fyrir Samfylkinguna.

Vitundarvakning meðal ungs fólks um hefndarklám, heimildarmynd um fátækt á Íslandi, námskeið til að auka samfélagsvitund ungra Víetnama, átak gegn fordómum um psoriasis, skráning sögu hælisleitenda á Íslandi, námskeið fyrir fatlaðar stelpur og þýðing og talsetning á teiknimynd þar sem aðalpersónan er samkynhneigð voru meðal þeirra verkefna sem hlutu styrki mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar í lok síðasta árs. Ráðinu bárust 33 umsóknir frá einstaklingum og félagasamtökum í haust, en 18 verkefni hlutu styrkveitingu að þessu sinni. Um er að ræða styrki til verkefna sem samræmast mannréttindastefnu borgarinnar og ætlað er að stuðla að jafnræði borgarbúa og farsælu og fjölbreytilegu mannlífi.

Mörg sveitarfélög bjóða upp á að íbúar og grasrótarsamtök leiti til þeirra með ósk um styrkveitingu í tiltekin verkefni sem ætlað er að bæta mannlífið með einhverjum hætti. Í Reykjavík eru árlega veittir styrkir til ýmissa verkefna, meðal annars á sviði velferðarmála, íþrótta- og æskulýðsmála, menningarmála og mannréttindamála. Á flestum sviðum eru styrkir einungis veittir árlega og umsóknarfrestur þá á haustin, en mannréttindaráð úthlutar styrkjum tvisvar á ári, bæði á haustin og vorin.

**➜ Nú styttist í næstu styrkveitingu ráðsins og verður auglýst eftir almennum styrkumsóknum nú í mars.**

Á undanförnum árum hafa fjölmargir einstaklingar og félagasamtök sótt um styrki vegna ólíkra verkefna sem snúa að mannréttindum til mannréttindaráðs borgarinnar. Verkefni sem hefðu mörg hver ekki komist á legg nema vegna styrkveitinga ráðsins. Ljóst má vera að innan grasrótarinnar er fullt af hugmyndaríku hugsjónafólki sem vill vinna gegn mismunun svo allir fái notið sjálfsagðra mannréttinda og bæta samfélagið með fjölbreyttum verkefnum. Til að styðja við gerjun og áframhaldandi þróun slíkra verkefna mun mannréttindaráð áfram veita styrki til slíkra verkefna.

Nú styttist í næstu styrkveitingu ráðsins og verður auglýst eftir almennum styrkumsóknum nú í mars. Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér málin og sækja um, en allar helstu upplýsingar má finna á vefslóðinni reykjavik.is/styrkir. Það er von mín að mannréttindaráði haldi áfram að berast ólíkar og spennandi umsóknir frá borgarbúum svo borgin geti áfram blómstrað á sviði jafnræðis og mannréttinda.

# Finndu og ræktaðu hæfileika þína

**GEÐORÐIN 10**
Grein 9

Greinin er níunda greinin af tíu í greinaröð jafn margra úrræða og/eða félaga á geðheilbrigðissviðinu á höfuðborgarsvæðinu um Geðorðin 10.

GEÐHEILBRIGÐI



**Edna Lupita**



**Kremena Demireva**



**María Gísladóttir**
f. h. Hlutverkaseturs

**➜ Hlutverkasetur er starfsendurhæfingahæfinga- og virknimiðstöð. Fólk kemur til að auka lífsgæði sín, brjótast út úr einangrun, halda sér virkum eða undirbúa sig til náms eða vinnu.**

Hlutverkasetur er starfsendurhæfingar- og virknimiðstöð. Fólk kemur til að auka lífsgæði sín, brjótast út úr einangrun, halda sér virku eða undirbúa sig til náms eða vinnu. Edna, Kremena og María eru mæður sem allar hafa nýtt listræna hæfileika sína til að endurheimta vonina og trú á eigin áhrifamátt eftir áföll í lífinu.

**Edna Lupita.** Ég kom Íslands frá Mexíkó 1998. Ég varð þunglynd fyrir nokkrum árum og lagðist í kjölfarið á geðdeild LSH. Ég kynntist Hlutverkasetri og tók m.a. þátt í leiklistartímum. Sjálfstraustið óx og ég öðlaðist kjarkinn á ný. Ég hef síðan haldið námskeið í dansi og leiklist og sett upp tvær jólasýningar. Í fyrstu hafði ég enga trú á mér. Ég var hvött til að mæta, fræðast og kynnast fólkinu. Ég fékk leyfi til að vera þiggjandi og þurfti ekkert að gefa af mér til að vera samþykkt. Síðan þá hef ég öðlast meiri reynslu og sjálfstraust og fengið tækifæri til að þróa mínar eigin aðferðir bæði í leiklist og dansi. Mitt markmið er að stofna leikhóp þar sem listamenn og fólk sem kljáist við geðraskanir vinna saman. Í dag rækta ég hæfileika mína og er sífellt að uppgötva nýja. Ég hef lokið námi frá LHÍ og veit núna að ég er ekki bara góð í dans- og leiklist heldur hef ég uppgötvað að ég er líka góð í mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst í listinni að lifa.

**Kremena Demireva.** Fyrir þremur árum datt ég út af vinnumarkaði eftir skilnað og einangraðist í kjölfarið. Eftir innlögn á geðdeild LSH var mér vísað í Hlutverkasetur. Þar kynntist ég fólki sem var í sömu sporum og ég og eignaðist vini. Ég hef alltaf haft áhuga á saumaskap og þegar ég uppgötvaði saumavélina þá fannst mér ég vera komin heim til mömmu í Búlgaríu. Mér var boðið að nýta hana og tók ég því þakksamlega. Ég fékk tækifæri til að hanna og sauma föt. Fólkið, saumavélin og hæfileikar mínir hafa hjálpað mér að öðlast tilgang á ný. Á konukvöldi sl. vor stóð ég t.d. fyrir tískusýningu. Ég fæ mikið hrós á staðnum og er hvött áfram í því að útfæra nýjar hugmyndir og halda áfram á sömu braut. Í dag er ég komin í hlutastarf að aðstoða aðra sem eru í svipuðum sporum og ég var í þegar ég var að brjótast út úr einangrun. Ég kem í Hlutverkasetur til að gleðjast, fá stuðning og kærleik sem er mér nauðsynlegur til að halda áfram að lifa og geta látið gott af mér leiða.

**María Gísladóttir.** Ég hef lengst af búið í Reykjavík en ég hef einnig búið í Mið-Austurlöndum og Króatíu. Ég hef lifað við ofbeldi og hef glímt við áfallastreituröskun. Um síðastliðin áramót varð ég fyrir enn einu áfallinu og frétti þá af Hlutverkasetri og fór að sækja það reglulega. Þar hef ég fengið stuðning, hvatningu, skilning og traust. Ég hef ekki getað ræktað og hlúð að listrænum hæfileikum mínum fyrr en nú. Ég byrjaði að stunda listsköpun og fljótlega var ég virkjuð í að leiðbeina og halda námskeið í teikningu og fleiri listgreinum í Hlutverkasetri. Síðustu mánuði hef ég einnig liðsinnt gestum Vinjar í myndmennt. Mig dreymir um að nýta hæfileika mína og reynslu enn frekar, læra meira og vinna við listkennslu í framtíðinni. Í haust hélt ég mína fyrstu sýningu í Drekaslóð og mun vera með á myndlistarsýningu á 10 ára afmæli Hlutverkaseturs næsta ár. Draumurinn er að verða leiðbeinandi í mismunandi listformum sem nýtist fólki sem á við einhvers konar erfiðleika að stríða.

# Femarelle®

**Náttúruleg lausn við áhrifum tíðahvarfa**

*Staðfest með rannsóknum sl. 14 ára*
*- vinnur á einkennum tíðahvarfa kvenna.*

*Inniheldur staðlað tofu extract, ekki erfðabreytt (GMO frítt)*
*Náttúruleg lausn fyrir konur án hormóna.*

*„Léttara skap og betri svefn“*
**-Bryndís Guðmundsóttir**

*„Allt annað líf og betri svefn“*
**-Soffía Káradóttir**

*„Femarelle bjargaði líðan minni“*
**-Valgerður Kummer Erlingsdóttir**

*„Laus við verkjalyfin - þvílíkur munur“*
**-Kolbrún Jóhannsdóttir**



## ÞRÓUN KAUPMÁTTAR FRÁ 1989




# Kaupmáttur launa aldrei hærri

KJARAMÁL



Willum Þór Þórsson
alþingismaður



Þórunn Egilsdóttir
alþingismaður

Í aðdraganda kjarasamninga undanfarna mánuði hefur töluvert verið rætt um að nauðsyn sé á miklum almennum hækkunum og verkalýðsleiðtogar sagst tilbúnir í verkfallsaðgerðir ef kröfur þeirra verða ekki samþykktar undanbragðalaust. Margir þeirra hafa haldið því fram að kjarasamningar ríkisins við kennara og lækna hafi hleypt loftinu úr blöðru samstöðu um áherslu á kaupmáttarhækkun sem réði för við síðustu kjarasamninga.

Í þessari umræðu er rétt að skoða nokkuð víðara samhengi hlutanna og spyrja sig að því hvað getur talist raunveruleg kjarabót fyrir launafólk? Nú er til dæmis ljóst að árangur síðustu kjarasamninga er ótvírætt sá að kaupmáttur hefur aukist, jafnvel meira en margir þorðu að vona. Sú skynsamlega nálgun að ríkið og aðilar vinnumarkaðarins vinni saman að því að auka ráðstöfunartekjur og bæta kaupmátt hefur því skilað því sem vonast var til og jafnvel gott betur.

Margir hnussa þó yfir slíkum boðskap. En þá er á það að líta að kaupmáttur mælir einfaldlega hvað hægt er að kaupa fyrir innihaldið í launaumslaginu. Ef kaupmáttur eykst um 5,3%, eins og hann hefur gert undanfarið ár, þýðir það að hægt er að bæta 5,3% meiri vörum í innkaupakerruna en áður fyrir sömu krónurnar. Slík búbót fyrir launamenn hefur sannarlega ekki verið á hverju strái undanfarin ár. Þessi nálgun ríkis og aðila vinnumarkaðarins hefur skilað því að kaupmáttur launa á Íslandi hefur aldrei mælst hærri en nú.

Líklega er þó enn mikilvægari staðreynd fyrir allt almennt launafólk og heimili í landinu, að verðbólga mælist nú undir 1% og hér ríkir nú mesti verðlagsstöðugleiki sem sést hefur í 10 ár. Þess má geta að verðbólga hefur ekki verið minni síðan í lok árs 1994. Skynsamlegir kjarasamningar og ábyrg fjármálastjórnun í ríkisrekstrinum hafa átt sinn þátt í því að ná þessum árangri stöðugleika og aukins kaupmáttar.

Það er augljóst að það er ekki launafólki í hag að ríflegar launahækkanir 90% vinnumarkaðarins leiði til verðlagsþrýstings. Íslendingar hafa því miður alltof mikla reynslu af víxláhrifum launa og verðlags og þekkja hin skaðlegu áhrif sem raungerast í hækkun vaxtabyrði og höfuðstóls verðtryggðra lána heimilanna. Því þarf að nálgast kjarasamninga með það í huga að verja stöðugleikann og auka kaupmáttinn. Sagan sýnir að það er líklegast til heilla fyrir þjóðfélagið. Í því samtali sem framundan er væri því skynsamlegast að horfa til krónutöluhækkana lægstu launa og mildari hækkana upp launastigann.

# Kökur og smjör

SAMFÉLAG



Gunnar Hólmsteinn Ársælsson
stjórnmálafræðingur og kennari

**➔ Hvað er til ráða? Jú, það þarf að skipta þessari margumtöluðu köku með réttlátari hætti.**

Hér drýpur smjör af hverju strái – í bönkunum, hér býr fullt af fólki sem lifir á smálánum, hér rífast stjórnarflokkarnir um það hver eigi að ráða yfir fiskveiðiauðlindinni, sem okkur almenningi er talin trú um að sé í okkar eigu. Annað eins bull er varla til í íslensku samfélagi og er þó af nógu að taka. Hér bíða verktakar í röðum, eftir að geta grafið landið í sundur, lagt háspennulínur út um allt og hér er beðið eftir því að hægt sé að selja rafmagnið á undirverði til erlendra stórfyrirtækja, sem flytja svo allt sem þau framleiða úr landi. Hér nota stórfyrirtæki sér glufur í skattalöggjöf til þess að koma sér undan sköttum og það sama á við í grunnþjónustu, þar sem einkaaðilar hagnast um og eignast hundruð milljóna króna með því sem kallast „skattalegt hagræði“. Þetta minnir á nýlenduvæðingu Afríku á 19. og 20.öld þegar nýlenduveldin skiptu upp á milli sín álfunni og mergsugu hana inn að beini. Mörg af helstu vandamálum Afríku eru einmitt til komin vegna þessa. Og í umræðunni um heilbrigðiskerfið eru menn komnir svo langt að ræða sölu á ríkiseignum, þar með talið orkuauðlindum, Landsvirkjun og hlut í Landsbankanum til þess að byggja sjúkrahús. En réttlátara skattkerfi, þar sem þeir sem vaða í peningum láta meira af hendi rakna, það má ekki minnast á.

Í frétt á RÚV frá því í febrúar segir: „Fátækt barna hefur aukist mest á Íslandi á árunum 2008 til 2012 af ríkjum OECD. Ísland er í neðsta sæti af fjórutíu og einu ríki og er næst á eftir Grikklandi. Mest fátækt er hjá börnum innflytjenda á Íslandi eða um 38 prósent… Fram kemur að fátækt barna á Íslandi jókst um rúm 20 prósentustig frá árinu 2008 til 2012 eða frá 11,2 prósentum í 31,6. Þetta þýðir að 17 þúsund fleiri börn hér á landi hafa fallið undir lágtekjumörkin frá 2008.“ Þetta er fengið úr nýrri skýrslu UNICEF, þar sem borin eru saman gögn frá yfir 40 ríkjum OECD og Evrópusambandsins.

Hvað er til ráða? Jú, það þarf að skipta þessari margumtöluðu köku með réttlátari hætti. Nei, bíddu við, segja frjálshyggjumenn, það þarf að stækka kökuna! Þá fá allir nóg. Nei, segi ég, það er nefnilega þannig að sumir eru með svo stórar kökur að þeim dugar varla lífið til, til þess að troða þeim ofan í sig. Þá geta þeir bara leyft öðrum að njóta með sér.

# Þakklát dóttir kerfisljóns

SAMFÉLAG



Inga María Árnadóttir
formaður Curators, nemendafélags hjúkrunarnema við HÍ

**➔ Best væri auðvitað ef allir aldraðir, fatlaðir eða langveikir gætu nýtt sér notendastýrða þjónustu en hún hæfir ekki öllum þar sem hún byggir á því að fólk skipuleggi sjálft það sem gera þarf, eins og að setja upp vinnuplan og greiða laun.**

Við getum ábyggilega flest verið sammála um að NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð) sé afar vel til þess fallin að mæta þörfum fatlaðra einstaklinga. Sú þjónusta miðar að því að hinn fatlaði ræður til sín starfsfólk sem sinnir hans þörfum þegar hann þarf á þeim að halda og á þann hátt sem er ákjósanlegastur fyrir viðkomandi. Hann fær svo mánaðarlegan styrk frá sveitarfélaginu til að greiða starfsfólki sínu laun og hluta af öðrum kostnaði.

Best væri auðvitað ef allir aldraðir, fatlaðir eða langveikir gætu nýtt sér notendastýrða þjónustu en hún hæfir ekki öllum þar sem hún byggir á því að fólk skipuleggi sjálft það sem gera þarf, eins og að setja upp vinnuplan og greiða laun. Þá er þjónusta sem þessi talin vera kostnaðarsöm og aðeins fáir njóta hennar. Þó sýnir bresk könnun að kostnaður er oft svipaður við persónulega aðstoð og hefðbundna umönnun. Í Noregi er notendastýrð þjónusta meira að segja talin hagkvæmari en önnur hugsanleg þjónusta fyrir sama hóp notenda hennar. En kerfið er því miður byggt upp á þann hátt að það vinnur ætíð gegn þeim sem þurfa mest á því að halda. Þegar fólk skortir þrek, áræði eða getu til að ganga á eftir réttindum sínum verður það að sætta sig við þá litlu flís sem er eftir af bráðinni þegar ljónin eru búin að gæða sér á henni.

Fósturpabbi minn er eitt af þessum banhungruðu kerfisljónum. Fyrir tólf árum hálsbrotnaði hann í slysi og hefur verið bundinn við hjólastól síðan. Hann er ákveðinn, harður af sér og fær sínu framgengt. Nær daglegt þras í fjölda ára og stöðug barátta við kerfið, þrátt fyrir einlægan vilja starfsfólksins innan þess til að hjálpa, hefur loks skilað honum mánaðarlegum styrkjum frá NPA. Hann lætur eins og argasta frekja til þess eins að bjarga sér. Til þess eins að halda sér virkum, starfa áfram sem verkfræðingur og gefa af sér til samfélagsins.

### Frelsi til sjálfstæðs lífs

Fjölskylduna mína hafði í rúman áratug dreymt um að fara saman til Nýja-Sjálands. Fyrir tilstilli NPA gátum við loksins látið verða af því að fara núna um jólin. Við vorum í fimm vikur á ferðalagi og eyddum dýrmætum tíma saman sem við höfum ekki gert í fjölda ára þar sem ég bý ekki lengur á heimilinu. En ég fór þó ekki eingöngu með í þessa ferð sem dóttir, heldur einnig sem aðstoðarmanneskja hans á vegum NPA og sem hjúkrunarnemi. Ég gegndi afar ólíkum hlutverkum í ferðinni sem voru langt frá því að vera klippt og skorin.

Í þau skipti sem ég vaknaði á nóttunni eða skildi við ilmandi, nýlagaða kaffið til að aðstoða hann, eða gera hluti fyrir hann sem ég mundi ekki einu sinni eftir að gera fyrir sjálfa mig, var ég aðstoðarmanneskjan hans. Þegar ég lét opna neyðarkassann í flugvélinni, bjó um sárin hans, ráðlagði honum varðandi lyfjaskammta, dreifði huga hans frá verkjum eða reddaði hjúkrunarvörum fyrir hann var ég hjúkrunarfræðingurinn hans. Þess á milli gat ég verið dóttir hans.

Eins og gefur að skilja var vinnutíminn minn og álagið úti mjög ólíkt því sem gerist þegar fólk mætir í vinnu og fer síðan heim. En vegna þess að ég leit svo á að ég væri þarna á vegum NPA gat ég aðskilið þessi hlutverk upp að ákveðnu marki. Ég upplifði massívan hlutverkarugling á þessum fimm vikna ferðalagi en ég þakka fyrir á hverjum degi að þurfa ekki að upplifa hann í daglegu lífi.

NPA veitir fólki sem býr við einhverja fötlun frelsi til að lifa sjálfstæðu lífi. Lífi, sem við sem þurfum ekki á slíkri þjónustu að halda, tökum sem gefnu á hverjum degi. Tökum fósturpabba minn sem dæmi: í stað þess að draga fjölskyldumeðlimi inn í öll horn veikinda sinna og vera sjúklingur gagnvart öllum þiggur hann utanaðkomandi aðstoð fyrir slíkt og getur í staðinn haldið áfram að vera maki, faðir og fyrirvinna á heimilinu. Honum vegnar svo vel í lífi og starfi að ég á til að gleyma því hversu mikið lamaður hann er.

NPA ætti að standa öllum til boða sem þurfa á slíkri þjónustu að halda en er þó aðeins veitt af skornum skammti. Stöðug óvissa, ár frá ári, um hvort þjónustan skuli veitt áfram eða ekki hefur skaðleg áhrif á neytendur hennar. Þjónustan er mikilvæg og þörf og hún leysir margan vanda sem önnur sambærileg umönnunarþjónusta á ekki séns í.

# Eru bifreiðatryggingar í núverandi mynd tímaskekkja?

TRYGGINGAR



Úlfar Hillers
ósáttur tryggingataki

**➔ Eins og gefur að skilja þá er það þannig, að það er skírteinishafinn (ökumaður) sem veldur tjóni en ekki bíllinn.**

Mér finnst algerlega komin tími á að endurskoða frá grunni tryggingarmál er varða bílatryggingar og þar á ég við það óréttlæti sem eigendur bifreiða þurfa að búa við varðandi ábyrgðartryggingu bíla sinna, ég tala nú ekki um ef þeir eiga fleiri en einn bíl, t.d. fornbílasafnari, húsbílaeigendur eða bara bíladellufólk. Er einhver möguleiki á því að einn og sami maðurinn geti ekið tveimur eða fleiri bílum í einu, ég held ekki.

Tillaga mín í þessum málum er einföld og snýst um að Alþingi beiti sér fyrir því að menn þurfi ekki að kaupa sér sérstaka ábyrgðartryggingu á bíla sína, heldur sé lögum breytt í þá veru að, um leið og þú öðlast ökuréttindi beri þér að tryggja þig fyrir óhöppum sem þú hugsanlega gætir valdið í órétti gagnvart gildandi umferðarlögum, með því fyrirkomulagi skipti engu máli hvort þú værir á þínum eigin bíl eða annarra, þú ert tryggður gagnvart bótakröfu tjónþola. Eins og gefur að skilja þá er það þannig, að það er skírteinishafinn (ökumaður) sem veldur tjóni en ekki bíllinn.

Ökuskírteinistrygging „eins og ég kýs að kalla þessa tryggingavernd“ gæti verið gjaldfærð með stofngjaldi sem t.d. innihéldi 100 punkta eftir töku bílprófs og þyrfti ekki að vera svo dýr vegna alls þess fjölda sem hana tæki, en síðan virkaði kerfið þannig að skírteinishafi öðlaðist fleiri punkta eftir hvert tjónlaust ár til lækkunar á skírteinistryggingagjaldi (hvatning til ábyrgari aksturs).

Að sama skapi fækkaði punktunum við hvert tjón og yrði það orsök til hækkunar á árlegu skírteinistryggingagjaldi viðkomandi ökumanns og ef um það yrði að ræða að viðkomandi kláraði sína punktaeign, þá myndu leggjast á hann mínuspunktar til hækkunar á ökuskírteinistryggingu viðkomandi.

### Enginn ótryggður

Með þessu fyrirkomulagi yrði í raun enginn ótryggður bíll í umferðinni og ef réttinda- eða tryggingalausir ökumenn myndu valda tjóni í umferðinni þá gilti endurkröfuréttur á viðkomandi aðila nákvæmlega eins og það er í dag, enda ákaflega ósanngjarnt að eigandi bíls sé ábyrgur fyrir tjóni sem hann ekki veldur sjálfur.

Sjálfsagt þyrftu tryggingafélögin að vera áfram með sérstakan bótasjóð til að brúa það bil sem kynni að skapast við uppgjör slíkra tjóna þar til dæmt yrði í slíkum málum.

Síðan gætu menn keypt sér sérstaka Kaskó-tryggingavernd gagnvart réttlausu tjóni og gæti þar verið um nokkra flokka að ræða eftir óskum hvers og eins, dæmi: Stök trygging á ákveðinn bíl (bílnúmer) með viðbót s.s. bruna- og innbrotstryggingu, eða Altrygging sem gilti þá alltaf á öllum þeim bílum sem viðkomandi ekur hverju sinni.

En öðru máli gegndi hvernig tryggja ætti atvinnubifreiðar, en þar tel ég að rekstraraðili (eigandi) slíkra bifreiða eigi að tryggja þær og sig sérstaklega fyrir bótakröfum ef bifreiðar þeirra lentu í óhöppum sem væru bótaskyld (Sérlög fyrir bílaleigur vegna útlendinga).

Þetta eru aðeins hugmyndir að breyttu tryggingafyrirkomulagi og vegna ósanngjarnra tryggingarskilmála eins og þeir eru í dag. Kannski er hér nothæfur grunnur til að lagfæra þessa hluti til sanngjarnari og betri vegar?

Eflaust þykir mörgum sem hafa bílpróf en eiga engan bíl þetta vera íþyngjandi, en það eru mörg réttindi sem kosta peninga þó svo viðkomandi réttindahafi nýti sér það aldrei eða sjaldan, þá væri það ávísun á lækkun iðgjalda þeirra vegna punktasöfnunar (m.v. tjónlaus).

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. mars 2015 | 9. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

FINGRAFÖRIN OKKAR ERU ALLS STAÐAR!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




**FoodCo rekur nítján skyndibitastaði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Árleg sala nemur tæpum þremur milljörðum króna. Eigendur fyrirtækisins láta lítið fyrir sér fara.** SÍÐA 6

## Borgin spennt fyrir bílaleigum

Avis hyggst opna bílaleigu fyrir styttri ferðir, svokallaða snattbíla í bílakjallaranum í Höfðatorgi í kringum næstu mánaðamót.

Starfsfólk Höfðatorgs mun geta leigt bílana út. Það verða tíu bílar til að byrja með en í framhaldinu verður verkefnið hugsanlega útvíkkað.



Reykjavíkurborg hefur sjálf verið með tilraunverkefni með bílaleigu fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar í Höfðatorgi og í Ráðhúsinu.

„Við erum mjög spennt fyrir þessari þróun,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. → SÍÐA 2

## Alþjóðleg verslun á 4 árum

Hugmyndin að dönsku húsgagnaverslunin NORR11 varð til í árslok 2010 og fyrsti sýningarsalurinn var opnaður í Danmörku í nóvember 2011. Frá þeim tíma hefur verslunin vaxið hratt, enda var aðalhvatamaðurinn að baki henni, Jesper Sjølund, vanur maður í húsgagnaframleiðslu. „Ég hafði verið í húsgagnabransanum áður, að framleiða húsgögn í Kína og selja þau á internetinu,“ segir Sjølund. → SÍÐA 4

## Fótboltamaður úr Ólafsvík

Eggert Þór Kristófersson er nýr forstjóri olíufélagsins N1. Hann á að baki langan starfsferil úr bankakerfinu, en söðlaði svo um og hóf störf hjá N1. Eggert er mikill íþróttamaður og spilar fótbolta með félögum úr Ólafsvík. „Ég er uppalinn í Ólafsvík og við spilum alltaf saman einu sinni í viku, gamlir Ólsarar. Félagið Víkingur í Ólafsvík er knattspyrnufélag bæjarins en við köllum okkur Svíkinga, suðurhluti Víkinganna,“ segir hann. → SÍÐA 8



**STJÓRNAR-MAÐURINN** @stjornarmadur

**Stjórnarmaðurinn fylgdist forviða með fjaðrafoki í kringum skipan framkvæmdahóps um afnám gjaldeyrishafta.** → SÍÐA 12




# Engin samfélagsleg ábyrgð – engin samfélagsleg sýn

Skjóðan

**ARION BANKI** vill „bestu hluta“ lánasafns Íbúðalánasjóðs (ÍLS) að því er kom fram í frétt á Bloomberg í síðustu viku. Væntanlega verður þreifingum Arion banka hafnað og fremur efnt til útboðs á eignum sjóðsins ef til sölu kemur. Þess má vænta að bankar og aðrir fjárfestar séu tilbúnir til að greiða yfirverð fyrir þessa bestu bita sem eru verðtryggðir og á fyrsta veðrétti í íbúðum landsmanna.

**HÖSKULDUR** Ólafsson, bankastjóri Arion banka, lýsti enn fremur þeirri skoðun sinni að rétt væri að sameina félagslega starfsemi ÍLS og LÍN undir hatti Landsbankans á meðan bankinn er enn í ríkiseigu. Að mati bankastjórans ber ríkinu að sinna þeim hluta húsnæðismarkaðarins sem einkaaðilum þykir ekki fýsilegur – þá væntanlega í gegnum Landsbankann, sem breytt verður í allsherjar félagsmálasjóð gangi hugmyndir bankastjórans eftir. Stóru bankarnir þrír högnuðust um ríflega 80 milljarða á síðasta ári og Landsbankinn einn um næstum 30 milljarða. Varla ætlast bankastjóri Arion banka til þess að Landsbankinn starfi áfram sem hefðbundinn banki eftir að búið er að flytja þangað veikustu lánasöfn ÍLS og námslán.



**ÍSLENSKAR** fjármálastofnanir sýna litla samfélagslega ábyrgð og enn minni samfélagslega sýn. Kapp er lagt á að hámarka verðmæti eigna og tekjur án þess að huga að hagkerfinu í heild eða samfélaginu. Hundraða milljarða hagnaður bankanna þriggja frá því þeir voru endurreistir byggir á stærstu eignatilfærslu lýðveldistímans og gífurgjaldtöku. Vaxtamunur er óheyrilegur.

**BANKARNIR** birta fallegar ímyndarauglýsingar og styrkja margvíslegt málefnið en þeir seilast æ dýpra ofan í vasa viðskiptavina sína og tilgangurinn virðist helga meðalið. Nýjasta nýtt er að Landsbankinn er farinn að auglýsa sérstaklega endurfjármögnun húsnæðislána eins og vinsælt var fyrir hrun eftir að bankarnir fóru inn á íbúðalánamarkað.

**ÞAÐ SKYLDI** þó ekki vera að bankarnir séu nú að reyna að þrýsta þeim, sem tekið hafa óverðtryggð lán, yfir í verðtryggð lán að nýju? Vextir á óverðtryggðum lánum eru í kringum 7%, þó að verðbólga um þessar mundir sé næstum engin, eða nær tvöfaldir á við verðtryggða vexti. Í byrjun er því greiðslubyrði verðtryggðra lána lægri en óverðtryggðra en eftir u.þ.b. 5 ára lánstíma snýst dæmið við miðað við meðalverðbólgu liðinna áratuga. Höfuðstóll verðtryggðra lána hækkar framan af lánstíma öfugt við óverðtryggð lán og hækkun höfuðstóls geta bankar fært til tekna.

**EN HVER** á að borga þennan ofurhagnað íslenskra banka inn í framtíðina? Hvernig samfélag er það sem leyfir bönkum að soga til sín allar ráðstöfunartekjur almennings og gott betur? Er þar fagurt mannlíf? Er gott að búa þar?

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**9** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**4** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**1** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
**NÝHERJI** 39,8% frá áramótum
**SJÓVÁ** 5,3% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
**BANK NORDIC** -3,8% frá áramótum
**HB GRANDI** -2,9% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 100,00 | -3,8% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 234,00 | -1,3% | -0,2% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 40,10 | 14,6% | 2,4% |
| Hagar | 44,50 | 10,0% | 4,0% |
| HB Grandi | 37,45 | 10,8% | -2,9% |
| Icelandair Group | 21,70 | 1,4% | 2,1% |
| Marel | 149,00 | 8,0% | 1,7% |
| N1 | 27,35 | 1,4% | 2,1% |
| Nýherji | 7,24 | 39,8% | 4,9% |
| Reginn | 14,60 | 7,7% | 2,1% |
| Sjóvá | 13,00 | 8,8% | 5,3% |
| Tryggingamiðstöðin | 27,95 | 6,3% | 0,4% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,40 | 3,9% | -1,5% |
| Össur | 425,00 | 17,7% | -1,2% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.387,31 | 5,8% | 1,6% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 25,90 | 14,6% | 3,6% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,85 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 4. MARS**
**Þjóðskrá – Fasteignamarkaðurinn í mánuðum eftir landshlutum**
**Marel - Aðalfundur**

**FIMMTUDAGUR 5. MARS**
**Hagstofan – Vöruskipti við útlönd í febrúar**
**Þjóðskrá – Fjöldi útgefinna vegabréfa**

**MÁNUDAGUR 9. MARS**
**Lánamál ríkisins – Mánaðarlegar markaðsupplýsingar**

**ÞRIÐJUDAGUR 10. MARS**
**Hagstofan – Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2014**
**Þjóðskrá – Fjöldi þinglýstra leigusamninga eftir landshlutum**

**MIÐVIKUDAGUR 11. MARS**
**Icelandair Group – Aðalfundur**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*




# Bílaleiga fyrir stuttar ferðir í Höfðatorgi

***Avis mun opna bílaleigu í kjallara Höfðatorgs fyrir styttri ferðir starfsfólks byggingarinnar. Reykjavíkurborg er með til skoðunar hvernig megi útvíkka megi verkefnið og fjölga slíkum bílaleigum.***

Avis hyggst opna bílaleigu fyrir styttri ferðir, svokallaða Snattbíla, í bílakjallaranum í Höfðatorgi í kringum næstu mánaðamót.

Starfsfólk Höfðatorgs mun geta leigt bílana út. Það verða tíu bílar til að byrja með en í framhaldinu verður verkefnið hugsanlega útvíkkað að sögn Ingigerðar Einarsdóttur, markaðs- og þjónustustjóra Avis. Bílum verði þá fjölgað og þeir leigðir út fyrir aðra en starfsfólk hússins.

Nú er unnið að því að leggja lokahönd á pantanakerfi fyrir þessa leigu. „Fólk þarf að vera skráð inn sem notandi hjá okkur. Þá getur það séð hvenær bíll er laus og bókar svo eftir því hvað þarf, klukkustund, tvær klukkustundir eða heilan dag. Síðan þarf það að skila bílnum aftur á sama stað og hann er tekinn,“ segir Ingigerður en viðskiptavinir munu opna og loka bílunum með snjallsímum.

Reykjavíkurborg er fjölmennasti vinnustaðurinn í Höfðatorgi en um 400 manns starfa í byggingunni.

Reykjavíkurborg hefur sjálf verið með tilraunverkefni með bílaleigu fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar í Höfðatorgi og í Ráðhúsinu.

„Við erum mjög spennt fyrir þessari þróun,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur. „Þetta mun auðvelda fólki að koma til vinnu með öðruvísi ferðamáta en eigin bíl,“ segir Dagur og bætir við að með þessu verði hægt að nýta betur bílakjallarann við Höfðatorg og aðra staði þar sem lítið er af lausum bílastæðum.



**HÖFÐATORG** Ingveldur Einarsdóttir segir að verkefnið verði hugsanlega útvíkkað með fleiri bílum sem leigður verði út fyrir aðra en starfsfólk Höfðatorgs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Reykjavíkurborg er með til skoðunar hvernig koma megi á fót fleiri slíkum bílaleigum en starfshópur hjá Reykjavíkurborg mun skila tillögum þess efnis á næstu vikum.

ingvar@frettabladid.is

> Við erum mjög spennt fyrir þessari þróun.
>
> Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.



ENNEMM / SÍA / NM62401



Þjónusta við fyrirtæki

# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í ferðaþjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Kristín Hrönn Guðmundsdóttir hefur veitt ferðaþjónustuaðilum og öðrum fyrirtækjum fjármálaþjónustu í meira en 12 ár.

Kristín Hrönn er forstöðumaður verslunar- og þjónustuteymis Íslandsbanka.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

100 milljóna velta á Akranesi:

# Nína skilar 14 milljónum

Hagnaður verslunarinnar Nínu á Akranesi var 13,5 milljónir króna á síðasta ári og nam salan um 100 milljónum, samkvæmt nýlega birtum ársreikningi. Nína er fataverslun og selur einnig skó og fylgihluti. Hagnaðurinn er um 900 þúsund krónum meiri en hann var árið áður. Eignir fyrirtækisins námu 63 milljónum um síðustu mánaðamót og jukust um tæpar fjórar milljónir frá árinu áður.

Nína Áslaug Stefánsdóttir rak áður verslunina ásamt Daníel Daníelssyni eiginmanni sínum. Árið 2007 tók dóttir þeirra, Helga Dís Daníelsdóttir, við rekstrinum ásamt Heimi Jónassyni eiginmanni sínum. - jhh

Krónueignir Íslandsbanka nema rúmum 313 milljörðum:

# Glitnir á 963 milljarða upp í eignir

Eignir slitabús Glitnis banka nema tæplega 963 milljörðum íslenskra króna en kröfurnar nema 2.271 milljarði króna. Búið á því um það bil 42 prósent upp í kröfur. Við það bætast um 80 milljarðar króna sem forgangskröfuhafar hafa þegar fengið greiddar. Neikvætt eigið fé hefur farið úr 1.417 milljörðum króna í lok árs 2013 í 1.322 milljarða í lok síðasta árs.

Þetta kom fram á kynningu á kröfuhafafundi í gær, en glærur frá kynningunni voru birtar á vef bankans í gær. Stærstur hluti eigna bankans er handbært fé og samsvarar það 660,5 milljörðum í íslenskum krónum. Næststærsti hlutinn er eign í Íslandsbanka sem nemur tæplega 175 milljörðum króna.

Samtals nema krónueignir 313,6 milljörðum króna. Að frádregnum eignarhlutnum í Íslandsbanka nema krónueignir því um 138 milljörðum króna. Eignir í evrum samsvara tæplega 232 milljörðum króna og eignir í dollurum samsvara 163 milljörðum króna. Eignir í norskum krónum samsvara rúmum 99 milljörðum og eignir í breskum pundum 98 milljörðum.

„Þessir 313 milljarðar eru okkar hluti í snjóhengjunni,“ segir Kristján Óskarsson, framkvæmdastjóri Glitnis. Ef Íslandsbanki yrði seldur fyrir erlent fé þá stæðu eftir 138 milljarðar í íslenskum krónum sem þyrfti þá að leysa með einhverjum öðrum hætti. „Þess vegna skiptir afar miklu máli að geta selt Íslandsbanka fyrir erlent fé,“ segir Kristján.



**HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS** Hlutur bankans í snjóhengjunni er 313 milljarðar íslenskra króna.

Kristján segir jafnframt að það sé mikilvægt að átta sig á því að það fé sem er erlendis hefur aldrei komið til Íslands og hefur ekkert með íslenskt efnahagskerfi að gera. Þó það yrði borgað út þá myndi það ekki hafa nein áhrif á Íslandi. - jhh

Tvöföld umframeftirspurn:

# 45 milljarða skuldabréf

Arion banki hefur gefið út skuldabréf að upphæð 300 milljónir evra eða sem nemur um 45 milljörðum íslenskra króna.

Tilboð bárust frá um 100 fjárfestum fyrir rúmlega 675 milljónir evra. Umframeftirspurn var því ríflega tvöföld. Skuldabréfin eru til þriggja ára og bera fasta 3,125% vexti, og voru seld á kjörum sem jafngilda 3,10% álagi yfir millibankavexti.

„Skuldabréfaútgáfan nú er ekki aðeins mikilvæg fyrir okkur og viðskiptavini okkar heldur einnig fyrir efnahagslífið hér á landi, þar sem aðgengi að erlendu lánsfé á hagstæðum kjörum skiptir miklu fyrir áframhaldandi uppbyggingu,“ segir Höskuldur Ólafsson.

# Stefna á að opna verslun í New York

***Húsgagnaverslunin NORR11 hefur vaxið hratt frá því að fyrsta verslunin var opnuð í Danmörku árið 2011. Stofnandinn, Jesper Sjølund, segir tækifæri felast í Bandaríkjunum. Hins vegar megi fyrirtækið ekki stækka of ört.***

Hugmyndin að dönsku húsgagnaverslunin NORR11 varð til í árslok 2010 og fyrsti sýningarsalurinn var opnaður í Danmörku í nóvember 2011. Frá þeim tíma hefur verslunin vaxið hratt, enda er aðalhvatamaðurinn að baki henni, Jesper Sjølund, vanur maður þegar kemur að húsgagnaframleiðslu. „Ég hafði verið í húsgagnabransanum áður, að framleiða húsgögn í Kína og selja þau á internetinu. Ég sá möguleikana á því hversu góð húsgögn væri hægt að búa til í Kína og ræddi þetta við félaga minn hvort við ættum að búa til okkar eigin hönnun,“ segir Sjølund í samtali við Markaðinn.

Hugmyndin hafi verið að framleiða hágæðahúsgögn en líka á viðráðanlegu verði. „Síðan fórum við til Kína og ég fór til þeirra framleiðenda sem ég þekkti til þess að sjá hvaða möguleikar væru í stöðunni. Og þannig settum við saman lista yfir það hvaða húsgögn við vildum framleiða. Eftir það fundum við tvo unga hönnuði í Danmörku sem voru að ljúka námi og kynntum fyrir þeim hugmyndir okkar,“ segir Sjølund.

Hann segir að það hafi gengið vel að markaðssetja vörur NORR11. „Fólk hefur áhuga á vörunum í Bandaríkjunum, Ástralíu og víðar. Í september 2014 var byrjað að semja við samstarfsaðila um að þeir seldu húsgögnin okkar. Við höfum fengið mjög góða samstarfsmenn og það er víða í heiminum verið að opna sýningarsali,“ segir Sjølund.

Síðastliðið sumar höfðu Magnús Berg Magnússon og Júlíana Sól Sigurbjörnsdóttir svo samband við Sjølund og vildu opna verslun í New York og á Íslandi. Sjølund segist strax hafa lýst yfir gagnkvæmum áhuga og komið hingað ásamt félaga sínum. Það var ákveðið að byrja á því að opna á Íslandi og stefna síðar að opnun í New York. Úr varð að opnaður var sýningarsalur á Hverfisgötu, beint á móti Þjóðleikhúsinu. Ísland var þó ekki fyrsti staðurinn þar sem NORR11 opnaði verslun utan Danmerkur heldur Eistland.

„Við erum með tvo sýningarsali í Danmörku, við erum með samstarfsaðila í Eistlandi, við erum með samstarfsmann í Belgíu, Þýskalandi og Svíþjóð. Það er víða fólk sem vill gerast samstarfsaðilar okkar. En við verðum að fara varlega og gæta þess að við getum annað eftirspurn,“ segir Sjølund. Það þurfi að sjá fyrir hversu hratt fyrirtækið geti vaxið. Það séu ekki bara einstaklingar sem séu að kaupa heldur einnig hótel og byggingaverktakar þannig að eftirspurnin sé orðin nokkuð mikil. „Verkefnið okkar núna er því að gera lítið fyrirtæki að stóru fyrirtæki. Það er skrefið sem er fram undan. En ekki of hratt,“ segir Sjølund.

Vörur NORR11 eru hannaðar í Danmörku en framleiddar í Kína, á Englandi og víðar. „Margt sem framleitt er úr viði er gert í Indónesíu vegna þess að þeir eru með besta viðinn. Við framleiðum bara þar sem við finnum rétt gæði fyrir rétt verð,“ segir Sjølund. Kínverjar séu til dæmis bestir í að framleiða allt með rafmagni, til dæmis lampa og slíka flókna vöru. „Þeir eru með bestu vélarnar og tæknina í að framleiða slíkt,“ segir hann. Annað sé réttast að framleiða í Austur-Evrópu, Eistlandi, Litháen og Póllandi. En núna sé mestallt framleitt í Indónesíu.


**Á HVERFISGÖTU** Magnús Berg og Sól sömdu við Jesper um að opna sýningarsal á Íslandi. Svo er stefnt að því að fara til New York. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

NORR11 á fjóra sýningarsali og hugmyndin er ekki að fjölga þeim, heldur fjölga samstarfsaðilum sem geti selt vörurnar hver í sínu landi. „Það eru mikil sóknarfæri í Evrópu en það þýðir ekki að við getum ekki líka byrjað í Bandaríkjunum. Ég held því að það séu mikil sóknarfæri fyrir okkur. Það er mikil eftirspurn eftir skandinavískum húsgögnum og skandinavískum hugmyndum. Þú sérð það alls staðar, á öllum svölustu stöðunum í New York, Lundúnum og líka í Berlín. Ég held að það sé möguleiki fyrir okkur til þess að stækka ört í Bandaríkjunum líka,“ segir hann. jonhakon@frettabladid.is

Nýr stjórnarformaður BankNordik með mikla reynslu úr atvinnulífi:

# Allir stjórnarmenn sögðu af sér

Allir stjórnarmenn í BankNordik hyggjast segja af sér og verður ný stjórn því kjörin á næsta aðalfundi bankans sem fer fram þann 25. mars næstkomandi á Hótel Færeyjum í Þórshöfn. Bankinn var skráður tvíhliða í Kauphöll Íslands og Kauphöllina í Kaupmannahöfn árið 2007 og hefur verið skráður þar síðan.

Bankinn er með fimm útibú í Færeyjum, nítján í Danmörku og eitt á Grænlandi. Við starfi stjórnarformanns tekur Stine Boss, sem hefur setið í framkvæmdastjórn Nordea, stærsta banka á Norðurlöndunum, og Allianz.

Ársreikningur BankNordik var birtur á þriðjudag í síðustu viku. Þar kom fram að rekstrarhagnaður bankans hefði aukist um 47 prósent frá fyrra ári og næmi 157 milljónum danskra króna, eða um 3100 milljónum íslenskra króna. Bættan rekstur mátti fyrst og fremst rekja til starfseminnar í Danmörku. Þá var gert ráð fyrir að bankinn greiddi 20 milljónir danskra króna (um 400 milljónir íslenskra króna) í arð. Rekstrartekjur bankans minnkuðu aftur á móti á síðasta ári, námu 789 milljónum danskra króna, eða tæplega sextán milljörðum íslenskra króna, sem er sex prósentum minna en árið áður. Starfsmenn bankans eru 506 og hefur þeim fækkað um 106 á þremur árum.

„Það kemur alltaf að því, fyrr eða síðar, að það þarf að gera breytingar á stjórn,“ segir Klaus Rasmussen, fráfarandi stjórnarformaður bankans, í yfirlýsingu. Hann segir að stjórn bankans hafi setið í nokkuð mörg ár og leitt bankann í gegnum erfiða fjármálakreppu. Bankinn hafi þróast mikið og náð góðri stöðu á markaði og tvöfaldað stærð sína á sjö árum. - jhh

> **Það kemur alltaf að því, fyrr eða síðar, að það þarf að gera breytingar á stjórn.**



**Í KAUPHÖLL ÍSLANDS** Jan Petersen hefur verið forstjóri bankans um árabil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?

*Gamla varnarasvæðið við Keflavíkurflugvöll, þar sem nú heitir Ásbrú, hefur tekið þvílíkum stakkaskiptum á síðustu árum að allir sem þangað koma hrífast af uppbyggingunni. Hér er suðupottur tækifæra fyrir ungt og kraftmikið fólk.*



# Hér trúir ~~/~~ *skapandi-* fólk á framtíðina

Á innan við áratug hefur byggst upp á Ásbrú þróttmikið og litríkt samfélag með öfluga menntastofnun, fjölda spennandi fyrirtækja, gróskumikla nýsköpun og blómstrandi mannlíf þar sem skapandi fólk horfir fram á vel launuð framtíðarstörf í þeim greinum atvinnulífsins sem vaxa nú hvað hraðast.

Það er af þessum sökum sem Ásbrú er orðið að einu kraftmesta og framsæknasta vaxtarsvæði Íslands þar sem sköpunargleði og hátækniþekking fá notið sín í hverju horni – og saman fer jákvæðni og bjartsýni í spennandi og skemmtilegu samfélagi.

Kadeco

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is

ÁSBRÚ




PIPAR\TBWA-SÍA · 143655



**SAFFRAN Í GLÆSIBÆ** Árið 2011 keypti FoodCo Saffran-veitingastaðina sem þá voru tveggja ára gamlir. Jóhann Örn Þórarinsson, framkvæmdastjóri FoodCo, segir að landslagið í veitingahúsarekstri hafi breyst töluvert á síðastliðnum árum. Breyttar matarvenjur og aukinn fjöldi ferðamanna hefði greitt götuna fyrir fleiri veitingastaði og fjölbreyttari rétti. Fréttablaðið/Valli

# Skyndibiti fyrir þrjá milljarða á ári

***Sögu fjölskyldufyrirtækisins FoodCo má rekja til Staldursins í Stekkjarbakka, sem var opnað 2002. Fyrirtækið er nú orðið mikið verslunarveldi sem veltir tæpum þremur milljörðum á ári og veitir meira en 400 manns atvinnu.***

**ÚTTEKT**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Það er ekki víst að allir kannist við nafn fjölskyldufyrirtækisins FoodCo sem var stofnað árið 2002. Fleiri þekkja til þeirra veitingastaða sem fyrirtækið rekur. Vörumerkin eru alls sex og eru veitingastaðirnir nítján á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, þar sem meira en 400 starfsmenn vinna í heild.

Á höfuðborgarsvæðinu eru rekin American Style, Eldsmiðjan, Saffran, Aktu Taktu og Pítan. Á Akureyri er það svo Greifinn. Ævintýrið byrjaði allt með því að blaðamaður Morgunblaðsins og fyrrverandi íþróttakempan Þórarinn Ragnarsson ákvað að segja starfi sínu lausu og opna veitingastaðinn og söluturninn Staldrið í Stekkjarbakka í Reykjavík árið 1984. Eftir þrjátíu ára sögu er rekstur Þórarins og fjölskyldu hans orðinn að viðskiptaveldinu FoodCo. Fyrirtæki sem selur skyndibita fyrir þrjá milljarða á hverju ári. Samanlögð velta á fimm ára tímabili frá árinu 2009 til og með ársins 2013 nemur 14,5 milljörðum króna.

Ársreikningur FoodCo fyrir árið 2014 liggur ekki fyrir. En samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2013 sem birtur var í október síðastliðnum var hagnaður fyrirtækisins 403 milljónir króna. Það er liðlega tvöfaldur hagnaður miðað við árið á undan. Hagnaðurinn var þó að miklu leyti til kominn vegna endurútreiknings lána á árinu 2013 sem voru niðurfærð um 376,5 milljónir króna. Veltufé frá rekstri nemur hins vegar tæplega 111 milljónum króna en var tæplega 260 milljónir króna árið á undan. Afkoma af hefðbundinni starfsemi var því lakari á árinu 2013 en hún var á árinu 2012.

Helstu eigendur FoodCo eru, auk Þórarins Ragnarssonar, Jóhann Örn Þórarinsson í gegnum félag sitt Jöklaborg. Þeir feðgar eiga samtals 80 prósenta hlut til jafns við hvor annan. Þá á Óttar Þórarinsson 10 prósenta hlut og félagið Eldheimar, sem er í eigu Bjarna Stefáns Gunnarssonar, á tíu prósenta hlut.

### Hlédrægir menn

Feðgarnir Þórarinn og Jóhann Örn sækja ekki mikið í athygli. Til marks um það baðst Jóhann Örn, sem er framkvæmdastjóri FoodCo, undan viðtali þegar Markaðurinn hafði samband við hann vegna þessarar greinar. Í viðtali við Helgarpóstinn árið 1995 rakti Þórarinn aftur á móti upphaf viðskiptasögu sinnar. Þar kemur fram að Þórarinn hafði staðið í umfangsmiklum byggingaframkvæmdum og umsýslu fasteigna, yfirleitt í félagi við Gunnar Hjaltalín endurskoðanda. Þórarinn sagði í samtali við blaðið að sá rekstur hefði gengið mjög vel.

Eitt þeirra húsa sem þeir félagarnir reistu saman var stórhýsið að Stórhöfða 15 við Gullinbrú. Það byggðu þeir sjálfir, leigðu verkfræðistofunni Streng efstu tvær hæðirnar, seldu miðhæðina undir verslunarrekstur en ráku sjálfir íþróttasali á neðstu hæðinni. Húsnæðið að Stórhöfða er ekki lengur í eigu Þórarins, þótt Þórarinn og fjölskylda fáist enn við fasteignaumsýslu. Á meðal eigna FoodCo er fasteignafélagið Þorp. Þar undir eru fasteignir sem hýsa veitingastaði FoodCo. Bókfært verð þeirra eigna er rúmir 1,3 milljarðar króna og fasteignamatið rétt tæplega 850 milljónir króna. Eignir Þorps námu í árslok 2013 tæplega 1,4 milljörðum króna en eigið fé var neikvætt um 254 milljónir króna.

### Stofnun FoodCo

Fyrirtækið er stofnað árið 2002 og voru eigendurnir á næstu tíu árum umsvifamiklir við kaup á veitingastöðum sem þegar höfðu skapað sér nafn. Byrjað var árið 2004 á því að kaupa hamborgarastaðinn American Style og Aktu Taktu. Fyrrnefndi staðurinn hafði verið rekinn um árabil og var í eigu Helga Pálssonar. Aktu Taktu var aftur á móti stofnað árið 1993 og var í eigu systkina Helga og keypti hann fyrirtækið af Sveini bróður sínum árið 1999. Helgi sagði við Morgunblaðið í tilefni þeirra viðskipta að aldrei hefði staðið neitt annað til en að reka fyrirtækin undir sitthvoru nafninu.

Árið 2006 var svo bætt um betur þegar FoodCo keypti veitingastaðinn Pítuna í Skipholti 50C. Sá veitingastaður var stofnaður árið 1982 og var því 24 ára gamall þegar hann rann inn í FoodCo-samstæðuna.

Í ágúst það sama ár tilkynnti FoodCo svo Samkeppniseftirlitinu að félagið hefði keypt Greifann á Akureyri, einn vinsælasta veitingastað bæjarins sem jafnframt býður veisluþjónustu og sal til leigu fyrir veislur. Í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins kom fram að yfirtaka FoodCo á Greifanum gerði félaginu kleift að koma að veitingarekstri á Akureyri án þess að taka þá áhættu sem felst í því að opna nýjan veitingastað frá grunni. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins varð að athuganir þess gæfu ekki til kynna að samruninn myndi hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

### FoodCo eignast Eldsmiðjuna

Árið 2007 keypti FoodCo svo eignarhaldsfélagið Kamus. Það var þá nýstofnað félag sem hélt utan um rekstur veitingastaðanna Eldsmiðjunnar og Reykjavík Pizza Company. Í tilkynningu sem FoodCo sendi Samkeppniseftirlitinu vegna kaupanna kom fram „að starfsemi Kamus væri í samræmi við rekstur félagsins og myndi falla vel inn í heildarrekstur og fyrri fjárfestingar félagsins. FoodCo hefur ekki starfrækt veitingastað á höfuðborgarsvæðinu sem selur pitsur og því var Kamus talinn góður fjárfestingarkostur í því skyni að efla og auka fjölbreytni í veitingarekstri félagsins.“ Þá sagði enn fremur að kaupin gerðu Foodco kleift að dreifa áhættu í rekstrinum. Samkeppniseftirlitið taldi ekki að samruni félaganna myndi koma í veg fyrir eðlilega samkeppni og heimilaði því samrunann.

Á haustmánuðum 2007 gekk FoodCo svo einnig frá kaupum á veitingastaðnum Sjávarkjallaranum; þriggja ára gömlum veitingastað sem var til húsa við Aðalstræti 2. Sá rekstur gekk ekki upp og hófu aðrir aðilar rekstur í húsnæðinu. Greint var frá því á vefsíðunni Veitingageirinn í apríl í fyrra að þau Tómas Kristjánsson, Sigrún Guðmundsdóttir, Níels Hafsteinsson og Eyjólfur Gestur Ingólfsson hefðu hafið rekstur veitingastaðarins Kjallarans í því húsnæði.

### FoodCo kaupir Saffran

Árið 2011 keypti FoodCo svo Shiraz, sem rekur Saffran-veitingastaðina. Jóhann Örn sagði í samtali við Viðskiptablaðið, þegar gefið var út sérblað um 462 stærstu fyrirtækin í febrúar 2014, að landslagið í veitingahúsarekstri hefði breyst töluvert á síðastliðnum árum. Breyttar matarvenjur og aukinn fjöldi ferðamanna hefði greitt götuna fyrir fleiri veitingastaði og fjölbreyttari rétti. Hann sagðist finna sérstaklega fyrir mikilli ásókn fólks í hollari skyndibita.

„Við höfum verið að einbeita okkur að innri vexti upp síðkastið. Við opnuðum nýjan Saffranstað í Bæjarhrauni í Hafnarfirði í fyrra og stefnum að því að opna annan Saffran-stað á Bíldshöfða á næstunni. Þetta er liður í ákveðinni stefnu okkar með frekari vöxt inn í framtíðina og stefnan er að fjölga enn frekar stöðum,“ sagði Jóhann. Veitingastaðurinn á Bíldshöfða hefur nú þegar verið opnaður. Jóhann sagði líka við Viðskiptablaðið að Saffran hefði notið mjög mikilla vinsælda allt frá því að fyrstu staðirnir voru opnaðir árið 2009. Þrátt fyrir auknar vinsældir hollari valkosta á veitingamarkaði sagðist hann þó ekki finna fyrir því að sá vöxtur sé á kostnað annarra vörumerkja FoodCo.

## SVONA VARÐ VIÐSKIPTAVELDIÐ FOODCO TIL






**HJÓLATÚR**

**Ferðafélagið Útivist stendur fyrir hjólaferð á laugardaginn. Hjólað er frá Toppstöðinni í Elliðaárdal, hjólað í Mosfellsbæ með viðkomu í Geldinganesi og til baka. Áætlaður tími er fjórir tímar, allir eru velkomnir og þátttaka ókeypis. utivist.is**

Hreinsandi
fyrir alla muni
Húsgagnahreinsun fyrir alla muni
Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

NÚ ENNÞÁ ÖFLUGRA
D-VÍTAMÍN
NÝTT
- Spreyjað undir tungu
- Gott bragð
- Vörn gegn kvefi og flensu
1 sprey á dag, 3ja mánaða skammtur
www.gengurvel.is
Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og verslanir

# NÝTT LÍF MEÐ HJÁLP CURCUMIN

**BALSAM KYNNIR** *CURCUMIN frá Natural Health Labs. Allt að fimmtíu sinnum áhrifameira en hefðbundið túrmerik! Tilvalið fyrir þá sem vilja styrkja liðamótin, auka liðleika, bæta andlega líðan, auka orku ásamt því að losna við langvarandi liðverki, bólgur, gigt og magavandamál. Steinunn Kristjánsdóttir segir Curcumin hafa gefið sér nýtt líf.*

Steinunn Kristjánsdóttir er sjúkraliði að mennt og vinnur í dag við verslunarstörf. Hún hefur átt við mikla verki að stríða um allan líkamann í yfir 25 ár eftir að hún lenti í slæmu bílslysi. „Mér var alltaf illt í öllum líkamanum og vildi helst alltaf fara heim snemma ef ég fór út. Ég gat ekki haldið á bók til lestrar og vaknaði iðulega á næturnar og gat ekki sofnað vegna verkja." Steinunn var búin að reyna allt til að öðlast betri líðan án árangurs og taldi sig einfaldlega þurfa að sætta sig við verkina. „Nuddkonan mín sagði mér þá frá Curcumin sem hefur í sannleika sagt gefið mér nýtt líf. Ég er búin að taka inn Curcumin í einn og hálfan mánuð, ég missti úr fjóra daga og það var þá sem ég uppgötvaði að Curcumin er það sem hjálpar mér að losna við alla verki."

**BARNABÖRNIN SEGJA „AMMA ER FARIN AÐ HLAUPA"**

Steinunn segir að það besta við að vera laus við verkina séu betri stundir með fjölskyldunni. „Ég er svo þakklát fyrir að geta liðið vel í eigin líkama og notið þess að vera með barnabörnunum mínum. Mér fannst skemmtilegt að heyra barnabarnið mitt segja mömmu sinni að amma sé bara farin að hlaupa upp stigann," segir Steinunn og hlær. „Hún hafði ekki séð það áður. Það er svo mikill lífsvilji í mér að ég verð að fá að lifa lífinu lifandi. Mér þykir rosalega gaman að fara á skíði, synda, hjóla, ganga á fjöll og loksins sé ég fram á að geta farið að gera það sem ég elska aftur. Ég er hins vegar mest ánægð með að vera orðin skemmtilega Steinunn aftur."



**MÆLIR MEÐ** Steinunn Kristjánsdóttir sjúkraliði mælir eindregið með Curcumin.

## SÖLUSTAÐIR

Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Lyfju, Apótekinu, Apótekaranum, Lyfjum og heilsu, Lyfsalanum, Lifandi markaði, Hagkaupi, Fjarðarkaupum, Heilsuhorninu Blómavali, Heilsuveri, Heilsulausn.is og Heimkaupum.




**VISSIR ÞÚ** að yfir 3.000 rannsóknir hafa verið framkvæmdar á Curcumin?

**RÁÐLÖGÐ NOTKUN**
Taktu tvö grænmetishylki með vatnsglasi yfir daginn.

**100% NÁTTÚRULEGT**
Bætiefnið er unnið úr túrmerikrót frá Indlandi og er 100% náttúrulegt, inniheldur engin rotvarnarefni og er framleitt eftir ströngustu gæðakröfum (GMP-vottað).

## CURCUMIN (gullkryddið)

er virka innihaldsefnið í túrmerikrótinni og hefur verið notað til lækninga og til matargerðar í yfir 2.000 ár í Asíu. Hátt í 3.000 rannsóknir hafa verið gerðar á þessari undrarót undanfarna áratugi sem sýna að Curcumin getur unnið kraftaverk gegn hinum ýmsum kvillum líkamans og sé jafnvel áhrifameira en skráð lyf. Curcumin hefur jákvæða verkun gegn slæmum liðum, gigt, bólgum og magavandamálum, styrkir hjarta- og æðakerfið og ásamt því að bæta heilastarfsemi og andlega líðan.

**HREINT CURCUMIN ER MARGFALT ÁHRIFAMEIRA EN TÚRMERIK**

CURCUMIN-innihald túrmeriks er ekki mikið, aðeins um 2–5% miðað við þyngd, og því getur hreint Curcumin orðið allt að 50 sinnum áhrifameira en túrmerik. Curcumin-bætiefni eru því kjörin lausn fyrir þá sem vilja fá hámarksávinning af túrmerikrótinni á þægilegan máta.



Fjórar góðar frá natures aid

Raspberry Keytones
Þyngdarstjórnun
„Þetta efni er það eina sem hefur virkað fyrir mig" segir Jóhanna Sverrisdóttir sem misst hefur 20 kg.

Beetroot - í hylkjum-
Rauðrófu „extrakt"
"Mér finnst ég hafa meiri orku og betra úthald í hlaupunum og er fljótari að jafna mig" segir Kristbjörg Jónsdóttir, íþróttakona.

Ginger, Turmeric & Bromelain
Ævaforn þekking
Öflug blanda sem notuð hefur verið í austurlenskum náttúrulækningum við verkjum og bólgum vegna meiðsla og slita. Er einnig talin hafa góð áhrif á meltingu, depurð og þunglyndi.

Immune Support
Kvef- og flensubani
Öflug blanda af vítamínum, jurtum og steinefnum sem styrkja ónæmiskerfið og verja okkur gegn sýkingum. Verðlaunuð bætiefnablanda sem hjálpar þér að verjast kvefi og flensu og vinnur á þeim.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir, heilsuhillur stórmarkaða og verslana.
Allar vörur Natures Aid eru GMP vottaðar
www.gengurvel.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Ferðafélagsins Útivistar verður haldinn fimmtudaginn 19. mars 2013 kl. 20.

Fundurinn verður haldinn í Skaftfellingabúð Laugavegi 178 4. hæð (eystri inngangur).

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

*Ferðafélagið Útivist*

ÚTIVIST

Laugavegi 178 • Sími 562 1000 • www.utivist.is







HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



**MIKILFENGLEGT** Tryggvi inni í Kristalshelli ásamt þeim Herði Ellerti Ólafssyni og Halldóru Bjarkadóttur. MYND/HEÓ

# MÖGNUÐ UPPLIFUN

***JÖKLAFERÐ** Tryggvi Gunnarsson leikstjóri fór í fyrsta sinn í íshelli um helgina þegar hann fór ásamt vinum sínum í Kristalshelli í Breiðamerkurjökli. Ekki spillti fyrir að um kvöldið léku norðurljósin við hvern sinn fingur.*

Ég er ekki mikið fyrir að vera mjög kalt þannig að ég hef frekar ferðast innanlands á sumrin. Ég hef farið í fjölmarga venjulega hella víða um land og svo vinn ég við að fara með fólk ofan í Þríhnúkagíga en ég hafði ekki komið í íshelli áður,“ segir Tryggvi Gunnarsson leikstjóri. „Það var mögnuð upplifun að koma í íshellana, við fórum í tvo hella, öðrum hefur verið gefið nafnið Kristall, að ég held, en hinn ber ekki nafn svo ég viti til, enda nýmyndaður og á án efa eftir að hverfa fljótlega. Ég efast um að ég myndi rata í þann helli aftur, ég sat bara aftan í jeppa og hossaðist fram og til baka og svo vorum við komin að jökulsporðinum austan megin og þar var hellirinn. Það var ótrúlegt að koma inn í hellana, að sjá ævafornan ísinn og það er hægt að sjá endalausar myndir í honum ef maður notar smá ímyndunarafl.“

Tryggvi segir hellinn vera margbreytilegan eftir því hvar í honum er staðið. „Birtan inni í honum er ótrúlega falleg, einhvern veginn neonblá. Ég lagðist á bakið og horfði upp í loftið og virti fyrir mér ísinn. Ég kafa mikið og þetta var eiginlega alveg eins og þegar legið er ofan í grunnum sjó og horft á öldurnar brotna fyrir framan sig nema það er eins og öldurnar hafi verið frystar í tíma. Það er hægt að sjá rótið í ísnum og maður fær þessa endalausu hreyfingu sem jökullinn er á beint í æð. Hreyfingin í ísnum er svo hæg að það er erfitt fyrir mannsaugað að greina það í augnablikinu þó maður vissulega sjái hana á milli ára og mér fannst ótrúlegt að upplifa þetta.“

Íshellirinn var uppgötvaður fyrir örfáum árum. Suma daga er ófært í hann vegna breytinga sem eru miklar á þessu svæði og mælir Tryggvi með að fara ekki á þessar slóðir nema með reyndum leiðsögumönnum sem eru nokkrir í Suðursveit. „Ég mæli með því að fólk fari austur eftir, gisti og geri góða helgarferð úr þessu eins og við gerðum. Það spillti ekki fyrir að við fengum gott veður og geggjaða norðurljósasýningu, það er engin ljósmengun þarna í sveitinni þannig að norðurljósin njóta sín vel. Enda var þarna alveg krökkt af ferðamönnum, það var eins og við værum í safaríferð því þegar við keyrðum frá þjóðveginum niður að gististað var svo mikið af túristum sem stóðu og lágu á veginum og vildu ekki færa sig af því þeir voru að reyna að ná góðum myndum. Þetta var eins og að keyra í þjóðgarði í útlöndum að nóttu til og dýrin frjósa í bílljósunum og neita að hreyfa sig og það þarf að þræða á milli þeirra, þetta var ansi mögnuð ferð.“

■ liljab@365.is



**HRESS HÓPUR** Hópurinn fór í Kristalshelli undir leiðsögn Ágústs Rúnarssonar hjá Iceland Magic Travel og skemmti sér vel.



**VEL BÚINN** Gott er að vera vel búinn þegar farið er á jökul.



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Birtan inni í hellinum er ótrúlega falleg að sögn Tryggva. AÐSENDAR MYNDIR/ ÁGÚST RÚNARSSON

# Ferming 2015

## Skór fyrir alla fjölskylduna



Tamaris
svart, rautt og gyllt
13.995
Steinar Waage



Tamaris
bleikt, svart og metallic
11.995
Steinar Waage



Sixty Seven
svart, hvítt og svart/hvítt
19.995
Kaupfélagið



Vagabond
svart
24.995
Kaupfélagið



Vagabond
svart og hvítt
24.995
Kaupfélagið



Vagabond
svart
24.995
Kaupfélagið - Steinar Waage



Nike Air Force 1
svart og hvítt
18.995
Kaupfélagið - Skór.is - AIR



Adidas Superstar
hvítt
17.995
Kaupfélagið - Skór.is



Converse
margir litir
15.995
Kaupfélagið - Skór.is



Six Mix
svart og brúnt
16.995
Kaupfélagið - Skór.is



Six Mix
svart og brúnt
16.995
Kaupfélagið - Skór.is



Six Mix
svart og brúnt
16.995
Kaupfélagið - Skór.is

Skór.is
netverslun

FRÍ HEIMSENDING UM ALLT LAND

# ÞRJÁR GÖNGULEIÐIR UPPFYLLA STAÐLA

**RÁÐSTEFNA** *Ferðamálastofa, Ferðafélag Íslands og Útivist standa fyrir ráðstefnu um ferðagönguleiðir á fimmtudaginn undir yfirskriftinni „Stikum af stað“. Fjallað verður um framtíðarskipulag og -þróun lengri gönguleiða. Gísli Rafn Guðmundsson mun kynna verkefnið Þjóðstígar á Íslandi.*



**LANDMANNALAUGAR** Laugavegurinn, frá Landmannalaugum til Þórsmerkur, er afar fjölfarinn og því nauðsynlegt að finna fleiri áhugaverðar gönguleiðir til þess að minnka álagið á hann. MYND/VILHELM

Verkefni Gísla Rafns, Þjóðstígar á Íslandi, var þriggja mánaða rannsóknarverkefni sem hann vann í samvinnu við Ferðamálastofu og Nýsköpunarsjóð námsmanna síðastliðið sumar. Í ritinu eru lögð drög að þróun gönguleiðakerfis fyrir Ísland. Verkefnið var tilnefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands 2015.

„Í verkefninu var lagt mat á fimmtán gönguleiðir og þróaður gæðastaðall þannig að göngufólk geti vitað að hverju það gengur,“ segir Gísli Rafn og telur upp nokkra staðla sem lengri gönguleið þarf að búa yfir. „Gerð er krafa um gistingu eða tjaldstæði, salerni í hverjum náttstað, tengingu við almenningssamgöngur, að leiðin sé merkt með stikum eða vörðum til að tryggja öryggi, að upplýsingaskilti séu við upphaf og endi hverrar dagsleiðar, að öll stærri fallvötn séu brúuð, að leiðin sé á aðalskipulagi, að ábyrgðaraðili sé skilgreindur yfir leiðinni og að opnunartímabil sé skilgreint.“

Gísli Rafn segir aðeins þrjár gönguleiðir standast þessa staðla. Það eru Laugavegurinn frá Landmannalaugum yfir í Þórsmörk, Fimmvörðuháls frá Skógum yfir í Þórsmörk og Víknaslóðir frá Borgarfirði eystri yfir í Mjóafjörð.



**BORGARFJÖRÐUR EYSTRI** Víknaslóðir á Austurlandi, sem liggja frá Borgarfirði eystri til Mjóafjarðar, er ein af þeim leiðum sem uppfylla þá staðla sem settir eru í ritinu: Þjóðstígar á Íslandi. MYND/GVA

### LÉTTA ÁLAGI AF LAUGAVEGINUM

Eitt af markmiðum verkefnisins var að varpa ljósi á fleiri gönguleiðir á Íslandi þannig að hægt sé að létta álaginu á vinsælar leiðir á borð við Laugaveginn. Gísli Rafn segir nokkrar leiðir áhugaverðar. „Þar má nefna Kerlingarfjallahringinn. Þar eru gistimöguleikar góðir, þar er tenging við almenningssamgöngur og leiðin er vel merkt. Þá er Pílagrímaleiðin einnig langt á veg komin en hún liggur frá Bæ í Borgarfirði 95 km leið að Skálholti. Þar er búið að merkja leiðina, gistimöguleikar eru góðir og salerni á leiðinni,“ lýsir Gísli Rafn og bendir á að í raun þurfi lítið til viðbótar til þess að þessar leiðir standist sömu staðla og Laugavegurinn.

Vonir standa til að verkefnið nýtist stjórnvöldum til stefnumótunar og lagasetningar sem miðar að því að koma á vönduðu gönguleiðakerfi á Íslandi. „Hugmyndin að verkefninu var að finna hugmyndir að lausnum enda eru löndin í kringum okkur og víðar, til dæmis Nýja-Sjáland, öll með kerfi og ákveðna staðla um sínar gönguleiðir.“



**GÍSLI RAFN GUÐMUNDSSON** Ræðir verkefni sitt, Þjóðstígar á Íslandi, á ráðstefnu á morgun. MYND/GVA

## STIKAÐ AF STAÐ



Ráðstefnan Stikum af stað fer fram í sal Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6, þann 5. mars frá klukkan 13 til 17. Ekkert þátttökugjald er en nauðsynlegt að skrá þátttöku. Sjá nánar á www.ferdamalastofa.is.

**DAGSKRÁ**

13.00 Ferðamálastjóri setur ráðstefnuna

13.10 ***Lukas Stadtherr frá Swiss Mobility.*** Sú stofnun hefur það hlutverk að þróa landsnet ferðaleiða í Sviss. Verkefnið hófst 1993 og nú er í Sviss vel þróað net göngu-, hjóla-, línuskauta- og kanóleiða.

14.00 ***Stefnumótun og uppbygging þjóðstígakerfis á Íslandi*** – Gísli Rafn Guðmundsson

14.30 **Kaffi**

15.00 ***Laugavegurinn – 35 ára uppbygging*** – Páll Guðmundsson

15.15 ***Reykjavegur á Reykjanesi*** – Gunnar Hólm Hjálmarsson

15.30 ***Þingvellir og þjóðgarðar – erlendar fyrirmyndir*** – Ólafur Örn Haraldsson

15.45 ***Dalakofinn – uppbygging á nýju svæði*** – Linda Udengaard

16.00 **Stutt hlé**

16.15 ***Pílagrímaleiðin Bær – Skálholt*** – Hulda K. Guðmundsdóttir

16.30 ***Hornstrandir og Víknaslóðir*** – Páll Ásgeir Ásgeirsson

16.45 Lokaorð

17.00 Ráðstefnu slitið





”Ég er allt annar maður eftir að ég fór að taka inn Pharmepa Omega 3 EPA frá Igennus og er miklu fljótari að jafna mig eftir æfingar og lengri sund.

Auk þess finn ég fyrir mun meiri orku og einbeitingin er betri.“

Árni Þór Árnason, 44 ára afreksmaður og sjósundkappi

Igennus

Pharmepa

Igennus Pharmepa endurstillir hlutfallið af Omega 3 EPA og Omega 6 og dregur úr bólgumyndun í líkamanum sem er undirliggjandi þáttur varðandi þróun á mörgum lífsstílssjúkdómum.

Fæst í Heilsuhúsinu, Lyfjaveri, Heilsuveri, Lyfsalanum, Árbæjarapóteki, Urðarapóteki, Heilsutorginu Blómavali, Lyfjavali ogApóteki Suðurnesja

PRENTUN.IS

# STUÐLAR AÐ LÍFLEGRA HÁRI

**ICECARE KYNNIR** *Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með. Aðeins ein tafla af Hair Volume á dag og hárið verður líflegra og þykkara. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt. Einnig viðhalda þær eðlilegum lit hársins.*



**SELMA BJÖRK** sá mikinn mun á hári sínu eftir að hafa tekið Hair Volume í tvo mánuði. MYND/VILHELM

Selma Björk Grétarsdóttir var farin að taka eftir að hár hennar hafði þynnst og var orðið mjög þurrt og slitið. „Ég ákvað að prófa Hair Volume sem ég hafði séð auglýst og fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljái á hárið og finn að það hefur þykknað þótt ég sé einungis búin að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég hef litað hárið reglulega og þarf því að gæta þess að það þorni ekki of mikið. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume fyrir þær sem eru í sömu stöðu og ég,“ segir Selma.

**FÉKK HÁRLOS**

„Ég fór í aðgerð og þurfti að nota lyf í kjölfarið, sem varð til þess að hárið á mér varð líflaust og rytjulegt. Einnig var ég með töluvert hárlos vegna lyfjanna og þurfti ég t.d. alltaf að tæma niðurfallið í sturtunni eftir hvert skipti í sturtu, svo mikið var hárlosið.

Ég byrjaði að nota Hair Volume í ágúst. Ég og hárgreiðslukonan mín höfum tekið eftir því hve miklu líflegra hárið er, það glansar meira og hárvöxturinn hefur aukist mikið. Annar hárvöxtur á líkamanum hefur samt ekki aukist og finnst mér það mikill munur. Ég tók líka eftir því að neglurnar eru sterkari og húðin mun betri, þannig að það er svo margt gott við að nota Hair Volume-töflurnar. Frábærar töflur sem ég mæli hiklaust með,“ segir Margrét Viðarsdóttir.

**NÝ UPPFINNING**

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit – hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsi, kísli og B-vítamínum.




# Í BETRA JAFNVÆGI OG SEFUR VEL

*Melissa Dream-töflurnar fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.*



**EINA SEM VIRKAR** Elsa hefur prófað margt til að ná að hvílast og sofna en Melissa Dream-töflurnar eru það eina sem hefur virkað hingað til.

Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma,“ segir Elsa Ásgeirsdóttir. „Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina, var oft vöknuð um klukkan fjögur á næturnar og átti erfitt með að sofna aftur. Það er líka gott við Melissu að nú heyrir fótapirringur sögunni til, en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn.“

Elsa las sér til um Melissa Dream-töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist líka vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn, mér líkar það betur. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!

**SKAÐLEGT FYRIR LÍKAMANN**

Svefnleysi veldur því að líkaminn endurnýjar sig hægar, sem getur veikt ónæmiskerfið. Í raun getur svefnleysi verið mjög skaðlegt fyrir líkamann. Svefnleysi er svo skaðlegt fyrir fólk að það er viðurkennt sem áhrifarík pyntingaraðferð. Til þess að hjálpa þér við að losna við hvíldar- og svefnlausar nætur ættir þú að prófa Melissa Dream-töflurnar.

**SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM**

Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (lemon balm), melissa officinalis, verið vinsælt meðal grasalækna. Þaðan dregur varan nafn sitt, Melissa Dream. Þessar vísindalega samsettu náttúruvörur eru hannaðar til að aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur og innihalda ekki efni sem hafa sljóvgandi áhrif. Sítrónumelistaflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið af magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætir svefn.




## SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

*Allar vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.*
*Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.*

IceCare
Þín heilsa

# FEMARELLE ER FRÁBÆR LAUSN

*Femarelle er náttúrulegt, gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa.*



**SIGRÍÐUR ELÍN** er hætt að finna fyrir hitakófum og sefur betur eftir að hún fór að taka inn Femarelle.



**SOFFÍA** getur ekki ímyndað sér hvernig henni liði í dag ef hún hefði ekki kynnst Femarelle.

Ég sá nokkrar auglýsingar í blöðunum um undramátt Femarelle og þar sem ég var farin að finna fyrir miklum hitakófum og svefntruflunum langaði mig að prófa,“ segir Sigríður Elín Thorlacius. „Ég fékk þessi hitakóf nokkrum sinnum yfir daginn og vaknaði við þau tvisvar til þrisvar yfir nóttina. Þessi truflun á svefni fór illa í mig þar sem ég hafði aldrei vaknað á nóttunni fyrr. Ég keypti pakka og sé ekki eftir því. Það tók um það bil þrjár vikur að virka hjá mér svona í fyrsta skipti en eftir það hef ég ekki fundið fyrir hitakófum og sef eins og engill allar nætur,“ segir hún. „Ég þarf vinnu minnar vegna að ferðast um nokkur tímabelti tvisvar í mánuði og hafði smá áhyggjur af því að þetta rugl með líkamsklukkuna myndi hafa áhrif á Femerelle-notkun mína. Það gerðist ekki, ég sef líka mjög vel erlendis. Ég mæli hiklaust með Femarelle þar sem það er náttúrulegt. Þar sem ég vildi ekki taka inn hormóna var þetta snilldarlausn fyrir mig.“

**DÁSAMLEGT UNDRAEFNI**

„Ég ákvað að prófa Femarelle síðasta vetur eftir að hafa lesið frásögn konu í blaði þar sem hún lýsti ánægju sinni með vöruna,“ segir Soffía Káradóttir sem á þeim tíma var að byrja á breytingaskeiðinu en vildi ekki nota hormóna. „Ég fann fyrir hitakófum, fótaóeirð, skapsveiflum, líkamlegri vanlíðan og vaknaði oft upp á nóttunni.“

Eftir að Soffía hafði tekið Femarelle inn í aðeins tíu daga hurfu öll einkenni breytingaskeiðsins. „Nú fæ ég samfelldan svefn, finn ekki lengur fyrir hitakófum eða fótaóeirð og líður mun betur á allan hátt og er í góðu jafnvægi.“

Soffía mælir hiklaust með Femarelle við vinkonur sínar. „Ég mæli með því að allar konur á breytingaaldrinum prófi Femarelle.“

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum þrettán árum.



## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**GJAFAVERÐ 2.990.000.-**
HUMMER H2. Árg.2007,ekinn aðeins 105.þ km,bensín, sjálfskiptur,litur sérlega vel út,er á staðnum. Ásett verð 4.980.000.- Rnr.390658. S:562-1717



**GJAFAVERÐ 2.990.000.-**
HUMMER H2. Árg.2007,ekinn aðeins 99.þ km,bensín, sjálfskiptur,litur sérlega vel út,er á staðnum. Ásett verð 4.980.000.- Rnr.104286. S:562-1717.



**NÝR RAFMAGNSBÍLL**
NISSAN LEAF TEKNA.Árg.2015,lúxus útfærsla-leður,bakkmyndavél ofl,sjálfskiptur,er á staðnum. Verð 4.590.000. Rnr.126475. S:562-1717.



**NÝR RAFMAGNSBÍLL**
NISSAN LEAF TEKNA.Árg.2015,lúxus útfærsla-leður,bakkmyndavél ofl,sjálfskiptur,er á staðnum. Verð 4.590.000. Rnr.126469.S:562-1717.



**DÍSEL FOCUS**
FORD FOCUS TITANIUM. Árg.2010,ek. aðeins 79.þ km, sjálfskiptur, er á staðnum. Verð 2.890.000. Rnr.105108. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**






ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2011, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.240558.



MERCEDES-BENZ B 180 CDI sjálfsk.. Árgerð 2012, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Rnr.991212.



Kia Sorento EX. Árgerð 2007, ekinn 112 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.161223.



BMW 320d f30 sportline. Árgerð 2014, ekinn 9 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.590.000. Rnr.990959.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

STÓRA BÍLASALAN



FORD TRANSIT FT460 L4 H3 18 MANNA 155HÖ Árgerð 2015. Ekinn -1 Þ.KM Verð kr. 6.690.000.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝJIR DODGE RAM 3500**
Nýtt útlit, flottari innrétting og Fáanlegur með loftpúðafjöðrun að aftan, Dísel, Komdu og kynntu þér málið útvegum allar gerðir, erum að taka niður pantanir, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzukisport.is**
**suzuki@suzuki.is / suzuki.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN www.nyja.is



HONDA Cr-v lifestyle. Árgerð 2013, ekinn aðeins 13 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.150.Mjög fallegur og vel með farinn Rnr.210414.



BMW 525 xdrive luxuryline. Árgerð 2012, ekinn 28 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. leður lúga og m,mfl Verð 7.950.000. Rnr.114269.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

BÍLA GALLERÍ



CHEVROLET Captiva 7 manna. Dísel, Árgerð 2012, ekinn 69 Þ.km, Sjálfsk. Verð 4.250þ. Rnr.100324. Toppeintak !

**Bílagallerí bílasala**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 554 6700**
**Hagstæð sölulaun ! 2,9 %**
**www.bílagallerí.is**




**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

100 bílar.is bílasala



BMW 520D M-SPORT F1 2014 ek 3 þkm, sjsk Hlaðinn aukabúnaði - M-Sport - Alcantara sport innrétting - Þessi er rosalegur, er á staðnum. Verð 9800 þús, raðnr 119425.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

## 500-999 þús.



**VIRKILEGA GOTT EINTAK !**
Lexus RX300 árg ,02. ek. aðeins 148þús km. 4x4. ssk. skoðaður. ný vetrardekk. leður. álfelgur. Ásett verð 1.490þús. Tilboðsverð aðeins 990þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**MJÖG VEL MEÐ FARINN BÍLL!**
Renault Megane 1.6 árg ,04. ek aðeins 119þús km. bsk. skoðaður. 3d. nýleg vetradekk. mjög gott eintak sem að eyðir litlu. Ásett v:890þús. Tilboðsverð aðeins 590þús. vísalán í boði. s:659-9696



**690.000.- VÍSALÁN Í BOÐI**
Chevrolet Lazetti station. árg ,07. ek. 141þús km. bsk. sk ,15. mjög rúmgóður og sparneytinn bíll. ásett verð 890þús. Tilboðsverð aðeins 690þús stgr. 100% vísalán í boði. s:659-9696

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Fjórhjól




## Bátar






Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alglugga.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

## Vinnuvélar




## Varahlutir




**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

Er að rífa reno mascott og master ,00-06 Vw transporter ,96-06, Honda accort ,06. Bílakringlan s. 587 1099 - 894 3765

## Viðgerðir

**BÍLAVERKSTÆÐIÐ SMÁPARTAR**
Getum bætt við okkur nokkrum kúnnum

Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Bókhald




**BÓKHALD, UPPGJÖR, RÁÐGJÖF.**
Tek að mér bókhald og uppgjör fyrir fyrirtæki , einstaklinga og húsfélög. Heildarlausnir, Theódór S. Halldórsson, Sími 896 2818

Accountant - bókhald og skattaráðgjöf ehf. Ársreikningar og skattframtöl. S.490 0095 www.accountant.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar




Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**BOX MÁLNINGARÞJÓNUSTA:**
Tökum að okkur verkefni í nýbyggingum, endurmálun og viðhald úti og inni! BOX ehf. S: 824-6438/ 866-1852

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald










Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is




**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN**
Getum bætt við okkur verkum í flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.

Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð
**Tímavinna og tilboð**
**Strúctor byggingaþjónusta ehf.**
**S. 893 6994**

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254

## Hljóðfæri

Gítarleikari óskar eftir mettnaðarfullum hljóðfæraleikurum í þungarokk hljómsveit S : 8468602

## Nudd

Heilnudd í 101, glæsileg aðstaða. Sími 787 7481

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

**FATABREYTINGAR ÁRNI GÆRDBO KLÆÐSKERI**
Allar fatabreytingar og viðgerðir.

Skiptum um rennilása.

Fljót og góð þjónusta.

Opið alla virka daga
frá kl. 10-12 & 13-16.

Geymið auglýsinguna.
**Skraddarinn á Horninu,**
**Skúlagata 26**
**Sími 861 4380.**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Glæný Apple MacBookPro fæst á 50þúsund. Þarf að losa mig við hana í dag. Júlíana s. 6168878




Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17,**
**Kringlan - 3. hæð**
**(Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**
**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun



**OG RÓMANTÍKIN BLÓMSTRA**
Unaðslegu 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta fæst hjá okkur á www.hush.is Sendum um allt land. Netgíró, greiðslukort, millifærsla.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

Til leigu 3. herb íbúð í miðbæ 101 Rvk. 140 þús.pr. mán. Uppl. í s. 776 3260

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Múrverktakar óskast. Mikil vinna framundan. s. 849 4423 og hvassavik.ehf@gmail.com

Vantar bifvélavirkja/tæknimann,mikil vinna framundan. Upplýsingar gefur Dagbjartur S 6601075 BSA hf Akureyri

## Atvinna óskast

Óska eftir vinnu við útkeyrslu er með meirapróf Sími : 8468602

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Aðalfundur Rósarinnar félags jafnaðarmanna verður 6 mars kl 12 á Gjáhellu 7 Hfj efri hæð. Dagskrá venjuleg aðalfundarstörf. Lagabreytingar og kjör fulltrúa á landsfund

## Einkamál

Skyndikynni, tilbreyting, ævintýri. www.RaudaTorgid.is (Stefnumót)







## fasteignir


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Barmahlíð 34. Neðri sérhæð

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Vel skipulögð 104,1 fm. neðri sérhæð með suðursvölum, sér bílastæði á lóð og bílskúrsrétti. Að innan er íbúðin mikið endurnýjuð, m.a. baðherbergi, gólfefni og raflagnir. Skiptanlegar samliggjandi stofur. Tvö herbergi. Svalir til suðurs. Húsið að utan er allt nývíðgert og steinað uppá nýtt. **Virkilega falleg eign á góðum stað, sem vert er að skoða. Verð 39,9 millj. Verið velkomin.**



### Boðaþing 12
203 Kópavogur

Glæsilega og rúmgóða 94,5 fm
2-3ja herbergja íbúð á 2. hæð
við Boðaþing 12

Fjölbýli fyrir 55 ára og eldri
við hliðina á DAS
Eignin er laus við kaupsamning

Nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi
**sími:** 697 9300
svan@miklaborg.is

**Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **30,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Sundagörðum 2
Sími: 533-4800
www.midborg.is

**MIÐBORG** fasteignasala

Björn Þorri Viktorsson
Hrl. og lögg. fasteignasali
Karl Georg Sigurbjörnsson
Hrl. og lögg. fasteignasali

### Laufásvegur 18a

**Opið hús í dag 4. mars. á milli 17.00 og 17.30**




Mjög snyrtileg og töluvert endurnýjuð þriggja herbergja íbúð á 2. hæð í fallegu fjölbýli á rólegum stað við Laufásveg í 101 Reykjavík. Íbúðin er björt og vel skipulögð, fallegt útsýni og staðsett í hjarta Reykjavíkur og örstutt í miðbæinn. Stærð 79 fm. **V. 33,9m.**
Uppl. Gylfi S. 822-0700.



# Vindakór 2-8
203 Kópavogur

## Nú til sýnis glæsileg fullbúin íbúð með húsgögnum (íb 501)
**sjá umfjöllun á smartland.is**

Íbúðir á bilinu 112-166 fm, 3-5 herbergja með stæði í bílageymslu.
Gott skipulag, rúmgóð alrými og veglegar innréttingar frá Axis
Sturta og baðkar í öllum íbúðum. Húsin eru viðhaldslétt að utan.
Möguleiki að kaupa til viðbótar bílskúr og eða 30-40 fm viðbótargeymslu
Afar hagstætt fermetraverð.

**SÖLUSÝNING**
miðvikudaginn 4.mars
17:30 - 18:30

**Til afhendingar strax!**
**Möguleiki á 90% láni**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**www.vindakor.is**

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Nánari upplýsingar veitir
**Atli S. Sigvarðsson**
sölufulltrúi
sími: 899 1178
atli@miklaborg.is

Nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi
sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

- með þér alla leið -


## til sölu


### Fiskeldisstöð til sölu

**Fiskeldisstöðin Laxeyri í Borgarfirði er til sölu.**
Húsnæði stöðvarinnar er um 1.600 m2.
Í stöðinni hafa verið framleidd laxaseiði.
Stöðin gæti einnig hentað fyrir framleiðslu á bleikju.
**Frekari uppl. veitir Þorgils Torfi Jónsson framkv.stj.**
**í síma 669 1100 og torfi@siron.is**


## atvinna


BJÖRNINN

Ármúla 20
108 Reykjavík
Sími: 562 5000
Fax: 562 5045
bjorninn@bjorninn.is
www.bjorninn.is

**Björninn ehf innréttingaverkstæði óskar eftir að ráða smið eða laghentann mann til starfa.**

Starfið felst aðallega í samsettningu og smíði innréttinga.

**Upplýsingar veitir Páll í síma 562 5000**

Vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð
og hjálp ef þau lenda í ofbeldi

**Barnaheill**
Save the Children á Íslandi




ASUS®
STRIX
30% MEIRI KÆLING
GTX 960 · GTX 970 · GTX 980
ASUS STRIX GTX LEIKJASKJÁKORTIN ERU HLAÐIN NÝRRI TÆKNI. DIRECTCU II FYRIR ALLT AÐ 30% MEIRI KÆLINGU, AUKIN AFKÖST OG HLJÓÐLÁTARI LEIKJASPILUN. ODB VIFTUTÆKNI FYRIR HLJÓÐLAUSA LÉTTA LEIKJASPILUN OG BLU-RAY KVIKMYNDAÁHORF. DIGI+ VRM STRAUMJÖFNUN OG HÁHRAÐA GDDR5.
MÓÐURBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
ÁBYRGJUMST ÁREIÐANLEIKA
ASUS
LENGRI ÁBYRGÐARTÍMI
3 ÁRA ÁBYRGÐ Á ASUS MÓÐURBORÐUM
ASUS ER STÆRSTI MÓÐURBORÐSFRAMLEIÐANDI HEIMS. TÖLVULISTINN BÝÐUR NÚ Í SAMSTARFI VIÐ ASUS LENGRI ÁBYRGÐARTÍMA Á ÖLLUM ASUS MÓÐURBORÐUM SEM KEYPT ERU 2015. VELDU TRAUST OG ÖRUGGT MÓÐURBORÐ OG VIÐ ÁBYRGJUMST ÁREIÐANLEIKANN.
tl.is
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 Sími 414 1700
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 30 Sími 414 1730
HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A Sími 464 1600
EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6 Sími 414 1735
KEFLAVÍK HAFNARGÖTU 90 Sími 414 1740
SELFOSS AUSTURVEGI 34 Sími 414 1745
AKRANES ÞJÓÐBRAUT 1 SÍMI 431 3333
HAFNARFJÖRÐUR REYKJAVÍKURVEGI 66 Sími 414 1750

# Fer vikulega í bolta með Svíkingunum

***Eggert Þór Kristófersson er nýr forstjóri olíufélagsins N1. Hann á að baki langan starfsferil úr bankakerfinu, en söðlaði svo um og hóf störf hjá N1. Eggert er mikill íþróttamaður og spilar fótbolta með félögum úr Ólafsvík.***

Eggert Þór Kristófersson, fjármálastjóri N1, var í síðustu viku ráðinn forstjóri félagsins. Hann tekur við af Eggerti Benedikt Guðmundssyni sem sinnti starfinu í tæp þrjú ár.

Eggert Þór starfaði hjá Íslandsbanka og Glitni fram til ársins 2008. Þá gekk hann til liðs við Sjávarsýn, sem er eignarhaldsfélag Bjarna Ármannssonar, og starfaði þar við fjárfestingar og ráðgjöf. Eggert vann að endurskipulagningu N1 eftir bankahrun og tók við sem fjármálastjóri að því loknu.

Eggert segir að miklar breytingar hafi verið gerðar á rekstri N1 á liðnum árum. „Ég held að það sé klárlega meiri fókus á kjarnarekstruinn. Sem er hefðbundið íslenskt olíufélag sem er að reka stöðvar um allt land og þjónusta sjávarútveg, verktaka, iðnað og bændur. Þetta er svolítið svona „back to basics“,“ segir Eggert.

Aðspurður segir hann að hefðbundnar bensínstöðvar séu líka að verða meira eins og þægindavöruverslanir. „Svipað og 7-11 sem maður sér erlendis,“ segir hann. Bensínstöðvar séu því orðnar að verslunum sem fólk geti komið við í þegar vantar örfáa nauðsynjahluti og þarf ekki að fara langa leið til að sækja þá.

Eggert Þór býst ekki við að hann muni eiga minni tíma aflögu núna þegar hann er orðinn forstjóri. „Það held ég ekki. Fjármálastjórastarfið er mjög erilsamt. Það er eiginlega jafn erilsamt og forstjórastarfið,“ segir Eggert, en tekur þó fram að það sé ný upplifun fyrir sig að vera forstjóri.

Eggert Þór er mikill íþróttaáhugamaður og þó sér í lagi knattspyrnuáhugamaður. „Ég er uppalinn í Ólafsvík og við spilum alltaf saman einu sinni í viku, gamlir Ólsarar. Félagið Víkingur í Ólafsvík er knattspyrnufélag bæjarins en við köllum okkur Svíkinga, suðurhluti Víkinganna,“ segir hann. Hann segir að þeir félagarnir hafi spilað saman síðan 1988. „Það er kannski aðeins farið að hægja á okkur en við erum mjög góðir í huganum,“ segir Eggert og bætir við að þeir hittist líka reglulega til að horfa á fótbolta.

„Svo á ég fjögur börn og konu þannig að það er nóg að gera í því,“ segir Eggert en hann er giftur Ágústu Dröfn Kristleifsdóttur leikskólakennara. jonhakon@frettabladid.is

## VALSARI OG MANCHESTER-MAÐUR



Eddi er mjög metnaðargjarn og hefur alltaf verið mjög vinnusamur. Hann er mikill fjölskyldumaður sem fullorðnaðist snemma, þar sem fyrsta barn þeirra hjóna kom í heiminn þegar Eddi var enn hálfgerður krakki sjálfur, á átjánda ári. Við kynntumst í menntaskóla og vorum síðar saman í viðskiptafræði við HÍ. Það er aldrei nein lognmolla í kringum Edda, hann er félagslyndur, skemmtilegur og hress í umgengni. Hann er mikill áhugamaður um íþróttir og þá sérstaklega fótbolta, hans helsti galli er að hann heldur ekki með réttu liðunum. Hann hefði til dæmis getað orðið fyrirmyndar Þróttari en kaus að vera Valsari.

**Steinar Helgason**



Hann er hress og skemmtilegur náungi. Alltaf gaman að vera í kringum hann. Hann er vel kvæntur. Hann er aldrei feiminn við að segja sína skoðun og stendur á sínu en að sama skapi lætur hann til dyranna eins og hann er klæddur. Hann er klár og duglegur við að fókusera á atriðin. Helsti galli hans er sá að hann á mjög erfitt með að mæta á réttum tíma, frekar óstundvís. Hann er mikill fótboltaáhugamaður, Valsari sem er kostur og Manchester-maður sem er ókostur.

**Helgi Þór Logason**



> **Ég held að það sé klárlega meiri fókus á kjarnareksturinn. Sem er hefðbundið íslenskt olíufélag.**

# „Verðbréfagutti“ sem sneri sér að alvöru verðmætasköpun

***Marel var stofnað árið 1983 til að auka framleiðni í sjávarútvegi. Nú er það eitt stærsta fyrirtækið í Kauphöll.***

› klinkið

**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@365.is



**MAREL**

**ÁRNI ODDUR ÞÓRÐARSON**
FORSTJÓRI:

Marel er eitt fremsta þekkingar- og tæknifyrirtæki landsins. Marel fæddist sem hugmynd í HÍ árið 1983 til að auka framleiðni í sjávarútvegi. Í dag er fyrirtækið leiðandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu á tækjabúnaði til vinnslu á kjúklingi, fiski og kjöti. Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel, tók við starfinu í nóvember 2013 eftir að hafa verið stjórnarformaður fyrirtækisins í átta ár þar á undan. Bakgrunnur Árna er í fjármálageiranum en hann stofnaði síðar Eyri Invest fjárfestingarfélag ásamt föður sínum. Fyrirtækið breytti um stefnu árið 2005 og seldi öll hlutabréf sín í bönkunum og fór að einbeita sér að framleiðslu- og þekkingarfyrirtækjum eins og Marel, Össuri, Fokker og Stork. Árni Oddur er gestur í nýjasta Klinkinu.

*Hvers vegna hættir þú sem stjórnarformaður og tókst við sem forstjóri Marel árið 2013?*
„Við töldum að kostnaður félagsins væri of hár. Við höfðum keypt fimm félög árin þar á undan og töldum að það væri hægt að ná meiri samþættingu í rekstri og aðlaga rekstur betur að stefnu. Stjórnin bað mig um að taka þetta að mér og ég ákvað að láta slag standa.“

*Var Theo Hoen ekki að nýta tækifæri til lækkunar kostnaðar?*
„Ef við horfum á forvera mína þá voru þeir báðir að gera góða hluti. Hörður (Arnarson) sá til þess að við fórum í yfirtöku á laxaeiningum. Theo sá til þess að við fórum úr óstöðluðum vörum í staðlaðar vörur. Við töldum að það væri hægt að ná meiri samlegð í sölu og rekstrarkostnaði.“

*Þú ert í grunninn fjármálagaur. Hvernig var að fara í hátækniþekkingarfyrirtæki?* „Ég byrjaði á verðbréfamarkaði og var einn af verðbréfaguttunum í byrjun og helgaði mig því en það varð ákveðin breyting árin 2001 og 2002 hjá mér. Ég fór að hugsa þetta upp á nýtt og fór í framhaldsnám til Sviss. Fljótlega eftir það breyttum við stefnunni í Eyrir Invest og fórum frekar að horfa á framleiðslufyrirtæki og nýsköpun.“

*Er ekki algengt að forstjórar séu bara fjögur til sex ár við stjórnvölinn?* „Það er einföld staðreynd að meðallífaldur forstjóra er fimm til sex ár en það helgast af því að meðallífaldur er 8-10 ár og svo eru margir sem stoppa stutt við. Miðgildið er kannski 8-10 ár en meðaltalið fimm til sex ár. Það er öllum fyrirtækjum holt að breyta.“

*Hvað á Ísland að gera í gjaldmiðils- og peningamálum eftir höft?* „Ég er ekkert meira hrifinn af evrusamstarfi en dollarasamstarfi. En meirihluti af okkar nærviðskiptum er í viðskiptum með evru.“



**FORSTJÓRINN** Í lok árs 2013 var ákveðið að Árni Oddur Þórðarson tæki við forstjórastólnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við töldum að kostnaður félagsins væri of hár. Við höfðum keypt fimm félög árin þar á undan og töldum að það væri hægt að ná meiri samþættingu í rekstri og aðlaga rekstur betur að stefnu.

> Ég byrjaði á verðbréfamarkaði og var einn af verðbréfaguttnum í byrjun og helgaði mig því en það varð ákveðin breyting árin 2001 og 2002 hjá mér.

> Ég er ekkert meira hrifinn af evrusamstarfi en dollarasamstarfi en meirihluti af okkar nærviðskiptum er í viðskiptum með evrur.


K
atrín Björg Andersen
Vann hjá heimaþjónustunni.
Er nú nemi í grafískri miðlun í
Tækniskólanum.
MEÐ TROMP Á
HENDI FRÁ VIRK
Þegar einstaklingur missir starfsgetu vegna slyss eða veikinda snýr VIRK spilinu við með markvissri uppbyggingu og sérfræðistuðningi. Fjölbreyttur hópur fagaðila um allt land vinnur að árangursríkri starfsendurhæfingu sem skilar sterkum einstaklingum aftur út á vinnumarkaðinn.
VIRK
Starfsendurhæfingarsjóður
Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík, sími 535 5700
www.virk.is
K
atrín Björg Andersen
Katrín vann líkamlega erfiða vinnu en varð óvinnufær sökum þrálátra bak- og stoðkerfisverkja. Hún naut stuðnings frá VIRK með góðum árangri.

Launahækkun forstjóra Orkuveitunnar er algerlega óforsvaranleg:

# Úr öllum takti við almenning

Fréttablaðið greindi frá því fyrir helgi að Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, hefði fengið ríflega launahækkun á síðasta ári og laun hans væru nú 1,1 milljón hærri en þau voru þegar hann tók við starfi sínu árið 2011.

Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður fyrirtækisins, segir eigendastefnu þess hafa breyst. Upphaflega hafi verið gert ráð fyrir að grunnlaun forstjórans fylgdu úrskurðum kjararáðs um laun forstjóra Landsvirkjunar. Síðar hafi sú stefna verið tekin upp að laun stjórnenda OR standist samanburð við sambærileg laun.



**Markaðshornið**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

**Það má segja að stjórnendur, starfsmenn og neytendur hafi tekið höndum saman.**

Orkuveita Reykjavíkur sætti illri meðferð stjórnmálamanna um áratugabil fyrir bankahrun. Eftir hrunið, þegar margt benti til þess að fyrirtækið stefndi í greiðsluþrot, voru fengnir fagmenn til að stýra því inn á rétta braut. Niðurstaðan varð aðgerðaáætlun sem var kölluð Planið til þess að sækja 50 milljarða króna á fimm ára tímabili.

Í Planinu fólst meðal annars fækkun starfsfólks, lækkun launakostnaðar og annarra kostnaðarliða starfseminnar, sala á eignum sem ekki tilheyra kjarnastarfsemi fyrirtækisins, tekjuaukning með hækkun gjaldskrár og víkjandi lán frá eigendum til að koma í veg fyrir sjóðþurrð.

Miklu meiri árangur hefur náðst í því að hagræða en stefnt var að. Árangurinn hefur verið svo sannfærandi að lánshæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings gaf Orkuveitu Reykjavíkur einkunnina BB- með stöðugum horfum í febrúar. Í tilkynningu sem birtist á vef Orkuveitunnar sagði að Fitch Ratings teldi horfur stöðugar einkum í ljósi þess hversu vel Orkuveitunni gengur að fylgja Planinu eftir.

Með þennan árangur sem liggur fyrir og þá einkunn sem lánshæfismatsfyrirtækið gefur Orkuveitunni er kannski skiljanlegt að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þyki rétt að forstjórinn og aðrir lykilstjórnendur njóti þess árangurs með hærri launum.

Það er þó bersýnilegt að mikill dugur í forstjóra Orkuveitunnar og lykilstjórnendum var nauðsynleg forsenda en ekki nægjanleg til þess að bæta stöðu fyrirtækisins. Það þurftu fleiri að spila með þeim. Þegar starfsfólki fyrirtækisins tók að fækka hefur álag á annað starfsfólk vafalítið aukist. Eiga þeir starfsmenn sem eftir sátu þá ekki þátt í bættri stöðu fyrirtækisins, rétt eins og stjórnendurnir? Og fá þeir starfsmenn að njóta árangursins með hærri launum eins og lykilstjórnendur? Líklegast ekki, því þá færi árangurinn fyrir lítið.

Við þetta bætist að hluti af aðgerðaáætluninni til að bæta rekstur Orkuveitunnar var að hækka gjöld Orkuveitunnar. Neytendur áttu því sinn þátt í að greiða úr þeirri flóknu stöðu sem Orkuveitan var komin í með því að verja hærra hlutfalli af ráðstöfunartekjum sínum í greiðslur fyrir afnot af vatni og rafmagni.

Það má því segja að stjórnendur fyrirtækisins, starfsmenn og neytendur, sem einnig eru eigendur fyrirtækisins, hafi tekið höndum saman í því að bjarga fyrirtækinu frá greiðsluþrotinu sem það hefði getað lent í. Á tímum þegar mikil óvissa er uppi í íslensku atvinnulífi vegna lausra kjarasamninga er það þess vegna mikið áhyggjuefni að laun forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, sem er opinbert fyrirtæki, hækki um 79 prósent á sama tíma og laun almennt hækka um 24 prósent. Það er hækkun sem er úr öllum takti við það sem almenningur getur vænst.

## Eldri borgarar biðu í röð eftir nauðsynjum



**ERFIÐAR AÐSTÆÐUR** Eldri borgarar biðu í röð til þess að fá heitt te og kex í súpueldhúsi á Lenínstorgi í Debaltseve á mánudaginn. Debaltseve var hluti Úkraínu en fylgjendur rússneskra aðskilnaðarsinna náðu tökum á borginni þann 18. febrúar. Vatnslaust er í borginni og mjög lítið rafmagn. Hjálparstarfsfólk reynir hvað það getur til þess að koma þurfandi til bjargar. NORDICPHOTOS/AFP

# Lífeyrissjóðir í fortíð, nútíð og framtíð

**Skoðun**

Þórey S. Þórðardóttir
framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða



Á Íslandi er skyldutryggingakerfi þar sem öllum vinnandi mönnum er gert skylt að leggja hluta af launum sínum í lífeyrissjóð. Ákvarðanir um uppbyggingu slíks kerfis byggjast á mikilli fyrirhyggju og framsýni. Lífeyrissjóðunum er ætlað að leggja grunninn að betri afkomu á efri árum auk þess að vera til taks ef við verðum fyrir áföllum sem raskað geta fjárhagslegu öryggi okkar.

Lífeyrissjóðir byggjast upp á löngum tíma og því skiptir mestu að ákvarðanir séu teknar með langtímahagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Einnig skiptir miklu máli að forsendur, sem lagðar eru til grundvallar hverju sinni, standist og séu réttar. Undanfarin ár hafa reynst lífeyrissjóðum afar hagstæð og var raunávöxtun samtryggingarsjóða árið 2014 um 7,4%. Ef litið er til síðustu 20 ára er raunávöxtun að jafnaði 4%. Ávöxtun til langs tíma skiptir mestu máli til að tryggja sjóðfélögum lífeyri.

Lífeyrissjóðunum er gert að greiða verðtryggðan lífeyri, enda er það ekki fjöldi króna sem skiptir mestu máli heldur að fjárhæðirnar haldi verðgildi sínu og tryggi ákveðinn kaupmátt. Árið 2014 var í þessu tilliti hagkvæmt lífeyrissjóðunum þar sem verðbólgan reyndist lág. Þegar fer saman annars vegar góð ávöxtun og hins vegar lág verðbólga aukast eignir meira en skuldbindingar sjóðanna. Lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði, sem starfa án ábyrgðar launagreiðenda, eiga nú eignir fyrir öllum skuldbindingum og er staða þeirra í jafnvægi en þó mismunandi eftir sjóðum.

Gjaldeyrishöftin eru mesta ógnin sem nú stafar að sjóðunum. Höftin draga verulega úr möguleikum til áhættudreifingar. Innan hafta er erfitt fyrir lífeyrissjóði að tryggja kaupmáttaröryggi sjóðfélaga þar sem stór hluti af neyslu landsmanna byggist á innflutningi. Ýmsar stærðir í þjóðarbúskapnum benda til þess að nú sé rétti tíminn til að hefja afnám gjaldeyrishafta og vonandi hafa ráðamenn vilja og kjark til að takast á við það vandasama verkefni.

Umhverfi lífeyrissjóðanna er breytingum háð og má þar nefna að við reynumst lifa lengur en áætlanir hafa gert ráð fyrir fram til þessa. Þetta eru að sjálfsögðu gleðifréttir en lengri lífaldur má rekja til heilbrigðari lífsmáta og framfara í læknavísindum. Þessi jákvæða þróun hefur þó neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða. Í hvert skipti sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga birtir nýjar dánar- og eftirlifendatöflur hefur staða lífeyrissjóða versnað af því sjóðirnir þurfa að greiða lífeyri í lengri tíma en áður var áætlað. Það er hins vegar mikilvægt fyrir sjóðfélaga að lífeyrissjóðir byggi réttindaávinnslu sjóðfélaga á réttum forsendum. Annars skapast væntingar um lífeyri sem ekki ganga eftir.

Vegna stöðugrar lengingar meðalævi undanfarna áratugi er nú horft til þess að breyta forsendum útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða og byggja ekki lengur mat á meðalævi til framtíðar á reynslu síðustu ára um lífaldur. Þess í stað skal reikna meðalævi til framtíðar út frá spá um áframhaldandi lengingu á meðalævi. Þetta er krefjandi verkefni sem bíður lífeyrissjóðanna en nú er rétti tíminn þar sem við eigum hagstætt ár að baki.

# Eitraður moli Al-Thani dóms

**Hin hliðin**

Heiðrún Lind Marteinsdóttir
hdl. hjá LEX



Dómur Hæstaréttar í Al-Thani málinu er allrar athygli verður. Þrátt fyrir að hinni efnislegu niðurstöðu verði ekki breytt, er nauðsynlegt að fjalla um einstakar forsendur niðurstöðu Hæstaréttar. Í þessum örpistli er aðeins ráðrúm til að beina sjónum að einum anga málsins. Varðar hann hlerun símtala sakborninga við verjendur.

Samkvæmt 36. gr. sakamálalaga er verjanda heimilt að tala einslega við skjólstæðing. Þá er einnig kveðið á um það í 85. gr. sakamálalaga að ef upptökur hafa að geyma samtöl eða önnur samskipti sakborninga við verjanda skal eyða þeim þegar í stað. Upptökur símtala eru í höndum fjarskiptafyrirtækja.

Í Al-Thani málinu lá fyrir að tekin voru upp samtöl tveggja sakborninga við verjendur og að símtölunum var ekki eytt þegar í stað. Í niðurstöðu Hæstaréttar eru mótbárur sakborninga vegna þessa að engu hafðar. Byggir á því að þessi gögn hafi ekki verið nýtt til sönnunar, auk þess sem Hæstiréttur fær ekki „séð hvernig lögregla gæti almennt hagað aðgerðum við hlustun síma sakbornings á annan hátt en gert var í þessu tilviki [...], enda verður hvorki séð fyrir hvort símtal sakbornings kunni að vera við verjanda fremur en annan né hefur lögregla heimild í XI. kafla laga nr. 88/2008 til að fela öðrum framkvæmd þessa inngrips í friðhelgi einkalífs manna að hlusta á símtöl þeirra.“

Niðurstaða þessi vekur ugg. Ekki er hægt að tryggja grundvallarrétt sakaðs manns til trúnaðarsamtals við verjanda ef það kemur í hlut rannsakanda að kanna hvort samtöl séu við verjanda og hvort þau njóti trúnaðar. Aukinheldur er alþekkt erlendis að framkvæmd er hagað öðruvísi. Af niðurstöðum Mannréttindadómstóls Evrópu má ráða að það fari gegn 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) að starfsmaður stjórnvalds rannsaki á því hvort upptekin símtöl séu við verjanda og hvort þeim skuli eytt. Þetta var m.a. staðfest í máli Kopp gegn Sviss, þar sem dómstóllinn fann að því að yfirmaður lögfræðisviðs svissnesku póstþjónustunnar, sem var ríkisrekin, hafi haft umsjón með þessu verki án eftirlits sjálfstæðs dómara. Í máli Aalmoes gegn Hollandi var það hins vegar talið samrýmanlegt 8. gr. MSE að aðili frá hollenska lögmannafélaginu hefði aðkomu að mati á því hvaða símtöl væru háð trúnaði. Álitaefni þessi eru nátengd rétti sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar skv. 6. gr. MSE og fyrrgreindri 36. gr. sakamálalaga.

Megi skilja niðurstöðu Hæstaréttar á þann veg að sakamálalög heimili ekki aðra framkvæmd en þá sem viðhöfð var í Al-Thani málinu, verður löggjafinn að bæta úr án tafar. Tryggi lögin ekki þessi grundvallarréttindi sakbornings, hefur íslenska ríkið brotið gegn Mannréttindasáttmála Evrópu.

USAG





**05158001E**
150 stk. verkfæri
Verð: 163.060 kr.





**05158002E**
181 stk. verkfæri
Verð: 169.880 kr.





**05168113E**
150 stk. verkfæri
Verð: 179.800 kr.





**05188106E**
150 stk. verkfæri
Verð: 196.540 kr.





**05198105E**
181 stk. verkfæri
Verð: 235.600 kr.

# *VERKFÆRASKÁPAR*
# ***MEÐ KEPPNISANDA***

PIPAR\TBWA

DUCATI
OFFICIAL PARTNER

Toro Rosso USAG
OFFICIAL SUPPLIER

Handhægir verkfæraskápar með þrautprófuðum, gæðaverkfærum sem notuð eru af kröfuhörðustu keppnisliðum í akstursíþróttum um heim allan. Allt á sínum stað og til taks á mjög góðu verði.

VÉLAR & VERKFÆRI

SKÚTUVOGUR 1 C · 104 REYKJAVÍK · SÍMI: 550 8500 · FAX 5508510 · WWW.VV.IS

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**


**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 133,53 | DKK 20,43 | NOK 17,32 | CHF 139,12 |
| GBP 205,27 | EUR 149,35 | SEK 16,14 | JPY 1,12 |

**FTSE 100**
6899,85 -40,79
(0,59%)


**Viðskiptavefur Vísis**
**@VisirVidskipti**


## 228 MILLJÓNIR
### Íslandssjóðir með 18 sjóði

Hagnaður Íslandssjóða hf. eftir skatta árið 2014 nam 228 milljónum króna í fyrra samanborið við 299 milljónir árið 2013. Hreinar rekstrartekjur námu 1.408 milljónum króna samanborið við 1.354 milljónir árið áður. Rekstrargjöld námu 1.123 milljónum samanborið við 980 milljónir árið áður. Í lok desember voru 18 sjóðir í rekstri og slitum og nam hrein eign þeirra 114 milljörðum.

## 11,1 MILLJARÐA VELTA
### Marel á toppnum

Mest viðskipti voru með bréf í Marel í febrúar og námu þau 11,1 milljarði króna. Viðskipti með bréf í Icelandair Group námu 5,4 milljörðum, 3,8 milljarða viðskipti voru með bréf í N1 og viðskipti með bréf í HB Granda námu 3,4 milljörðum. Úrvalsvísitalan lækkaði um 0,3% á milli mánaða og stóð í 1.377 stigum í fyrradag. Á Aðalmarkaði Kauphallarinnar var Landsbankinn með mestu hlutdeildina og nam hún 32,5 prósentum, Arion banki með 20,7% og Íslandsbanki með 20,5%. Í lok febrúar voru hlutabréf 17 félaga skráð á Aðalmarkaði og Nasdaq First North á Íslandi og nemur heildarmarkaðsvirði þeirra 736 milljörðum króna.



**02.03.2015** Mér hugnast ekki skotgrafir og ég vil ekki vera þar og ég tel að hagsmunir bænda og hagsmunir verslunarinnar eigi að vera algjörlega þeir sömu. Það eru neytendur sem skipta máli og við eigum að vera þar. Það sem við þurfum að átta okkur á er að það verða alltaf einhverjir verndartollar. Það er alls staðar verið að styðja við landbúnað, eða allavega í okkar samkeppnisríkjum þannig að það verður áfram.

*Margrét Sanders, formaður Samtaka verslunar og þjónustu.*

## STJÓRNARMAÐURINN

### Tortryggni fyrir tortryggni sakir

Stjórnarmaðurinn fylgdist forviða með fjaðrafoki kringum skipan framkvæmdahóps um afnám gjaldeyrishaftanna.

**LÍKT OG STUNDUM** virðist loða við á Íslandi má segja að aðalatriðum hafi lítill gaumur verið gefinn. Einkum virðist fólki hafa verið umhugað um þá staðreynd að þrír meðlima hópsins hafi starfað hjá MP banka.

Ekki var að finna sérstök rök fyrir áhyggjunum í fréttum af málinu, önnur en þau að skipan sérfræðinganna hefði valdið „titringi“ hjá öðrum fjármálastofnunum og haft var eftir þingmanni að mikilvægt væri að „eyða öllum efasemdum sem tengjast hinum mikilvægu verkefnum nefndarinnar“.

**Á ENSKRI BLOGGSÍÐU** Sigrúnar Davíðsdóttur var þó gengið lengra. Rakin voru ættartengsl forstjóra MP banka og forsætisráðherra, og fundið að því að enginn þriggja lögfræðinga í nefndinni hefði alþjóðlega reynslu.

Stjórnarmaðurinn klóraði sér í höfðinu yfir þessum umkvörtunum, enda fær hann ekki séð að MP banki og starfsmenn hans hafi sérstaka hagsmuni aðra en almennar fjármálastofnanir og landsmenn allir af afnámi haftanna.

**LANGSÓTT ÆTTARTENGSL** manns sem ekki situr í nefndinni og forsætisráðherra, teljast heldur vart tíðindi í litlu landi. Einkum í ljósi þess að skipan nefndarinnar var á vegum fjármálaráðherra en ekki forsætisráðuneytisins.

Loks leiðir stutt Google-leit í ljós að a.m.k. einn lögfræðinganna sem um ræðir hefur starfað við lögmennsku í London um skeið, en slík starfsreynsla er nokkuð fátíð á Íslandi í ljósi staðbundins eðlis lögfræðinnar. Við það má bæta að formaður hópsins er Glenn nokkur Kim, sem hefur áratugareynslu af alþjóðafjármálamörkuðum og hefur m.a. ráðlagt þýska fjármálaráðuneytinu í tengslum við krísuna á evrusvæðinu.

**UMRÆÐA** um þetta mál hefur einkennst af því sem kalla mætti tortryggni fyrir tortryggni sakir. Það er lágmarkskrafa þegar rætt er um jafn mikilvæg málefni að menn sái ekki efasemdafræjum að óþörfu, og beiti boðlegum rökum.

Annars dæmir fólk sig úr leik í opinberri umræðu.

**AÐ HRÓSA ÞVÍ SEM VEL ER GERT**

Stjórnarmaðurinn hefur í fyrri pistlum kallað eftir því að innleiddir verði, að breskri fyrirmynd, skattafslættir fyrir einstaklinga vegna fjárfestinga í nýsköpun.

Fjármálaráðherra hefur nú tilkynnt að frumvarp um slíkt sé í smíðum.

Stjórnarmaðurinn hrósar ráðherra og hlakkar til að kynna sér afraksturinn. Vel gert Bjarni.

**@stjornarmadur**





565 6000 / somi.is
ÚT AÐ BORÐA?
PRÓFAÐU NÝJU INDVERSKU TORTILLUNA?
NÝTT
Við bjóðum spennandi matseðil
Íslendingar hafa fjölbreyttan smekk sem við gerum okkar allra besta á hverjum degi að sinna. Þitt er valið!
SÓMI
Ferskt á hverjum degi



†

Okkar ástkæri maður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**BALDVIN BERNDSEN**
**Lautasmára 51, Kópavogi,**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 24. febrúar. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 5. mars kl. 15.

**Henný Hermannsdóttir**
**Baldvin Örn Berndsen** — **Berglind Helgadóttir**
**Jóhanna Sigríður Berndsen**
**Ragnar Baldvin Berndsen** — **Jennifer Berndsen**
**Margrét Lára Berndsen**
**Evald Berndsen**
**Unnur Berglind Guðmundsdóttir** — **Niel Jeppe**
**Árni Henry Gunnarsson** — **Anna L. Sigurðardóttir**
**og afabörn.**



†

**ODDBERGUR EIRÍKSSON**
**skipasmiður,**
**Ytri-Njarðvík,**

lést þann 27. febrúar sl. á Hrafnistu í Hafnarfirði. Hann verður jarðsunginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 6. mars kl. 14.00.

**Kolbrún Oddbergsdóttir**
**Guðmundur Oddbergsson**
**og aðrir aðstandendur.**



†

Þökkum auðsýnda samúð, kveðjur og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**EINARS RAGNARSSONAR**
**tannlæknis,**
**Lækjarási 11.**

Sérstakar þakkir fær Grétar Guðmundsson læknir og starfsfólk á deild B-2 LSH í Fossvogi.

**Gerður Pálsdóttir**
**Kristín Gígja Einarsdóttir** — **Þorsteinn Sverrisson**
**Sigrún Elva Einarsdóttir** — **Ari Pétur Wendel**
**Þorgerður Arna Einarsdóttir** — **Óttar Örn Helgason**
**Einar Páll Einarsson**
**og barnabörn.**



†

Elskulega móðir okkar,

**ÞURÍÐUR BJARNADÓTTIR**
**frá Norðfirði,**

lést 26. febrúar 2015. Nú ertu hjá elsku pabba, megi guð geyma þig og varðveita. Þín er sárt saknað. Við viljum þakka starfsfólki hjúkrunarheimilisins Skjóls, þriðju hæð, fyrir góða umönnun og sýndan kærleik. Útförin fer fram frá hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu 6. mars kl. 11.00.

**Gunnar Ársælsson**
**Ingunn Ársælsdóttir**
**Kolbeinn Ársælsson**
**Bjarni Geir Ársælsson**
**Margrét Ársælsson**
**Agneta**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Bróðir okkar,

**SVEINN PÁLMASON**
**Birkihlíð 7, Vestmannaeyjum,**

lést 23. febrúar. Útförin fer fram frá Landakirkju 7. mars klukkan 11.

**Systkini hins látna og fjölskyldur**



†

Elsku hjartans pabbi minn, sonur okkar, bróðir, mágur, barnabarn og sambýlismaður,

**UNNAR INGI HEIÐARSSON**
**Vallartúni 6, Akureyri,**

sem lést fimmtudaginn 19. febrúar verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 6. mars klukkan 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á reikning Benonýs Inga sonar hans, 302-13-300328, kt. 280812-2690.

**Benoný Ingi Unnarsson**
**Heiðar Rögnvaldsson**
**Sigríður Jóhannesdóttir** — **Magnús Guðjónsson**
**Íris Huld Heiðarsdóttir**
**Þorsteinn Björnsson** — **Sigríður Ólafsdóttir**
**Guðrún Helga Heiðarsdóttir** — **Valur Oddgeir Bjarnason**
**Guðrún Helga Kjartansdóttir**
**Steinunn Ósk Eyþórsdóttir**

## EITT LÍTIÐ LJÓÐ

*Ég get ekki sungið þér sólfagran óð*
*né seitt burtu kulda og hregg,*
*en örlítið fátæklegt, flöktandi ljóð*
*að fótum þér hikandi legg.*
*Og þó eru í ljóðinu líf mitt og sál*
*mín lofgjörð og þökk fyrir allt,*
*sem tendraði í hjarta mér brennandi bál*
*og bugaði skammdegið kalt.*

*Þú komst inn í líf mitt sem ljómandi vor*
*og lífgaðir blómin mín öll.*
*Og andblær þinn vermdi mín vonlausu spor*
*er ég villtist um tómleikans fjöll.*
*Þá varð förin mér ljúf, þá varð gatan mér greið,*
*þá fékk ganga mín stefnu og mið.*
*Þá varð framundan blómskrýdd og brosandi leið,*
*þar blasti nú hamingjan við.*

*Þú færðir mér lífið, þú færðir mér allt,*
*sem fegurst og dýrast ég ann.*
*Þú veizt kannski ei sjálf hve í sál mér var kalt*
*unz ég sumar þíns ástríkis fann.*
*En í hjarta mér geymi ég glitrandi sjóð,*
*eina gleym-mér-ei, hún er til þín!*
*– Svona örlítið fátæklegt, flöktandi ljóð*
*er minn fjársjóður, ástin mín!*

***Ágúst 1951***

# Samdi lög við gömul ástarljóð afa síns

Anna María Björnsdóttir gefur út plötuna Hver stund með þér með lögum við ástarljóð sem samin voru til ömmu hennar á sextíu ára tímabili.

Tónlistarkonan Anna María Björnsdóttir hefur gefið út plötuna Hver stund með þér, ásamt Svavari Knúti.

Á henni má finna lög sem hún samdi við ástarljóð sem afi hennar, Ólafur Björn Guðmundsson, samdi til ömmu hennar, Elínar Maríusdóttur. „Hann orti öll þessi ljóð til hennar yfir sextíu ára tímabil, alveg frá því þau kynntust og þangað til þau voru orðin gömul. Það höfðu fáir í fjölskyldunni séð þau og hann leyfði okkur ekki að sjá þau fyrr en löngu seinna," segir Anna María. Þá hafi afi hennar tekið sig til og skrifað upp öll ljóðin inn í tölvu svo þau myndu varðveitast. Anna segir að þau hjónin hafi alltaf verið jafn ástfangin, alveg fram á síðasta dag, en þau létust með árs millibili. Anna segir það gaman að skoða fyrstu ljóðin sem fjalla um framtíð þeirra saman og svo þessi yngri, þegar hann er meira að þakka henni fyrir allan þann tíma sem þau hafi átt saman. „Það er svo gaman að sjá ljóðin sem hann skrifaði fyrst þegar þau eru ung og nýbúin að kynnast og svo ljóðin sem hann skrifar þegar hann er orðinn gamall, hvað ástin er enn til staðar og hvað hann ber enn sömu tilfinningar til hennar," segir hún og bætir við: „Hann horfði alltaf á hana með sömu aðdáunaraugum."

Aðspurð hvort hún eigi sér eftirlætisljóð eftir afa sinni, segir hún erfitt að gera upp á milli þeirra. „Þau eru eiginlega öll í uppáhaldi á sinn hátt, en ljóðið Eitt lítið ljóð finnst mér þó sérstakega fallegt," segir hún.

Er þetta önnur sólóplata Önnu, og sú fjórða í heildina, en hún hefur gefið út tvær plötur með Norrænu spunasönghljómsveitinni IKI í Danmörku. Fimmtudaginn 12. mars klukkan 20.00 verða haldnir útgáfutónleikar í Salnum í Kópavogi.

adda@frettabladid.is



**FALLEGUR BOÐSKAPUR** Anna segir ljóð afa síns vera fallegan boðskap um ástina og hvernig hún geti vaxið og dafnað heila mannsævi. MYND/DANIEL KARLSSON



†

Okkar ástkæri

**ÁRNI JÓHANNSSON**
**Sóltúni 12, 105 Reykjavík,**

lést sunnudaginn 22. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 6. mars kl. 13.00.

**Unnbjörg Eygló Sigurjónsdóttir**
**Ágúst Þór Árnason** — **Alma Oddgeirsdóttir**
**Guðjón Trausti Árnason** — **Kerstin Andersson**
**Guðbjörg Gígja Árnadóttir** — **Sigurður Már Jónsson**
**Jóhanna Harpa Árnadóttir** — **Þorsteinn Páll Hængsson**
**Nína Þóra Rafnsdóttir** — **Unnar Rafn Ingvarsson**
**Sigurjón Rúnar Rafnsson** — **María Kristín Sævarsdóttir**
**og fjölskyldur.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir og amma,

**ÞÓRDÍS GERÐUR SIGURÐARDÓTTIR**
**Vallarási 1,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 28. febrúar. Útför hennar fer fram föstudaginn 6. mars klukkan 13.00 frá Bústaðakirkju. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild LSH í Kópavogi.

**Björn Snorrason**
**Páll Kristinsson**
**Inga Kristinsdóttir**
**Christian Scobie**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ALBERT JÚLÍUS KRISTINSSON**
**Reykjavíkurvegi 52, Hafnarfirði,**

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 28. febrúar. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 11. mars kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Elsa Kristinsdóttir**
**Kristinn J. Albertsson** — **Sigríður Ágústsdóttir**
**Magnús Páll Albertsson** — **Halla Björg Baldursdóttir**
**Sverrir Mar Albertsson** — **Gréta Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og mágur,

**ÁRNI ARINBJARNARSON**
**tónlistarmaður,**
**Geitlandi 3, Reykjavík,**

lést á heimili sínu sunnudaginn 1. mars.

**Dóra Lydía Haraldsdóttir**
**Arinbjörn Árnason** — **Joanne Ruth Arnason**
**Pálína Árnadóttir**
**Margrét Árnadóttir**
**Aron James, Joshua Ben**
**Haraldur Haraldsson**
**Páll Haraldsson**




MARGRA BARNA MÆÐUR – Í KVÖLD

Vandaður íslenskur þáttur þar sem sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hittir konur sem eignast hafa fleiri börn en yfirleitt tíðkast í dag og kynnist daglegu lífi á stórum heimilum.

365.is
Sími 1817




2 | 20:00
**MARGRA BARNA MÆÐUR**
Vandaður íslenskur þáttur þar sem sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hittir konur sem eignast hafa fleiri börn en gengur og gerist í dag og fylgist með hvernig hlutirnir ganga fyrir sig á stórum heimilum.

FJÖLBREYTT
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD!**
Fáðu þér áskrift á 365.is




2 | 20:05
**GREY'S ANATOMY**
Vinsælir dramaþættir sem fjalla um flókið einkalíf læknanna á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg.



2 | 21:10
**TOGETHERNESS**
Vandaðir gamanþættir sem fjalla um tvö pör sem búa undir sama þaki en þurfa að láta sambúðina ganga upp með öllum sínum uppákomum.




2 | 22:20
**BONES**
Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



b | 22:00
**ABDUCTION**
Hörkuspennandi mynd um ungan mann sem kemst að því að uppruni hans er ekki sá sem hann hélt.



G | 21:15
**COLD CASE**
Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar við morðdeildina við að leysa úr gömlum rykföllnum sakamálum.



Krakkastöðin | 18:00
**DÓRA LANDKÖNNUÐUR**
Skemmtileg þáttaröð með vinsælustu vinkonu allra barna, Dóru og vinum hennar.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

365.is

## SUDOKU

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | | 5 | | 4 | 6 | | |
| | | 1 | | | 2 | | | 5 |
| | | | | 1 | | 7 | | 4 |
| | | | 3 | | 1 | 4 | 6 | |
| | 4 | 2 | | 7 | | 9 | 1 | |
| | | 6 | | | | | | 7 |
| | | 4 | 8 | | | | | 2 |
| | 5 | | | | | | | |
| 9 | | 8 | | 3 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | 9 | | |
| | 9 | 5 | 6 | 2 | 7 | | | |
| | 2 | | | 9 | 4 | | | 6 |
| 3 | | 9 | | | 5 | | 2 | |
| 2 | | | | | 6 | | 8 | |
| 5 | 1 | | | 8 | 3 | | | |
| | | 4 | 1 | 6 | | 7 | | |
| | 7 | | | | | 2 | | |
| 9 | | | | 4 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | | | 3 |
| | | 8 | | | 1 | | | |
| | 2 | | 6 | | | 5 | | |
| | 1 | | | | 9 | 6 | | |
| | | | | 4 | 2 | | 5 | 7 |
| 9 | | | 8 | 5 | | | | |
| | | 1 | | | 7 | | | 6 |
| 6 | | | | | 4 | | | |
| | | 9 | 3 | | | | | 1 |

### LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 | 9 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 9 | 3 | 6 | 8 | 1 | 4 |
| 5 | 6 | 4 | 1 | 9 | 2 | 3 | 8 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 2 | 8 | 7 | 5 | 3 | 9 | 4 | 6 |
| 2 | 9 | 1 | 8 | 6 | 4 | 7 | 5 | 3 |
| 4 | 8 | 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 6 | 3 | 7 | 2 | 1 | 5 | 4 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 9 | 4 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 | 5 |
| 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 7 | 5 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 | 1 |
| 9 | 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 8 | 5 | 2 |
| 1 | 8 | 3 | 9 | 2 | 5 | 6 | 7 | 4 |
| 3 | 6 | 2 | 5 | 4 | 8 | 7 | 1 | 9 |
| 7 | 5 | 9 | 3 | 1 | 2 | 4 | 6 | 8 |
| 4 | 1 | 8 | 7 | 6 | 9 | 5 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 6 | 4 | 9 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 5 | 1 | 2 | 3 | 7 | 9 | 8 | 4 | 6 |
| 2 | 6 | 7 | 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 4 |
| 9 | 3 | 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 | 7 |
| 1 | 5 | 4 | 7 | 8 | 6 | 2 | 9 | 3 |
| 4 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 2 |
| 3 | 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 7 | 1 | 8 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Til hvers lifum við, hvaða gagn gerum við heiminum ef við vitum ekki hver við sjálf erum?**

*Páll Skúlason.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** hörfa, **6.** eftir hádegi, **8.** amboð, **9.** klastur, **11.** Ekki, **12.** helgitákn, **14.** beikon, **16.** ætíð, **17.** mánuður, **18.** námstímabil, **20.** átt, **21.** drunur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** viðartegund, **3.** tveir eins, **4.** fargið, **5.** ái, **7.** örmjór, **10.** eldsneyti, **13.** er, **15.** ávöxtur, **16.** verkfæri, **19.** ung.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** hopa, **6.** eh, **8.** orf, **9.** kák, **11.** ei, **12.** kross, **14.** flesk, **16.** sí, **17.** maí, **18.** önn, **20.** nv, **21.** gnýr.

**LÓÐRÉTT: 1.** tekk, **3.** oo, **4.** pressan, **5.** afi, **7.** hárfínn, **10.** kol, **13.** sem, **15.** kíví, **16.** sög, **19.** ný.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Mikael Jóhann Karlsson (2.077) hafði hvítt gegn Stefáni Kristjánssyni (2.492) á Skákþingi Reykjavíkur fyrir skemmstu.**

**Hvítur á leik**



**19. Rxd5!** (19. Bxd5! er líka góður leikur) **19. ... exd5 20. e6 Dxd4 21. exd7+ Bxd7 22. Hxd4 Bf6 23. Hxd5 0-0-0 24. Bb6 Hde8 25. Hc1+** og hvítur vann skömmu síðar.

**www.skak.is:** Barna Blitz hjá Fjölni í dag.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



298 kr. 450g
298 kr. 450g
298 kr. 450g

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

## Myllu heilkornabrauð LÍFSKORN

**Lífskornabrauð þrjár gerðir;** Tröllhafrar og chia-fræ, Sólblóma- og hörfræ, Hveitikorn og rúgur **450g**

## Hollt frá Hollandi



198 kr. 120g
**Lambhagasalat**
í potti 120g



198 kr. 250g
Hollenskir **Sveppir** 250g



198 kr. 250g
Hollenskir **Kirsuberjatómatar** 250g



BED HEAD
4998 kr. 2 x 750ml
**Tigi BED HEAD shampoo og næring 2 x 750ml**

## Gott álegg á brauðið í Bónus



198 kr. 237g
Bónus **Samlokuskinka** 237g



359 kr. 173g
Bónus **Kjúklingaálegg** ***reykt*** 173g



298 kr. 120g
Bónus **Skinka silkiskorin** 120g

## LÉTTUR LUNCH Í BÓNUS



598 kr. 410g.
Bónus heilsuréttur; **Kjúklingur & Núðlur 410g**



ÓDÝRT OG GOTT
KJÚKLINGUR OG NÚÐLUR
með
Floridana
SAFA 330ML
696.KR

98 kr. 330ml
98 kr. 330ml



759 kr. kg.
Kjörfugl **Heill ferskur kjúklingur**



1979 kr. kg
Kjörfugl **Kjúklingbringur ferskar**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu
**Gilda a.m.k. til 8. mars**

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# Margbrotin veröld geðklofans

LEIKLIST ★★★☆☆

**Þú kemst þinn veg**
Sýnt í Norræna húsinu
**HANDRIT** FINNBOGI ÞORKELL JÓNSSON
**LEIKARI** FINNBOGI ÞORKELL JÓNSSON
**LEIKSTJÓR:** ÁRNI KRISTJÁNSSON
**TÆKNIMAÐUR** STEFÁN INGVAR VIGFÚSSON
**TÓNLIST** SVAVAR KNÚTUR

Garðar Sölvi Helgason hefur glímt við geðklofa nær alla sína fullorðinstíð, áratugir af ranghugmyndum og baráttu við að komast í gegnum dag hvern, jafnvel hverja mínútu, hafa litað hans tilvist. En þó að saga hans sé átakanleg er marga ljósa punkta að finna því Garðar hefur þróað með sér eins konar umbunarkerfi til þess að koma sér í gegnum daginn, eins konar jákvæða uppbyggingarstefnu þar sem tímakaupið er talið í mínútum frekar en klukkutímum.

Finnbogi Þorkell hefur skrifað leikrit út frá reynslu Garðars sem nú heldur fyrirlestra í skólum og öðrum stofnunum og var það frumsýnt nú um helgina í fyrirlestrasal Norræna hússins. Öll umgjörð er hin afslappaðasta en áhorfendur sitja saman við lítil fundarborð og okkur er boðið að hlýða á fyrirlestur um líf Garðars haldinn af ungum manni að nafni Guðmann sem leikinn er af Finnboga.

Sýningin er því miður alltof lengi í gang, sérstaklega miðað við stuttan sýningartíma, og töluverðum tíma eytt í að kynna áhorfendur fyrir Guðmanni en í raun komumst við samt aldrei að nægilega miklu um þennan mann. Hann hefur tekið að sér að halda fyrirlestur um umbunarkerfi Garðars en er gríðarlega stressaður fyrir því verkefni. Í stað þess fara djúpt ofan í sálarlíf og sögu Garðars, sem er gríðarlega ríkulegur heimur, fá áhorfendur þess í stað kaffi og vandræðalegar þagnir í boði Guðmanns.

Slíkar áherslur eru ekki alveg fyllilega skiljanlegar þar sem lítil þróun verður í persónu Guðmanns og samband hans við Stefán, hálfmisheppnaða tæknimanninn, tekur takmörkuðum breytingum. En það eru aftur á móti senurnar úr lífi Garðars sem færa sýninguna yfir á annað og miklu áhugaverðara plan. Þar sýnir Finnbogi hæfileika sína sem leikari og leikskáld en hann bregður sér ekki bara í hlutverk Garðars með góðum árangri heldur einnig fjöldann allan af öðrum manneskjum sem hafa orðið á vegi hans.

Í þessum uppbrotum fá áhorfendur merkilega sýn inn í hinn tvístraða hugarheim Garðars þar sem Finnbogi flakkar á milli tímabila í hans lífi allt frá barnæsku til dagsins í dag. Hann berst ekki einungis við sínar eigin ranghugmyndir um Apollo-geimáætlun Bandaríkjanna heldur einnig samfélagslega fordóma gagnvart sjúkdómi sínum. Þetta er hið sláandi hjarta sýningarinnar en áhorfendur sjá það ekki nægilega oft.

Tónlist Svavars Knúts er ávallt ljúf en fingraför hans á sýningunni hefðu mátt vera sterkari líkt og hjá Árna Kristjánssyni sem stendur samt sem áður nokkuð vel í sínu hlutverki. Sýningin er fallegt myndbrot af margbrotnu ástandi en nær aldrei nægilega sterkum tökum á umræðuefninu.

Sigríður Jónsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Garðar á sér magnaða sögu og þrátt fyrir nokkur virkilega falleg augnablik er hún ekki nægilega vel sögð í þessu verki.

# Við erum öll brjáluð hér

LEIKLIST ★★★★☆

**Lísa í Undralandi**
Leikfélag Akureyrar
**LEIKGERÐ** MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR
**LEIKARAR** THELMA MARÍN JÓNSDÓTTIR, BENEDIKT KARL GRÖNDAL, SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR, PÉTUR ÁRMANNSSON OG SEX UNGIR LEIKARAR AF NORÐURLANDI.
**LEIKSTJÓRN** VIGNIR RAFN VALÞÓRSSON
HÖFUNDUR SVIÐSHREYFINGA OG DANSA: BROGAN DAVISON
**LEIKMYND OG BÚNINGAR** SIGRÍÐUR SUNNA REYNISDÓTTIR
**LÝSING** JÓHANN BJARNI PÁLMASON
TÓNLIST DR. GUNNI

Lísa í Undralandi er skáldsaga eftir breska heimspekinginn Lewis Carroll, sem fyrst kom út á frummálinu árið 1865, fyrir réttum 150 árum. Bókin kom fyrst út í íslenskri þýðingu árið 1937. Bókin segir frá uppátækjum ungrar stúlku að nafni Lísa, sem hefur talsvert frjórra ímyndunarafl en gengur og gerist hjá börnum á hennar aldri.

Leikgerð Margrétar Örnólfsdóttur er byggð á þessari frægu skáldsögu. Þó má segja að hér sé aðeins stuðst lauslega við söguna eða við anda hennar, persónur sóttar í hana eða í það minnsta nöfn persóna. Lísa í leikgerðinni er látin, eins og í bókinni, elta hvíta kanínu ofan í holu og lendir í Undralandi. Allt annað í leikgerðinni er raunar nýtt og frumsamið svo kannski má segja að hér sé um nýtt íslenskt leikrit eftir Margréti Örnólfsdóttur að ræða.

Söguþráðurinn er eins og segir í kynningu að Lísa er ósköp venjulega óvenjuleg stelpa á Akureyri sem hrútleiðist í skólanum. Skyndilega birtist taugaveiklaður hvítur kanínukall sem er orðinn alltof seinn í afmælisveislu. Lísa eltir hann og sogast inn í æsispennandi ævintýri þar sem hún hittir brjálaða Hattarann, Glottköttinn leyndardómsfulla, hina óborganlegu rugludalla Laddídí og Laddídamm, Kálorminn varhugaverða og auðvitað hina skelfilegu Hjartadrottningu sem á afmæli akkúrat þennan dag.

Þegar ég heyrði af því að L.A. væri að setja upp leiksýningu byggða á ævintýrum Lísu í Undralandi varð ég strax nokkuð skeptískur á að það væri hægt á svo litlu sviði og með þeim fátæklega tæknibúnaði sem lítið leikhús úti á landi hefur yfir að ráða. Það er skemmst frá því að segja að þetta voru ástæðulausar áhyggjur. Leikstjórinn og handritshöfundurinn hafa hér skapað skemmtilega, spennandi, litskrúðuga og dálítið brjálaða sýningu sem höfðar jafnt til ungra og fullorðinna leikhúsgesta. Sýningin er full af brellum, galdri og einföldum tæknilausnum sem í flestum tilfellum gengur vel upp.

Það eru fjórir leikarar sem fara með fjölda ólíkra hlutverka og bregða sér í alls kyns gervi misbrjálaðra persóna. Allir stóðu þeir sig með stakri prýði og eftir á að hyggja finnst mér það með ólíkindum að þarna hafi ekki verið fleiri leikarar á bak við. Auk þeirra voru í sýningunni sex ungir leikarar sem tóku þátt í hópsenum og í söngvaog dansatriðum auk þess að skipa smærri hlutverk. Þessi ungmenni stóðu sig sömuleiðis afar vel og það var sérlega gaman hvað allur leikhópurinn myndaði samstillta og fallega heild.

Tónlist Dr. Gunna er fléttað smekklega inn í verkið með dansi og hressilegum sviðshreyfingum og fjöri.

Þessi sýning hefur upp á að bjóða allt það sem skemmtileg fjölskylduævintýraleiksýning þarf að hafa; hetju, sem í þessu tilfelli er tíu ára kvenhetja, fullt af skrítnum og spaugilegum persónum sem koma og fara með miklu hraði, litskrúðuga og kúnstuga búninga, fjöruga og grípandi tónlist, vel útfærðar sviðshreyfingar og dans, listileg farartæki sem stundum eru vélknúin tryllitæki og oftar þó drifin með handaflinu einu saman.

Ég vil óska Leikfélagi Akureyrar innilega til hamingju með þessa hressilegu og skemmtilegu fjölskyldusýningu.

Kristján E. Hjartarson

**NIÐURSTAÐA:** Hressileg og skemmtileg fjölskyldusýning uppfull af góðum leikhúslausnum, léttri tónlist og vönduð í allri framsetningu.



**LÍSA Í UNDRALANDI** Aðstandendum hefur tekist að skapa skemmtilega, spennandi, litskrúðuga og dálítið brjálaða sýningu sem höfðar jafnt til ungra og fullorðinna leikhúsgesta.



**TÓNLISTARFEÐGAR** Helgi og Snorri halda þjóðlagahátíðina 2015 í Gym- og Toniksalnum á Kexi hosteli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Margvísleg blæbrigði af þjóðlagatónlist

**Fólk á ýmsum aldri, úr ólíkum áttum, flytur þjóðlagaskotna tónlist á Kexi hosteli við Skúlagötu frá fimmtudegi til laugardags á þjóðlagahátíðinni Folk Festival.**

„Íslensk þjóðlagatónlist er kannski í hugum einhverra eldgömul íslensk danskvæði, eins og Goðmundur á Glæsivöllum sem við í Ríó tókum á sínum tíma. Það sem flutt verður á Folk Festival er af sama meiði. Auðvitað er alltaf þróun í tónlist og fram kemur bæði yngra og eldra tónlistarfólk með margvísleg blæbrigði af þjóðlagatónlist,“ segir Helgi Pétursson Ríótríósmaður sem stendur að þjóðlagahátíðinni Folk Festival, ásamt Snorra Helgasyni, syni sínum.

Helgi segir Folk Festival þá fimmtu í röðinni hér á landi á jafnmörgum árum. „Félagi minn og æskuvinur, Ólafur Þórðarson, byrjaði með hátíðina og þegar hann féll frá ákváðum við að halda merkinu á lofti,“ útskýrir hann.

„Tónlistarhátíðir af þessu tagi eru mjög vinsælar í Skandinavíu og Norður-Evrópu, líka í Winnipeg og víðar í Kanada og oftar og nú fengum við tækifæri til að bjóða tveimur vesturíslenskum tónlistarmönnum á hátíðina sem munu varpa ljósi á þjóðlagatónlistarhefð Kanada. Þeir kunna líka lög héðan sem þeir flytja í heimalandinu og þessi hátíð verður ugglaust til að auka á tengsl þeirra við uppruna sinn.“

Folk Festival fer fram í Gym- og Toniksalnum á Kexi hosteli við Skúlagötu. Hún hefst annað kvöld, fimmtudag, og stendur fram á laugardagskvöld. Fjórir listamenn koma fram á hverju kvöldi.

„Við höfum þrisvar áður verið á Kexinu, þar er skemmtilegur salur og eins og breiddin er mikil hjá flytjendunum hefur hið sama mátt segja um áheyrendahópinn á undanförnum árum,“ segir Helgi og fullyrðir að ekkert verði sparað til að skapa notalega og einlæga stemningu.

Spurður um verkaskiptinguna milli þeirra feðga svarar Helgi léttur í bragði: „Já, við fengum Snorra til að halda utan um þetta. Hann hefur ráðað þessu upp. Ég er bara í snúningum og snatti.“

gun@frettabladid.is

## Meira um Folk Festival 2015

- Þeir listamenn sem koma fram á hátíðinni í ár eru Teitur Magnússon, Ylja, Kólga, Funi, Moð, Lindy Vopnfjord frá Kanada, Klassart, Lay Low, JP Hoe frá Kanada, Björn Thoroddsen, Pétur Ben og Egill Ólafsson.
- Dagskráin hefst kl. 20 öll kvöld og lýkur klukkan 23.30.
- Miðaverð á hátíðina er 3.000 krónur fyrir stök kvöld en 7.999 fyrir passa sem gildir á öll þrjú kvöldin.
- Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar er að finna á vefsíðu hennar; www.folkfestival.is og á fésbókarsíðu hennar; facebook.com/reykjavikfolkfestival.

# Guðný grípur í víóluna þegar svo ber undir

Guðný Guðmundsdóttir, Júlía Mogensen og Richard Simm spila saman í Hátíðasal HÍ í hádeginu í dag.

„Ég hef átt víólu í áratugi og gripið í hana þegar svo ber undir,“ segir Guðný sem þekkt er sem fiðluleikari en spilar á víólu á Háskólatónleikum í dag klukkan 12.30. Júlía Mogensen verður á selló og Richard Simm á píanó og á efnisskránni eru þrjú verk eftir Áskel Másson. Meðal þeirra er tríó sem hann samdi upphaflega fyrir klarinettu, selló og píanó en skrifaði síðar klarinettupartinn á víólu. Þannig hefur það aldrei verið flutt áður.

Byrjað er á einleiksverki fyrir píanó og að lokum verður Guðný með einleiksverk á víólu. „Ég ákvað að takast á við það úr því ég var komin með víóluna í hendurnar!“ segir konsertmeistarinn fyrrverandi.

Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum og allir eru velkomnir.

- gun



**TRÍÓ** Þau Guðný, Richard og Júlía frumflytja tríó eftir Áskel Másson í nýrri mynd á ókeypis Háskólatónleikum.



**HJÓNIN** Kristjana og Kristján flytja lög af væntanlegum diski í hádeginu á föstudag.

## Flytja kvæði skáldkvenna

Kristjana Arngrímsdóttir söngkona stígur á svið í Hömrum, Menningarhúsinu Hofi, í hádeginu klukkan 12 á föstudaginn, ásamt eiginmanni sínum, Kristjáni Eldjárn. Þau flytja lög eftir Kristjönu sem hún hefur samið við ljóð og kvæði íslenskra skáldkvenna og verða tvö laganna frumflutt á tónleikunum. Einnig verða á dagskránni lög við ljóð Davíðs Stefánssonar.

Tónleikarnir falla undir Föstudagsfreistingar sem Tónlistarfélag Akureyrar stendur að. Súpa er innifalin í aðgangseyrinum.

- gun




**SKJALDBORGARHÁTÍÐIN** Þetta er í níunda sinn sem hátíðin verður haldin en hún hefur fyrir löngu sannað sig sem einn af mikilvægustu viðburðum íslenskrar kvikmyndamenningar.

## Skjaldborg á Patreksfirði

Nú hefur verið opnað fyrir umsóknir á Skjaldborgarhátíðina – hátíð íslenskra heimildarmynda sem haldin verður um hvítasunnuhelgina, 23.-26. maí, í Skjaldborgarbíói á Patreksfirði að vanda. Þetta er í níunda sinn sem hátíðin verður haldin en hún hefur fyrir löngu sannað sig sem einn af mikilvægustu viðburðum íslenskrar kvikmyndamenningar, enda hafa margar af áhugaverðustu heimildarmyndum undanfarinna ára verið frumsýndar þar. Má þar nefna hina frábæru Salóme sem hlaut aðalverðlaun hátíðarinnar í fyrra og hefur í kjölfarið sópað að sér alþjóðlegum verðlaunum.

Stefnt er að því að frumsýna um 15-20 nýjar, íslenskar heimildarmyndir en auk þess verða fersk og spennandi verk í vinnslu kynnt á hátíðinni. Þá verða hefðbundnir jafnt sem óhefðbundnir utandagskrárviðburðir á sínum stað. Opið er fyrir umsóknir til 17. apríl en umsóknareyðublað og allar frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu hátíðarinnar: www.skjaldborg.com.

- mg








**NAGLI** Jennifer Lawrence mun fara með hlutverk stríðsljósmyndarans.

## Spielberg og Lawrence í eina sæng

Óskarsverðlaunahafarnir Jennifer Lawrence og Steven Spielberg hafa gengið frá samningi við Warner Bros og munu þau vinna saman að kvikmynd um stríðsljósmyndarann og Pulitzer-verðlaunahafann Lynsey Addario.

Myndin verður byggð á sögunni It's What I Do: A Photographer‘s Life of Love and War, sem Addario skrifaði árið 2008 um reynslu sína, eftir að hafa myndað í stríðinu í Afganistan í kjölfar árásarinnar 11. september. Hefur Addario nú þegar fundað með handritshöfundum og Spielberg og mun hún verða þeim innan handar við gerð myndarinnar.

# Ásdís Rán kveður hvítvínið og kolvetnin í heilar fimm vikur

Fyrirsætan og athafnakonan tekur þátt í lífsstílsátaki og fer á sjö daga djúskúr. Í gær opnaði hún nýja heimasíðu.

Ásdís Rán Gunnarsdóttir, ísdrottning og athafnakona, ákvað að hefja árið með trukki og hefur sagt skilið við kolvetni og hvítvín í fimm vikur.

„Ég sem sagt ákvað að taka þátt í lífsstíls átaki hjá Þorbjörgu Hafsteinsdóttur og Gló í Fákafeni. Hún er með námskeiðið Tíu árum yngri á fimm vikum og ég er að fylgja sérstöku matarprógrammi þar sem er eiginlega ekkert um kolvetni en rosa mikið af hollri fitu,“ segir Ásdís glöð í bragði.

Hún ber mataræðinu vel söguna og segist líða þrælvel. „Ég er ekkert að pína mig þannig og er ekkert svöng,“ segir hún og bætir við að hún snerti ekki við hrísgrjónum, brauði og öðrum afurðum sem innihalda kolvetni. „Ég er miklu orkumeiri og er ferskari á morgnana, ekkert slen og engin þyngd yfir manni. Maður verður bara rosalega ferskur,“ segir hún ánægð með árangurinn.

Ásdís er mikil hvítvínskona og segir mestu áskorunina við mataræðið fólgna í því að sleppa köldu hvítvínsglasi með góðri máltíð. „Að geta ekki gripið í hvítvínið með einhverjum góðum mat er svolítið erfitt. Ég er búin með sex daga og það eru alveg þrjátíu eftir, ég vona að ég nái að halda út í þennan tíma.“

Á morgnana drekkur hún sérstakt kaffi. „Þegar ég vakna á morgnana fæ ég mér kaffi, set eina matskeið af kókosolíu, eina matskeið af smjöri og smá bút af kakósmjöri út í. Þannig að ég er að drekka alveg massafullt af fitu á morgnana,“ segir Ásdís hress.

Hún segir kaffið betra en hún bjóst við í fyrstu. „Það er fínt, ég bjóst ekki við að þetta yrði drekkandi en svo er þetta bara feitt og djúsí kaffi. Á að næra mann að innan og ég á að líta út fyrir að vera tuttugu og fimm eftir fimm vikur,“ segir hún og skellihlær.

„Á fimmtudaginn byrja ég svo á djúskúr hjá Gló í sjö daga og fæ þar sex kaldpressaða drykki á hverjum degi úr ýmsu góðu grænmeti og ávöxtum. Þetta verður eflaust strembið en ég hlakka til að sjá afraksturinn og breytingu á líkamanum.“

Það er nóg um að vera hjá Ásdísi þessa dagana en í gær opnaði hún vefsíðuna sína, Icequeen.is þar sem birtast munu ýmsar fréttir úr daglegu lífi fyrirsætunnar, „beauty tips“, heilsupistlar, myndbönd og annað skemmtilegt. Í gær birti hún mynd af sér þar sem hún lék eftir mynd af Kim Kardashian West þar sem sú síðarnefnda beraði á sér bossann. „Þetta er bara svona í takt við nútímann og hvað á ég að segja, öld sjálfsmyndanna.“

gydaloa@frettabladid.is



**„Að geta ekki gripið í hvítvínið með einhverjum góðum mat er svolítið erfitt.**

**ENGIN KOLVETNI** Ásdís Rán tekur þátt í lífsstílsátaki í fimm vikur.




## Girnileg súpa með kjúklingi og ferskjum

Það er auðvelt og fljótlegt að skella í þessa gómsætu kjúklingasúpu sem smakkast vel með nýju brauði.

- 1 stór laukur (smátt saxaður)
- smjör
- 3-4 tsk. karrýmauk
- 4 hvítlauksrif, pressuð
- 1½ dós niðursoðnir tómatar
- 5 dl kjúklingasoð (vatn og 2 kjúklingateningar)
- 1 lítil dós tómatpurée
- ½ lítri rjómi
- 1 stór dós niðursoðnar ferskjur
- 3 kjúklingabringur

Bræðið smjör og karrýmauk í potti og bætið lauknum í. Látið laukinn mýkjast við vægan hita. Bætið tómötum, tómatpurée, kjúklingasoði, hvítlauk og rjóma saman við og sjóðið við vægan hita í rúmlega 10 mínútur.

Skerið ferskjurnar smátt niður og bætið út í ásamt safanum.

Látið sjóða áfram í aðrar 10 mínútur.

Skerið kjúklingabringurnar smátt og steikið á pönnu upp úr smjöri. Saltið með maldonsalti. Bætið kjúklingabitunum út í súpuna og látið hana sjóða í 5 mínútur til viðbótar.

*Uppskrift fengin af Ljufmeti.com*





2 í 1




Nýjar umbúðir!

# Kvef?

## Otrivin Comp bæði gegn nefstíflu og nefrennsli



- Tvíþætt áhrif gegn nefstíflu og nefrennsli
- Inniheldur ekki rotvarnarefni og veldur því síður ertingu í nefi



Otrivin® Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipratrópíumbrómíð. Ábendingar: Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára: 1 úðun í hvora nös allt að þrisvar á sólarhring. Milli tveggja skammta skulu líða að minnsta kosti 6 klukkutímar. Ekki nota fleiri en þrjár úðanir í hvora nös á sólarhring. Meðferð skal ekki vara lengur en í 7 daga. Til að draga úr líkum á aukaverkunum er mælt með því að meðferð sé hætt þegar dregið hefur úr einkennum og einnig áður en 7 sólarhringar eru liðnir. Ekki er mælt með notkun Otrivin Comp fyrir börn og unglinga yngri en 18 ára. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um notkun hjá sjúklingum eldri en 70 ára. Fyrir fyrstu notkun þarf að virkja úðadæluna með því að úða 4 sinnum út í loftið. Eftir það er úðadælan jafnan tilbúin til notkunar. Ef úðadælan úðar ekki þegar þrýst er á hana, eða ef lyfið hefur ekki verið notað lengur en í 6 sólarhringa, þá þarf að virkja hana að nýju eins og lýst er að framan. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamíni eða skópólamíni), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, kvef með óeðlilega þurri nefslímhúð hjá sjúklingum (rhinitis sicca) eða ert með gláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun eða slímseigjusjúkdóm. Forðast skal notkun í eða nálægt augum. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi:Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| BEFORE I GO TO SLEEP VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:40 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 8 - 10:10 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 8 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |
| AMERICAN SNIPER | KL. 10:40 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 8 - 10 |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| KINGSMAN: THE SECRET SERVICE | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 10:35 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 10:30 |
| INTO THE WOODS | KL. 8 |
| ANNIE | KL. 8 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 10:30 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| BEFORE I GO TO SLEEP | KL. 10:40 |
| INTO THE WOODS | KL. 5:20 - 8 |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 10:40 |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 8 |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




**SMÁRABÍÓ** AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ANNIE | KL. 5 | L |
| INTO THE WOODS | KL 5 | 7 |
| HRÚTURINN HREINN | KL 3.30 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 8 - 10.40 | 16 |
| KINGSMAN | KL. 8 - 10.45 | 16 |
| PADDINGTON | KL. 5.45 - ÍSL TAL | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ANNIE | KL. 5.30 | L |
| VEIÐIMENNIRNIR | KL. 5.30 - 9 - 10.40 | 16 |
| BIRDMAN | KL. 5.30 - 8 - 10.40 | 12 |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL.5.30 - 8 - 10.20 - ÍSL TEXTI | L |




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| STILL ALICE | 5:45, 8, 10:10 | L |
| ANNIE | 5:15 | L |
| VEIÐIMENNIRNIR | 8, 10:30 | 16 |
| HRÚTURINN HREINN | 5:45 | L |
| FIFTY SHADES OF GREY | 8 | 16 |
| KINGSMAN | 10:40 | 16 |


# Kría Brekkan á Húrra í kvöld

Kría Brekkan kemur fram á Húrra í kvöld ásamt Áka Ásgeirssyni og Gnúpverjunum í Panos from Komodo.



KRÍA BREKKAN

„Tónleikarnir eru á Óðinsdag og Áki Ásgeirs verður með og kyndir undir performansinum mínum og bruggar einhvers konar minnisseið,“ segir Kristín Anna sem kemur fram undir listamannsnafninu Kría Brekkan, en hún spilaði lengi með hljómsveitinni Múm og tók þátt verkinu Visitor eftir Ragnar Kjartansson.

Hún mun flytja efni sem hún hefur samið á síðastliðnum tíu árum og vinnur nú að því að taka upp.

Kvöldinu lokar svo sveitin Panos from Komodo. Tónleikarnir hefjast klukkan níu á skemmtistaðnum Húrra og er miðaverð 1.000-2.000 krónur. - gló

# Að stíga fram

**BAKÞANKAR**
Viktoríu Hermannsdóttur



Reglulega koma fram í fjölmiðlum hugrakkir viðmælendur sem stíga fram og segja sína sögu. Það er ekki auðvelt skref að opna sig fyrir framan alþjóð um mál sem fólk hefur í sumum tilfellum þagað um nánast alla ævi. Bjarnheiður Hannesdóttir sem sagði sögu sína í Kastljósi á dögunum og þar áður í Fréttablaðinu er gott dæmi um þetta. Hún sagði sína sögu til þess að sýna hversu alvarlegar afleiðingar átröskun getur haft á fólk, enda er hún sjálf lifandi dæmi um það. Hún fór í hjartastopp eftir að hafa hunsað aðvaranir lækna. Í dag er hún bundin hjólastól, er með mikinn spasma og á erfitt með að tjá sig. Vonandi verður saga hennar til þess að einhverjir sem þjást af þessum sjúkdómi leiti sér hjálpar áður en það verður of seint.

**Í NÓVEMBER** á síðasta ári sagði Fréttablaðið sögu Liönu Belinska, kvensjúkdómalæknis frá Úkraínu. Liana hefur starfað á leikskóla hérlendis í átta ár vegna þess að hún hefur ekki fengið menntun sína metna þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Eftir umfjöllunina fór þingmaður að skoða málin og það endaði með því að Liönu voru boðnar nokkrar leiðir hjá læknadeildinni til þess að fá námið metið á sanngjarnari hátt en áður. Það mun hugsanlega gera öðrum innflytjendum auðveldara fyrir að fá menntun sína metna þegar komið er hingað til lands.

**ÞEGAR KASTLJÓSIÐ** fjallaði um brot Karls Vignis fyrir um tveimur árum þá varð sprenging í tilkynningum kynferðisbrota. Fjölmargir stigu fram og gerðu upp sín mál, mál sem oft hafa stjórnað lífi þeirra í allt of mörg ár. Fjölmörg þeirra tengdust ekki Karli Vigni en vegna umræðunnar öðlaðist fólk hugrekki til þess að skila skömminni þangað sem hún á heima, nefnilega ekki hjá þeim sjálfum. Þetta eru aðeins örfá dæmi af mörgum um fólk sem tekið hefur það stóra skref að segja opinberlega frá misbeitingu eða brestum. Hvort sem það er af völdum sjúkdóms, misnotkunar eða misréttis. Allt skiptir þetta máli.

**ÞAÐ ÞRÍFST** svo margt í skjóli þöggunar og þess vegna er svo mikilvægt þegar fólk hefur kjark til þess að segja frá vegna þess að yfirleitt hjálpar það ekki bara því sjálfu heldur öðrum líka.



**DÝRAVINUR** Gísli skoðaði uppruna dýranna sem hann teiknar. FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Teiknar myndir af kattardýrum í útrýmingarhættu

Myndlistarmaðurinn Gísli Snær Jónsson segir heyrnarleysið hjálpa sér í mikið í einbeitingu í listsköpuninni.

„Það besta sem kom fyrir mig í sambandi við listina er að ég get unnið í friði án þess að fá truflanir utan frá. Það er kosturinn við að vera heyrnarlaus. Svo hef ég augu sem ég sé og skynja með,“ segir myndlistarmaðurinn Gunnar Snær Jónsson eða Gison Snaer, en hann hefur verið heyrnarlaus frá fæðingu.

Hann opnaði í gær fyrstu myndlistarsýningu sína, Gleym mér ei, þar sem hann vinnur með dýr í útrýmingarhættu. „Í þetta sinn nota ég dýr, þar sem ég er mikill dýravinur. Ég hef alltaf verið meðvitaður um dýr í útrýmingarhættu og ég fékk í hjartað við að ímynda mér að þessi fallegu dýr munu brátt hverfa þar sem ekki er hugsað nógu vel um þau,“ segir hann.

Í framhaldinu fór hann að skoða undirtegundir kattardýra sem eru í útrýmingarhættu og komst að því að flestar tegundir væru í hættu. „Ég fann nokkrar tegundir sem ég vildi nota í listaverkin mín og kannaði margs konar mynstur af upprunalandi þeirra til þess að endurtúlka menningu sem þessi dýr eiga rótgróinn part í.

> Markmiðið er svo að fá fólk til að finna fyrir tengslum við þessi dýr, því þau eru að hverfa, þess vegna heitir sýningin „Gleym mér ei“, því við ættum aldrei að gleyma dýrunum.

Markmiðið er svo að fá fólk til að finna fyrir tengslum við þessi dýr, því þau eru að hverfa, þess vegna heitir sýningin „Gleym mér ei“, því við ættum aldrei að gleyma dýrunum,“ bætir hann við. Í verkunum notar Gunnar aðeins svart og hvítt, nema í augu og nef dýranna. „Ég nota litina táknrænt fyrir persónuleika þeirra, því þau eru ekki bara hlutur heldur dýr með persónuleika og tilfinningar eins og við. Þótt þú þekkir tígrisdýr í sjón, hefur þú kannski ekki velt fyrir þér persónueinkennum þeirra og hvort þið gætuð verið sálufélagar? Kannski vill svo til að áhorfendur finni eitt af kattadýrunum sem minnir þá á sjálfa sig og þar með gleyma þeim aldrei. Þetta var ég með í huga þegar ég gerði verkin,“ segir hann.

Sýningin er á veitingastaðnum Coocoo's Nest á Grandagarði og verður opin til 31. mars. - asi





BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | |
|---|---|
| Wild tales | 18.00, 22.20 |
| Tangerines | 18.00 |
| Whiplash | 18.00 |
| Blowfly park | 20.20 |
| The trip to Italy | 20.00, 22.00 |
| Óli prik | 20.10 |
| What we do in the shadows | 22.10 |







Kvöldstund með
ÁLFTAGERÐIS
BRÆÐRUM
Sunnudaginn 3. maí, kl. 20:00 í Eldborg
Söngelsku bræðurnir þenja raddböndin ásamt hljómsveit og óvæntum gestum.
Miðasala hefst í dag kl. 10:00 á midi.is og í miðasölu Hörpu.
HARPA
DÆGURFLUGAN

# SPORT

## Kem sterkari til baka og get vonandi toppað

**FÓTBOLTI** „Veðrið er líklega aðeins betra hér en hjá ykkur,“ segir Margrét Lára Viðarsdóttir, markadrottning íslenska landsliðsins í fótbolta, hress og kát í samtali við Fréttablaðið, aðspurð hvernig lífið er á Algarve þar sem stelpurnar okkar hefja leik í Algarve-mótinu gegn Sviss í dag. Margrét Lára, sem er markahæsti leikmaður landsliðsins frá upphafi með 71 mark í 94 leikjum, er mætt aftur til starfa eftir meiðsli og barneign. Hún spilaði síðast landsleik 31. október 2013.

„Það er alveg frábær tilfinning að vera komin aftur. Maður hefur stefnt að þessu allan tímann. Takmarkið var alltaf að koma aftur og þetta er bara byrjunin. Ég þarf að hafa þolinmæði þar sem ég hef verið lengi frá en fyrst og fremst er bara frábært að vera komin aftur í hópinn, vera mætt til Algarve í sólina og spila á móti bestu þjóðum heims. Það gerist ekki betra,“ segir Margrét Lára.

Markadrottningin hefur of oft á sínum ferli verið lengi frá vegna meiðsla, en síðasta fjarveran var mun jákvæðari. Hún eignaðist sitt fyrsta barn.

„Ég datt bara í annað hlutverk. Ég saknaði fótboltans og alls félagsskaparins sem honum fylgir en að sama skapi fær maður lítinn gullmola í hendurnar sem maður týnir sér með. Ég sé ekkert eftir þeim tíma en það er gaman að geta samtvinnað móðurhlutverkið og fótboltann. Það er fátt sem toppar það,“ segir Margrét Lára sem ætlar sér stóra hluti á seinni hluta ferilsins.

„Maður setur auðvitað kröfur á sjálfan sig. Ég ætla ekkert bara að vera með. Ég þarf samt að vera skynsöm því ég hef verið að berjast við meiðsli. Allt gengur samt vel



og er á uppleið. Ég er spennt að komast út á völlinn og ég hef fulla trú á að ég geti komið sem betri leikmaður til baka. Ég hef reynsluna og hef róast með aldrinum. Ef allt gengur að óskum vonast ég til að geta toppað á mínum ferli núna.“

Margrét er á sínu fyrsta Algarve-móti undir stjórn Freys Alexanderssonar, en spilamennska liðsins hefur tekið miklum breytingum undir hans stjórn.

„Ég er bara spennt að komast inn í þetta. Ég þurfti nánast auka töflufundi til að komast inn í þetta en ég hef verið fljót að læra. Ég læri nýja hluti á hverjum degi og hlakka mikið til,“ segir Margrét Lára sem er með fjölskylduna með sér úti.

„Litli pjakkurinn er enn á brjósti þannig að hann er með mér hérna úti og pabbi hans líka. KSÍ hefur staðið þétt við bakið á mér og öll fjölskyldan en án þessa fólks væri þetta ekki hægt,“ segir Margrét Lára Viðarsdóttir. **- tom**



**LOKSINS** Tim Sherwood vann fyrsta leik Aston Villa síðan í deildinni síðan í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### ENSKI BOLTINN

**ASTON VILLA - WBA 2-1**
1-0 Gabriel Agbonlahor (23.), 1-1 Saido Berahino (67.), 2-1 Christian Benteke (90.).

**HULL - SUNDERLAND 1-1**
1-0 Dame N'Doye (15.), 1-1 Jack Rodwell (77.).

**SOUTHAMPTON - C. PALACE 1-0**
1-0 Sadio Mané (83.).

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 26 | 18 | 6 | 2 | 56:22 | 60 |
| Man. City | 27 | 16 | 7 | 4 | 57:27 | 55 |
| Arsenal | 27 | 15 | 6 | 6 | 51:29 | 51 |
| Man. Utd | 27 | 14 | 8 | 5 | 46:26 | 50 |
| Southampt. | 28 | 15 | 4 | 9 | 39:20 | 49 |
| Liverpool | 27 | 14 | 6 | 7 | 40:30 | 48 |
| Tottenham | 26 | 13 | 5 | 8 | 41:36 | 44 |
| Swansea | 27 | 11 | 7 | 9 | 31:34 | 40 |
| West Ham | 27 | 10 | 9 | 8 | 39:33 | 39 |
| Stoke City | 27 | 11 | 6 | 10 | 31:34 | 39 |
| Newcastle | 27 | 9 | 8 | 10 | 32:42 | 35 |
| Crystal P. | 28 | 7 | 9 | 12 | 31:39 | 30 |
| WBA | 28 | 7 | 9 | 12 | 26:36 | 30 |
| Everton | 27 | 6 | 10 | 11 | 33:39 | 28 |
| Hull City | 28 | 6 | 9 | 13 | 26:37 | 27 |
| Sunderland | 28 | 4 | 14 | 10 | 23:39 | 26 |
| Aston Villa | 27 | 6 | 7 | 15 | 15:38 | 25 |
| QPR | 26 | 6 | 4 | 16 | 27:45 | 22 |
| Burnley | 27 | 4 | 10 | 13 | 25:45 | 22 |
| Leicester | 26 | 4 | 6 | 16 | 24:42 | 18 |



**GOTT ÁR** Martin spilaði vel á fyrsta ári með LIU Brooklyn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Martin valinn í nýliðaúrvalið

**KÖRFUBOLTI** Martin Hermannsson, landsliðsmaður í körfubolta og leikmaður LIU Brooklyn-háskólans í efstu deild bandaríska háskólakörfuboltans, var valinn í fimm manna nýliðaúrval NEC-deildarinnar sem kynnt var í gær.

Martin skoraði 10,2 stig að meðaltali í leik og gaf 3,3 stoðsendingar. Þá spilaði hann mest allra í sínu liði á tímabilinu eða 31,3 mínútur að meðaltali í leik. Þetta er mikil viðurkenning fyrir Martin.

Þessi öflugi bakvörður var tvívegis kjörinn nýliði vikunnar í NEC-deildinni en samherji hans, Njarðvíkingurinn Elvar Már Friðriksson, var einu sinni kjörinn nýliði vikunnar.

Annar liðsfélagi Martins, Nura Zanna, er í nýliðaúrvalinu ásamt þeim Junior Robinson úr Mount St. Francis, Marcquise Reed úr Robert Morris og Cane Broome úr Sacred Heart. **- tom**

# Aðeins titill gleður fólk í Kiel

Strákarnir hans Alfreðs Gíslasonar hjá Kiel eru á mikilli siglingu og líklegir til afreka í öllum keppnum. Líkt og alltaf er pressa á Alfreð að skila titlum í hús. Hann setur einnig mikla pressu á sjálfan sig að ná árangri.

**HANDBOLTI** Það er sannkallaður stórleikur í þýsku bikarkeppninni í kvöld er tvö bestu lið Þýskalands – Kiel og Rhein-Neckar Löwen – mætast í Mannheim. Þetta er leikur í átta liða úrslitum keppninnar og sigurvegarinn kemst því í „Final Four“-helgina. Leikurinn er í beinni á Stöð 2 Sport og hefst klukkan 18.00.

Kiel er með tveggja stiga forskot á Löwen í þýsku deildinni og sigurvegarinn í þessum leik verður ansi líklegur til þess að fara alla leið í keppninni.

„Þetta verður klárlega hörkuleikur. Bæði lið ætla sér á úrslitahelgina í Hamborg þannig að þetta verður athyglisvert,“ sagði Alfreð er Fréttablaðið sló á þráðinn til hans í gær. Hann var þá á kafi í undirbúningi fyrir leikinn enda ekki þekktur fyrir að slá slöku við.

### Tvö bestu lið landsins

„Ég held að það sé alveg á hreinu að þetta séu tvö bestu liðin í Þýskalandi í dag. Flensburg hefur verið óheppið með meiðsli en svo hafa strákarnir hans Geirs Sveinssonar í Magdeburg verið að spila rosalega vel síðustu mánuði.“

Það er nýr maður í brúnni hjá Löwen en Daninn Nicolaj Jacobsen tók við þjálfarastarfinu af Guðmundi Guðmundssyni. Alfreð segir að það sé ekki mikill munur á leikstíl liðsins þó svo það sé kominn nýr þjálfari.

„Þeir misstu tvo mikilvæga varnarmenn en að öðru leyti er þetta sama liðið. Þetta er nokkurn veginn sami boltinn en smá áherslubreytingar eins og eðlilegt er þegar það kemur nýr maður,“ segir Alfreð en það situr örugglega í leikmönnum Löwen að hafa misst af þýska meistaratitlinum til Kiel í fyrra á grátlegan hátt.

„Maður gleymir þessu ekki svo auðveldlega en svona er þetta. Þetta var virkilega sætt.“

Nokkrar breytingar urðu á liði Kiel milli ára og liðið fór frekar hægt af stað. Það er aftur á móti komið á mikla ferð núna og líklegt til afreka í öllum keppnum.

> **Maður gleymir ekki lokadeginum í fyrra auðveldlega. Það var virkilega sætt.**
>
> *Alfreð Gíslason.*

„Við byrjum eiginlega alltaf frekar illa og það var kannski ekki mjög óvænt þar sem ég var með þrjá nýja útispilara og svo meiddust bæði Aron Pálmarsson og Filip Jicha í byrjun. Það var erfitt að vera án þeirra lengi. Burtséð frá fyrsta mánuðinum þá höfum við verið að spila mjög vel og alltaf betur og betur. Liðið er á réttri leið þó svo Jicha sé ekki almennilega kominn inn í þetta og Aron hafi verið að detta út nokkrum sinnum.“

Aron kom auðvitað meiddur til Kiel eftir HM eftir að hafa fengið heilahristing. Hann tók því ekki þátt í fyrstu leikjum liðsins eftir dvölina í Katar.

„Staðan á honum virðist vera mjög góð núna. Það er ekki annað að sjá en að hann sé laus við allan hausverk og klár í bátana. Það munar um það fyrir okkur.“

Handan við hornið bíða leikir í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Kiel datt ekki í lukkupottinn þegar dregið var því Kiel spilar við nágranna sína og erkifjendur í Flensburg. Þessi lið mættust í úrslitum í fyrra og má því búast við hörkuleikjum.

„Svona er þetta bara. Ef maður ætlar að komast til Kölnar þá verður maður að mæta því sem kemur,“ segir Alfreð silkislakur og augljóslega ekki mikið að velta sér upp úr þessu.

„Við stefnum að því að vinna alla leiki og komast í allar úrslitakeppnir. Við gerum líka allt til að vinna deildina aftur. Þannig er þetta hérna en við tökum samt alltaf einn leik fyrir í einu. Ég gef aldrei upp mín persónulegu markmið en í Kiel er það þannig að það er aldrei neinn ánægður nema við verðum meistarar.“



**PRESSA** Það er ætlast til þess að Alfreð Gíslason skili titlum á hverju einasta ári hjá stórliði Kiel. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### Erfið kynslóðaskipti hjá Íslandi

Akureyringurinn Alfreð segir að það verði ekki eins miklar breytingar hjá liðinu næsta sumar. Helsta breytingin verður sú að báðir markverðir liðsins fara og tveir nýir koma. Annar þeirra er Daninn Niklas Landin sem ver mark Löwen í dag.

„Ég vildi endilega fá Landin og ætlaði að stilla honum upp með Johan Sjöstrand. Hann vildi samt frekar vera markvörður númer eitt hjá Melsungen þannig að við fengum annan í hans stað,“ segir Alfreð.

Hann fylgdist vel með á HM í Katar en hvernig líst Alfreð á framtíð landsliðsins eftir dapra frammistöðu liðsins í Katar?

„Ég veit það ekki alveg. Það eru kynslóðaskipti í gangi þarna sem gætu orðið erfið. Sérstaklega þar sem yngri leikmenn eins og Ólafarnir og Rúnar Kárason hafa verið mikið meiddir.“ **henry@frettabladid.is**

# 90 prósent líkur á að Gunnar keppi í Vegas

Það lítur allt út fyrir að Gunnar Nelson keppi á sama kvöldi og Conor McGregor þann 11. júlí í Las Vegas.

**MMA** „Það er áhugi hjá UFC að fá Gunna á UFC-kvöldið í Las Vegas í júlí. Þetta er stærsta bardagakvöld ársins,“ segir Haraldur Nelson, faðir og umboðsmaður Gunnars Nelson, en allt stefnir í að Gunnar keppi í Bandaríkjunum í fyrsta skipti í júlí.

Þá mun vinur og æfingafélagi Gunnars, Conor McGregor, keppa um heimsmeistaratitilinn í fjaðurvigt gegn Jose Aldo. Þetta kvöld er það stórt að einnig verður titilbardagi í veltivigtinni, sem er flokkurinn hans Gunna, þar sem meistarinn Robbie Lawler mun mæta Rory McDonald.

„Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð og þeir hafa sagt við mig að þeir vilji hafa Gunna á þessu kvöldi. Vonandi gengur það eftir. Ég á nú ekki endilega von á því að Gunni verði á meðal aðalbardaga kvöldsins því það er kominn titilbardagi í vigtinni hans þar. Það skiptir samt engu máli á svona stóru bardagakvöldi.“

Haraldur segir að þó bardagi Gunnars yrði ekki á meðal aðalbardaganna yrði hans bardagi samt líklega í sjónvarpinu þar sem Gunnar sé það hátt skrifaður.

„Ég myndi segja að það væru svona níutíu prósent líkur á því að það verði af þessu. Við erum að undirbúa okkur eins og það verði af þessu. Það kæmi mér mjög á óvart ef þetta gengi ekki upp. Það er samt ekkert vitað um neinn andstæðing heldur,“ segir Haraldur bjartsýnn.

„Ef af þessu verður þá mun Gunnar fara út nokkru áður enda langt ferðalag. Svo vill hann vera vel undirbúinn fyrir hvern þann andstæðing sem hann fær.“ **- hbg**



**HVAÐ NÆST?** Gunnar í sínum síðasta bardaga gegn Rick Story. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY







Trans - Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.05

### Margra barna mæður

Vandaður íslenskur þáttur þar sem sjónvarpskonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hittir konur sem eignast hafa fleiri börn en gengur og gerist í dag, fylgist með heimilislífinu og forvitnast um hvernig hlutirnir ganga fyrir sig á stórum heimilum.

## Í KVÖLD



### GREY'S ANATOMY

**STÖÐ 2 KLUKKAN 20.30** Ellefta sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



### JAMIE & JIMMY'S FOOD FIGHT CLUB

**STÖÐ 3 KLUKKAN 19.45** Sjónvarpskokkarnir geðþekku og æskuvinirnir Jamie Oliver og Jimmy Doherty leiða saman hesta sína í stórskemmtilegum þætti þar sem þeir fá til sín góða gesti til þess að taka áskorunum og bregða einnig á leik við aðra kokka þar sem þeir etja kappi í matargerð.



### THE MIDDLE

**STÖÐ 2 KLUKKAN 19.40** Fjórða röðin af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins. Það er aldrei lognmolla hjá Heck-fjölskyldunni þar sem ofurhúsmóðurin Frankie hefur í mörg horn að líta.

## FM 957 klukkan 07.00

### Morgunþáttur FM957

Ósk og Sverrir, hress í morgunsárið, á FM957.








## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** Victorious
**08.05** The Wonder Years
**08.30** Don't Trust the B*** in Apt 23
**08.55** Mindy Project
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.05** Touch
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Dallas
**13.55** The Kennedys
**14.45** The Great Escape
**15.30** Grallararnir
**15.55** Victorious
**16.20** The Goldbergs
**16.45** Raising Hope
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.06** Víkingalottó
**19.11** Veður
**19.20** Anger Management
**19.40** The Middle
**20.05** Margra barna mæðu
**20.30** Grey's Anatomy
**21.15** Togetherness
**21.40** Forever
**22.25** Bones
**23.10** Girls
**23.40** The Mentalist
**00.25** The Blacklist
**01.10** Person of Interest
**02.00** Major Crimes
**02.45** Chronicle
**04.10** Giv'em Hell Malone
**05.45** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**11.00** League Cup Highlights
**11.40** Arsenal - Monaco
**13.20** Bayer Leverkusen - Atletico Madrid
**15.00** Þýsku mörkin
**15.25** Fiorentina - Tottenham
**17.05** Evrópudeildarmörkin
**17.55** Rhein-Neckar Löwen - Kiel Bein útsending
**19.25** Shaqtin a Fool. Old School
**19.50** Liverpool - Burnley Bein útsending
**22.00** Rhein-Neckar Löwen - Kiel
**23.20** UFC Unleashed 2014 Páttur frá UFC.
**00.05** Real Madrid - Villarreal

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** Southampton - Crystal Palace
**08.40** Hull - Sunderland
**10.20** Aston Villa - WBA
**12.00** West Ham - Crystal Palace
**13.45** Premier League Review 2014/2015
**14.35** Hull - Sunderland
**16.15** Southampton - Crystal Palace
**17.55** Aston Villa - WBA
**19.35** Newcastle - Man. Utd. Bein útsending
**22.00** West Ham - Chelsea
**23.40** Liverpool - Burnley
**01.20** QPR - Arsenal

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Hot in Cleveland
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**20.30** Baby Daddy
**20.55** The Gates
**21.40** Arrow
**22.20** Sleepy Hollow
**23.50** Supernatural
**00.30** Hart of Dixie
**01.15** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**02.00** Baby Daddy
**02.20** The Gates
**03.05** Arrow
**03.45** Sleepy Hollow
**04.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Latibær**07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Kalli á þakinu **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Strumparnir **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.53** Sumardalsmyllan **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Latibær **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir **12.22** Kalli á þakinu **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Strumparnir **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tommi og Jenni **13.53** Sumardalsmyllan **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Latibær **15.55** UKI **16.00** Brunabílarnir **16.22** Kalli á þakinu**16.47** Ævintýraferðin **17.00** Strumparnir **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tommi og Jenni **17.53** Sumardalsmyllan **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór**18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Pétur og kötturinn Brandur **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.15** Friends
**18.40** New Girl
**19.00** Modern Family
**19.25** Two and a Half Men
**19.50** Heimsókn
**20.10** Sælkeraferðin
**20.30** Chuck
**21.15** Cold Case
**22.00** Game of Thrones
**22.55** 1600 Penn
**23.20** Ally McBeal
**00.05** Vice
**00.35** Heimsókn
**00.55** Sælkeraferðin
**01.15** Chuck
**02.00** Cold Case
**02.45** Game of Thrones
**03.35** 1600 Penn
**04.00** Ally McBeal
**04.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.45** Everything Must Go
**13.25** The Best Exotic Marigold Hotel
**15.25** Spy Kids 4
**16.50** Everything Must Go
**18.30** The Best Exotic Marigold Hotel
**20.30** Spy Kids 4
**22.00** Abduction
**23.45** Battle Los Angeles
**01.40** The Prey
**03.25** Abduction

## RÚV

**16.35** Mánudagsmorgnar
**17.20** Disneystundin
**17.21** Gló magnaða
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Fínni kostur
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Heilabrot
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Gettu betur
**21.15** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Marina Abramovic - Listamaðurinn er hér
**00.05** Kastljós
**00.30** Fréttir
**00.45** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.15** Cheers
**14.35** Jane the Virgin
**15.15** Parenthood
**15.55** Minute to Win It
**16.40** The Biggest Loser - Ísland
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** The Millers Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar armæðu. Aðalhlutverk er í höndum Wills Arnett. Nathan kynnist konu sem á eftir að hafa skelfilegar afleiðingar fyrir alla aðila sambandsins.
**20.10** Svali & Svavar
**20.45** Benched
**21.05** Remedy
**21.50** Blue Bloods
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Scandal
**00.00** CSI
**00.45** How to Get Away with Murder
**01.30** Remedy
**02.15** Blue Bloods
**03.00** The Tonight Show
**03.50** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015
**13.00** Golfing World 2015
**13.50** PGA Tour 2015
**18.50** Golfing World 2015
**19.40** PGA Tour 2015 - Highlights
**20.35** Golfing World 2015
**21.25** European Tour 2015

## HRINGBRAUT

**11.00** Atvinnulífið (e) **11.30** Neytendavaktin (e)**12.00** Atvinnulífið (e) **12.30** Neytendavaktin (e)**13.00** Atvinnulífið (e) **13.30** Neytendavaktin (e)**14.00** Atvinnulífið (e) **14.30** Neytendavaktin (e)**17.00** Atvinnulífið (e) **17.30** Neytendavaktin (e)**18.00** Atvinnulífið (e) **18.30** Neytendavaktin (e)**19.00** Atvinnulífið (e) **19.30** Neytendavaktin (e)**20.00** Atvinnulífið (e) **20.30** Neytendavaktin (e)**21.00** Mannamál **21.30** Heimsljós **22.00** Mannamál (e) **22.30** Heimsljós (e) **23.00** Mannamál (e) **23.30** Heimsljós (e)

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# LG SJÓNVÖRP

## FÁST Í SJÓNVARPSMIÐSTÖÐINNI!




**Flott 50" plasma háskerpusjónvarp frá LG – Fyrir þá sem vilja einfalt snjallsjónvarp með stórum skjá og frábærum myndgæðum.**

**Alvöru myndgæði**
Tækið er með 1920x1080 punkta háskerpu upplausn, 600Hz sub field driving, skerpu 3.000.000:1 og Triple XD Engine örgjörva. Tækið ræður því vel við hraðar myndir eins og fótbolta og hasarmyndir ásamt því að mikil skerpa og há upplausn gera öll almenn myndgæði mjög góð.

**Snjallsjónvarp**
Tækið er með opnum netvafra, Miracast til að senda efni frá spjaldtölvum og snjallsímum yfir á tækið og LG Cloud. Fjöldi annarra möguleika eins og tenging við Spotify, Youtube, Facebook og Twitter.

**Hljóðkerfi**
Tækið er með V-Audio Surround Plus hljóðkerfi sem gerir hljómburð eins og best verður á kosið í flatskjá, en einnig má fá við tækið soundbar heimabíókerfi til að auka hljómburð enn frekar.

**Tengimöguleikar**
Tækið er búið stafrænum móttakara og gerfihnatta-móttakara, og er með öllum þeim tengjum sem þarf að vera í góðu tæki í dag, þar á meðal þremur USB tengjum og þremur HDMI tengjum auk Scart tengis ef einhver vill tengja eldri DVD spilara eða afruglara við tækið.

**TILBOÐ**

**99.990**

VERÐ **119.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

LG

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

## BESTI SKYNDIBITINN



**„Svolítið erfið spurning því slagurinn stendur á milli þriggja staða, KFC, Nings og BK kjúklings, en þetta eru allt mínir uppáhaldsstaðir.“**

Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari

# Verður slegist um nýju línuna?

Ný lína er væntanleg í Söstrene Grene en slegist var um hliðarborð í versluninni í fyrra.

Verslanir Söstrene Grene í Smáralind og Kringlu eiga von á nýrri heimilislínu í vikunni og er þetta í fyrsta sinn sem svo stór lína kemur í búðir hjá þeim.

Síðastliðið haust kom, eins og frægt er orðið, lína með hliðarborðum frá þeim og var eftirspurnin svo mikil, þar sem borðin voru í takmörkuðu upplagi, að á tímabili var slegist um borðin í versluninni. Það má því jafnvel búast við því að beðið verði í röðum eftir nýju línunni. „Fólk hefur aðeins verið að hringja og forvitnast um línuna, en ég veit ekki hvort það verða raðir fyrir utan eins og með borðin. Við búumst svo sem ekki við því, en það verður bara að koma í ljós,“ segir Brynja Scheving, eigandi Söstrene Grene á Íslandi, aðspurð hvort þau búist við látum á föstudag.



**Fólk hefur aðeins verið að hringja og forvitnast um línuna, en ég veit ekki hvort það verða raðir fyrir utan eins og með borðin.**

*Brynja Scheving, eigandi Söstrene Grene.*

Húsbúnaðurinn, sem verður einungis í takmörkuðu upplagi, var væntanlegur til landsins í gær og reiknaði Brynja með að hann yrði kominn í verslanir á föstudagsmorgun. „Þetta er rosalega flott lína, smá svona „industrial“ fílingur. Við erum að fá í fyrsta sinn ljós og lampa ásamt fleiru fallegu,“ bætir hún við.



**VINSÆL** Ljósastæði sem þessi hafa verið vinsæl undanfarið svo búast má við að þau seljist upp.






# Alveg skilyrðislaus ást á múmínálfum

„Ég þarf að eiga þá alla og svo læri ég bara að elska þá ef í harðbakkann slær,“ Gestný Rós Guðrúnardóttir er forfallinn múmínálfaaðdáandi.

„Ég byrjaði að safna múmínálfabollum fyrir fjörutíu og níu vikum, þá gáfu mágkonur mínar mér mína fyrstu tvo bolla. Hundurinn minn braut annan svo ég fór og keypti nýjan. Svo átti ég afmæli og þá bættist við. Þá var ég komin með safn,“ segir Gestný Rós Guðrúnardóttir, múmínálfabollaaðdáandi og ötull safnari.

Gestný hefur komið sér upp veglegu safni sem samanstendur af þrjátíu og tveimur mismunandi bollum og sautján skálum merktum hinum finnsku múmínálfum. Að auki hefur hún sankað að sér múmínseglum á ísskápinn, sérstakri múmínsleif og -dós, svo eitthvað sé nefnt. Hún telur ekkert merkt Múmínálfunum sér óviðkomandi.

**Fýluferð til London**

„Við kærastinn skruppum til London í fyrra til að heimsækja tiltekna múmínbúð sem ég hafði haft augastað á í dálítinn tíma. Svekkelsið varð því umtalsvert þegar í ljós kom að ég átti þegar hvern einasta bolla sem þar var seldur. Ég kom sárlega tómhent heim,“ segir Gestný skúffuð og bætir við að henni þyki enginn múmínbolli ljótur. „Er bara hægt að sleppa því að kaupa einn bolla af því að hann er síðri en hinir? Ég þarf að eiga þá alla og svo læri ég bara að elska þá ef í harðbakkann slær. Hver einn og einasti er ómissandi fyrir heildina.“

**Draumurinn að komast í pílagrímsferð til Finnlands**

„Draumurinn er að komast í verksmiðjuna úti og kíkja í Múmínland. Toppurinn væri að fara með Írisi vinkonu minni en við ræðum stundum hve mikið okkur langar að leggja land undir fót og komast saman í góða múmínferð.“

Gestný hafði ekki vanið sig á kaffidrykkju fyrr en hún fór að hlaða í safnið. „Ég drakk aldrei kaffi fyrr en ég fékk þessa bolla, þá byrjaði ég á því til þess að njóta þeirra til fulls. Nú drekk ég alltof mikið kaffi,“ segir hinn ástríðufulli múmínbollasafnari.

Gestný kaupir marga bolla hérlendis en hún hefur einnig þurft að teygja sig út fyrir landsteinana eftir nýju efni. Dýrustu bollarnir í safninu hafi kostað hana tólf þúsund krónur hingað komnir.

„Reyndar ætlaði ég ekkert að segja frá þessu,“ segir hún og skellir upp úr. „Múmínálfarnir eru svo krúttlegir. Það er líka svo gaman að safna einhverju og allir hafa gaman af að fá sopa úr svona bolla,“ segir Gestný að lokum.

gudrun@frettabladid.is



**MÚMÍNGALLI OG BOLLASÝKI** Gestný Rós er mögulega einhver mesti múmínálfaaðdáandi á landinu og þótt víðar væri leitað.

MYND/KAMELA RÚN

**PANTAR AF NETINU** Gestný leitar fanga víða og eBay hefur gagnast henni vel. Þessir bollar kostuðu hana skildinginn en hún sér ekki eftir krónu.

**MÚMÍNBOLLASJÚK** Þessir eru hennar uppáhalds þótt hún sjái ekki ástæðu til að gera of mikið upp á milli þeirra.

**Ég drakk aldrei kaffi fyrr en ég fékk þessa bolla, þá byrjaði ég á því til þess að njóta þeirra til fulls. Nú drekk ég alltof mikið kaffi.**

*Gestný Rós Guðrúnardóttir Múmín-aðdáandi*

## FRÓÐLEIKUR UM HINA SÍVINSÆLU MÚMÍNBOLLA

- Bollarnir eru framleiddir af finnska keramikfyrirtækinu Arabia.
- Fyrsti múmínborðbúnaðurinn var framleiddur árið 1950.
- Múmínbollarnir eins og við þekkjum þá voru fyrst framleiddir árið 1990.
- Bollarnir eru hannaðir af Tove Slotte með teikningum eftir Tove og Lars Jansson.
- Þrjár til fimm nýjar tegundir af bollum eru framleiddar á hverju ári, með bollum sem framleiddir eru í takmörkuðu upplagi eins og jólaútgáfur.
- Einn verðmætasti bollinn var jólabollinn sem framleiddur var fyrir Fazer-kaffihúsið og Stockmann-stórverslunina, árið 2004. Aðeins voru gerð 400 stykki af honum og er hann falur á uppboðssíðum fyrir 300-650 þúsund íslenskar krónur.





**BROT AF SKÁLASAFNINU** Gestný er áhugasöm um allt sem tengist Múmínálfunum

# IÐNÞING 2015

## Erum við tilbúin fyrir næstu iðnbyltingu?

**Fimmtudaginn 5. mars, kl. 14 - 16**

**Hilton Reykjavík Nordica**

**Skráning á www.si.is**

*Leiðtogar fyrirtækja, sérfræðingar og ráðherrar ræða saman um samkeppnishæfan iðnað á grunni menntunar, nýsköpunar og framleiðni.*


Vilborg Einarsdóttir
Mentor


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
SA


Nýsköpun


Eyjólfur Árni Rafnsson
Mannvit


Almar Guðmundsson
SI


Dröfn Guðmundsdóttir
Nýherji


Georg Lúðvíksson
Meniga


Sigþór Sigurðsson
Hlaðbær Colas


Árni Oddur Þórðarson
Marel


Jón Sigurðsson
JS-hús


Jón A. Sveinsson
Krista/Ouest


Menntun


Sigrún Jenný Barðadóttir
Eimverk Distillery


Rannveig Rist
Rio Tinto Alcan


Jóna Jónsdóttir
Norðlenska matborðið


Guðrún Hafsteinsdóttir
SI


Ragnheiður Elín Árnadóttir
Iðnaðarráðherra


Andri Þór Guðmundsson
Ölgerðin


Bjarni Benediktsson
Fjármálaráðherra


Framleiðni

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Áslaug Arna sigurvegari

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir** stóð uppi sem sannkallaður sigurvegari á laugardagskvöldið þegar hún keppti fyrir hönd Orators, nemendafélags laganema, í hinni árlegu rimmu gegn Mágusi, nemendafélagi viðskiptafræðinema. Áslaug var valin ræðumaður kvöldsins og lið hennar rúllaði mótherjunum upp. „Við tókumst á um íslenska djammmenningu og bárum sigur úr býtum. Þetta er eldgömul hefð hjá deildunum og ötullega barist. Lagadeildin var þó duglegri að mæta, enda höfum við sigrað undanfarin ár,“ segir Áslaug sposk og bætir við að viðskiptafræðinemar hafi svo sem borið af í íþróttakeppnunum. - ga



### Ella til samtaka iðnaðarins

Elínrós Líndal Ragnarsdóttir, best þekkt sem eigandi og hönnuður fatamerkisins Ella Design, hefur hafið störf hjá Samtökum iðnaðarins. Ella mun þar starfa sem viðskiptastjóri og vinna sérstaklega fyrir hugverkaiðnaðinn. Fatnaður undir merkjum Ellu Design flaug hátt og var mjög vinsæll meðal íslensku kvenþjóðarinnar. Ella rak verslun um skeið í Ingólfsstræti en lokaði henni seint á síðasta ári. Meðal annars voru framleidd undir merkjum Ellu bæði fatnaður og ilmvötn. - fbj



## Mest lesið VÍSIR

1. Sérsveitin í útkalli á Suðurlandi: Kona miðaði byssu á 18 ára pilt
2. Múslimarnir okkar: Giftist múslima fyrir störfjölskylduna
3. „Ég átta mig ekki á því í hvaða samkvæmisleik ég er lentur“
4. Dómarar ósammála: Sýknaður af ákæru um að nauðga 16 ára stúlku
5. Bruni í sænskri námu: 165 mönnum bjargað
6. Leitin að Becky Watts: Líkamsleifar hafa fundist




